# FRÉTTABLAÐIÐ

303. TÖLUBLAÐ 15. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 29. DESEMBER 2015




**Önnum kafin fyrir austan** Fjöldi björgunarsveitarmanna var kallaður út vegna flóðahættu á Austurlandi í gærkvöldi. Sex hús voru rýmd á Eskifirði. Krapaflóð féll á bæinn Aðalból í Hrafnkelsdal í gærkvöldi. Björgunarsveitarmenn eyddu kvöldinu í að moka snjó frá og úr húsinu. **Sjá síðu 2** MYND/SINDRI FREYR SIGURÐSSON



Hart barist í jólatré. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Trítilóður köttur Vigdísar Hauks

**DÝRAHALD** „Það ríkir stríðsástand á heimilinu, kötturinn hleypur upp og niður jólatréð og er gjörsamlega trítilóður,“ segir alþingiskonan Vigdís Hauksdóttir sem um jólin etur kappi við köttinn Taco sem leggur fæð á jólakúlur. – gl / sjá síðu 38

## Skoteldasalan fer rólega af stað

**SAMFÉLAG** „Mesta salan er alltaf á gamlársdag þegar fólk er búið að átta sig á veðrinu,“ segir Lárus Björnsson, björgunarsveitamaður hjá Björgunarsveit Hafnarfjarðar, sem kveður skoteldasölu sem hófst í gær fara rólega af stað að venju. - ngy

# Mikið fjölgað á árinu hjá Kvennaathvarfinu

**Níu konur og börn dvöldu í Kvennaathvarfinu yfir jólin. Aukin framlög til athvarfsins á fjárlögum duga til launahækkana starfsfólks og aukins kostnaðar. Konum sem dvelja í athvarfinu hefur fjölgað um 20 prósent á milli ára.**

**OFBELDI** Mun fleiri hafa leitað til Kvennaathvarfsins á árinu sem er að líða en á síðasta ári. Í október höfðu fleiri komið í viðtöl til Kvennaathvarfsins en allt síðasta ár.

Þann tólfta janúar síðastliðinn skrifuðu Dagur B. Eggertsson borgarstjóri og Sigríður Björk Guðjónsdóttir, lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu, undir samstarfssamning um átak gegn ofbeldi. Markmið samningsins var að bæta verklag lögreglunnar og annarra fagaðila í heimilisofbeldismálum.

Sigþrúður Guðmundsdóttir, framkvæmdastýra Kvennaathvarfsins, segir að strax þá hafi mikil fjölgun orðið á þeim sem leituðu til athvarfsins vegna ofbeldis. „Það voru hundrað konur hjá okkur í dvöl í fyrra en þær verða að minnsta kosti 120 á þessu ári,“ segir Sigþrúður.

Að sögn Sigþrúðar skilar umræða í þjóðfélaginu sér jafnframt í fjölgun. Þá sé fagfólk duglegra að ráðleggja konum að leita til athvarfsins.

> **Það voru hundrað konur hjá okkur í dvöl í fyrra en þær verða að minnsta kosti 120 á þessu ári.**
>
> Sigþrúður Guðmundsdóttir, framkvæmdastýra Kvennaathvarfsins



Um jólin voru níu manns, konur og börn, í kvennaathvarfinu. Sigþrúður segir að þá leiti konur til athvarfsins á milli jóla og nýárs, alveg eins og gengur og gerist aðrar vikur ársins. Hún segir þó ekki endilega líklegra að konur komi á nýársnótt en jólanótt, þrátt fyrir að margir kunni að draga þá ályktun vegna mikillar áfengisneyslu um áramót.

„Með nýju verklagi lögreglunnar á að fækka þeim tilvikum þar sem konur koma á náttkjólnum úr miðju ofbeldisatviki. Það er algengt að við lesum í fjölmiðlum um fimm útköll vegna heimilisofbeldis þá nóttina en ekkert þeirra kom til okkar. Þær sem eru beittar ofbeldi á nýársnótt skila sér svo kannski tuttugasta janúar.“

Fjárframlag til Kvennaathvarfsins hækkaði um ríflega fimm milljónir á nýjum fjárlögum og verður 70,6 milljónir króna á árinu. Þá hefur athvarfið samning við Reykjavíkurborg um fjárframlög. Framlögin duga fyrir daglegum rekstri, launakostnaði starfsmanna, hita og rafmagni auk matar fyrir dvalarkonur og börn.

snaeros@frettabladid.is

## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Dóra Magnúsdóttir skrifar um íþróttaafrek kvenna og karla. 18-19

**SPORT** Frábært ár að baki hjá KR í DHL-höllinni. 20-22

**MENNING** Skrykkjótt ferðalag með Sporvagninum Girnd í Þjóðleikhúsinu. 30-33

**LÍFIÐ** „Við vorum búnar að vera að hugsa mikið um klakann sem er á gangstéttunum og hvernig það væri fyrir eldra fólk að ganga í svoleiðis færð,“ segir Sunna Dís Jónasdóttir sem ásamt systur sinni, Filippíu Lind Geirsdóttur, hertók bíl móður þeirra og þær bjóða öllum sem vilja upp á skutl án endurgjalds. 36-38




**PLÚS 1 SÉRBLAÐ ● FÓLK**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

## Veður




**Suðaustan 5-13 m/s.** Snjókoma um tíma sunnan- og vestanlands, en rigning eða slydda við ströndina. Á Norður- og Austurlandi hangir hann líklega þurr fram eftir degi. Hiti nálægt frostmarki. Snýst í norðaustanátt í kvöld og hvessir með slyddu eða snjókomu sunnan- og austanlands.
SJÁ SÍÐU 28

# Skokkað í jólaslyddu



Hlauparar virðast ekki ætla að láta veturinn stöðva sig. Vel búinn hópur tók góðan hring í Vesturbæ Reykjavíkur í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Hröktu ISIS-liða burt frá Ramadi

**ÍRAK** Íraski stjórnarherinn hefur frelsað borgina Ramadi úr klóm Íslamska ríkisins eftir vikulangan bardaga um borgina sem hefur verið lögð í rúst.

Yahya Rasul, hershöfðingi í íraska hernum, segir að sigurinn sé sögulegur viðburður.

Þrátt fyrir að stjórnarherinn í Írak hafi tekið við stjórn borgarinnar er enn eitthvað um mótspyrnu af hálfu liðsmanna Íslamska ríkisins.

Haider al-Abadi, forsætisráðherra Íraks, fagnar því að borgin hafi verið heimt úr höndum Íslamska ríkisins.

„2016 verður ár stórra úrslitasigra þegar Íslamska ríkið hefur verið upprætt í Írak,“ sagði Haider al-Abadi í sjónvarpsávarpi sem hann flutti í gær. **– srs**

## Hert eftirlit með mansali

**LÖGREGLUMÁL** Gissur Pétursson, forstjóri Vinnumálastofnunar, vill aukið eftirlit með vinnustöðum til að koma upp um mansal.

Gissur segir sér ekki koma á óvart að hátt í tuttugu manns hafi haft stöðu þolenda mansals á árinu.

Lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins, Sigríður Björk Guðjónsdóttir, greindi frá því í Fréttablaðinu í gær að sumir verkamenn hafi ekki fengið laun, vegabréf hafi verið tekin af þeim og þeir greint frá ótta um aðstæður sínar.

„Það er ekkert annað en heimsóknir á vinnustaðina sem gilda til að ganga úr skugga um að það sé verið að borga laun, sem viðkomandi upplýsir okkur um að hann ætli að gera. Það fáum við oft ekki fram nema með beinu samtali og hreinlega hálfgerðum yfirheyrslum,“ segir forstjóri Vinnumálastofnunar. **– kbg**

## Undrast skipan ráðherra í nefnd

**STJÓRNMÁL** „Okkur finnst það einkennilegt að forsætisráðherra skuli skipa nýja manneskju í nefndina þegar vinnunni er að ljúka,“ segir Brynhildur Pétursdóttir, þingflokksformaður Bjartrar framtíðar, um það að forsætisráðherra, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, skipar Valgerði Pálsdóttur, framkvæmdastjóra flokksins, í stjórnarskrárnefnd.

Björt framtíð gerði tillögu um Róbert Marshall, þingmann flokksins, sem aðalfulltrúa í nefndina en Valgerði til vara.

„Róbert hefur mætt á alla fundi nefndarinnar og verið okkar fulltrúi en hefur aldrei verið skipaður formlega. Við höfum furðað okkur á því en mér skilst að það sé vegna kynjakvóta. Við sjáum þó ekki hvernig það hallar á annað kynið í nefndinni eins og staðan er nú,“ segir Brynhildur. **– ngy**

# Innlyksa í skothúsi yfir nótt vegna krapaflóða

**Krapaflóð féll á bæinn Aðalból í Hrafnkelsdal í gærkvöldi. Einn sat fastur í veiðikofa innar í dalnum. Sex hús voru rýmd á Eskifirði í gær vegna hættu á flóðum.**

**BJÖRGUN** „Það er svona skothús hérna fyrir tófumenn þar sem þeir hafa verið að liggja fyrir tófu og hér er rúm og svefnpoki og allt þannig að maður hefur það bara fínt,“ segir Gísli Pálsson, bóndi á Aðalbóli í Hrafnkelsdal, norður af Eyjabakkajökli í Vatnajökli.

Krapaflóð féll á Aðalból í gærkvöldi og miklar leysingar og flóð eru í dalnum. Gísli var innlyksa í skothúsinu í dalbotninum og komst ekki heim á bæinn.

„Vatnið er ekkert farið að sjatna þannig að maður verður að bíða og sjá,“ segir Gísli, sem gerir ráð fyrir að komast heim núna undir morgun.

„Þetta var mikið flóð,“ segir Páll Pálsson, sem er einnig bóndi á Aðalbóli þar sem flóðið féll. Krapaflóðið var afar mikið og það náði upp að gluggum á annarri hæð hússins.

„Það fór inn í þrjú herbergi, þetta fór inn um glugga og einn glugginn fór alveg úr,“ segir Gísli. Björgunarsveitir komu að bænum á níunda tímanum í gærkvöld til að moka úr húsinu. „Þetta er ekki í fyrsta sinn sem krapaflóð fellur í dalnum. „Það hefur hlaupið krapaflóð hérna áður en þá slapp húsið.“

Ólöf Snæhólm Baldursdóttir, upplýsinga- og kynningarfulltrúi slysavarnafélagsins Landsbjargar, segir að björgunarsveitir fyrir austan hafi verið eitthvað í hreinsunum og lokunum. Óttast var að flóð kæmi í Grjótá í Eskifirði.

„Það var búist við krapaflóði niður ána og þau héldu að brúin væri í hættu og einhver hús, en það varð ekki,“ segir Ólöf en mest var að gera hjá björgunarsveitinni á Austurlandi í gær.



**Flóðið fór inn um þrjá glugga á bænum.** MYND/SINDRI FREYR SIGURÐSSON



**Bíll skemmdist þegar flóðið skall á bænum.** MYND/SINDRI FREYR SIGURÐSSON

Sex hús voru rýmd á Eskifirði í gær vegna flóðahættu í Grjótá. Lögreglan á Austurlandi tók ákvörðunina í samráði við almannavarnanefnd ríkislögreglustjóra. Fimm hús voru rýmd við Bleiksárhlíð og eitt við Tunguveg. **stefanrafn@frettabladid.is**

> **Það var búist við krapaflóði niður ána og þau héldu að brúin væri í hættu og einhver hús, en það varð ekki.**
>
> Ólöf Snæhólm Baldursdóttir



SÖLUSTAÐIR UM ALLT LAND 2015



# FLUGELDAMARKAÐIR BJÖRGUNARSVEITANNA

## SÖLUSTAÐIR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

**Reykjavík - Vesturbær**
- Risaflugeldamarkaður björgunarstöðinni Gróubúð, Grandagarði 1
- við Sundlaug Vesturbæjar

**Seltjarnarnes**
- Björgunarstöðin Gaujabúð við Suðurströnd

**Reykjavík - Austurbær**
- Risaflugeldamarkaður húsi Flugbjörgunarsveitarinnar, við Flugvallaveg
- við Elko í Skeifunni
- við Holtagarða
- við Heklu, Laugavegi
- Skátaheimili Skjöldunga, Sólheimum 21a
- Kringlan (við World Class)

**Reykjavík - Grafarvogur**
- Spöngin (við Bónus)

**Reykjavík - Breiðholt**
- við verslunina Hólagarði
- við verslunina Nettó í Mjódd

**Reykjavík - Árbær/Höfði**
- Risaflugeldamarkaður Malarhöfða 6
- Össur, Grjóthálsi
- Bílabúð Benna, Vagnhöfða 23
- Skátamiðstöðin, Hraunbæ 123 (við Bónus)

**Reykjavík - Grafarholt**
- Húsasmiðjan

**Reykjavík - Norðlingaholt**
- Norðlingabraut 1

**Kópavogur**
- Risaflugeldamarkaður björgunarmiðstöðinni við Bryggjuvör, Bakkabraut 4
- Nýbýlavegur (hjá Bónus)
- Kraftvélar
- Salalaug
- Krónan við Vallarkór 4

**Garðabær**
- Risaflugeldamarkaður við Bæjarbraut
- Kauptún á móti IKEA
- Skátaheimilið við Breiðumýri

**Hafnarfjörður**
- Risaflugeldamarkaður Björgunarmiðstöðinni Hvaleyrarbraut 32 (aðkoma frá Lónsbraut)
- Reykjavíkurvegur 48 (Hvalur)
- Tjarnarvellir

**Mosfellsbær**
- Björgunarsveitarhúsið, Völuteigi 23
- við Krónuna

**Kjalarnes**
- við áhaldahús (Þórnýjarbúð)

## SÖLUSTAÐIR UM ALLT LAND

**Akranes**
Björgunarmiðstöðin, Kalmansvöllum 2

**Borgarnes og Borgarfjörður**
Sólbakki 2
Bútæknihúsð á Hvanneyri
Björgunarsveitarhúsið Þorsteinsbúð, Reykholti

**Snæfellsnes sunnanvert**
Björgunarsveitarhúsið, Laugagerði

**Stykkishólmur**
Björgunarsveitarhúsið, Nesvegi 1a

**Grundarfjörður**
Björgunarhúsið, Sólvöllum 17a

**Rif**
Björgunarstöðin Von, Hafnargötu 1

**Búðardalur**
Björgunarsveitarhúsið, Vesturbraut 12

**Reykhólar**
Björgunarsveitarhúsið, Suðurbraut 5

**Patreksfjörður**
Björgunarsveitarhúsið Sigurðarbúð við Oddagötu

**Bíldudalur**
Björgunarsveitarhús Hafnarbraut 12

**Barðaströnd**
Brjánslækur

**Tálknafjörður**
Björgunarsveitarhúsið v/Strandgötu 42b

**Súðavík**
Björgunarsveitarhúsið Ákabúð

**Ísafjörður**
Félagsheimilið Hnífsdal

**Bolungarvík**
Björgunarsv.húsið, Hafnargötu 60

**Flateyri**
Bryggjuhúsinu

**Suðureyri**
Björgunarsveitarhúsið, Skólagötu 3

**Þingeyri**
Björgunarsveitarhúsið Stefánsbúð

**Drangsnes**
Björgunarsveitarhúsið, Grundargötu 21

**Hólmavík**
Rósubúð, Höfðagötu 9

**Blönduós**
Björgunarfélagshúsið, Efstubraut 3

**Skagaströnd**
Í húsi Rauða krossins

**Hvammstangi**
Björgunarsveitarhúsið Húnabúð, Höfðabraut 30

**Hofsós**
Björgunarsveitarhúsið við Skólagötu 1, (nýbygging)

**Varmahlíð**
Björgunarstöðin við Sauðárkróksbraut

**Sauðárkrókur**
Björgunarsveitarhúsið Sveinsbúð, Borgarröst 1

**Siglufjörður**
Þormóðsbúð, Tjarnargötu 18

**Eyjafjarðarsveit**
Hrafnagilsskóli

**Ólafsfjörður**
Námuvegi 2, (vestanverðu)

**Akureyri**
Risaflugeldamarkaður í húsnæði björgunarsveitarinnar Súlna, Hjalteyrargötu 12

**Grenivík**
Björgunarsveitarhúsið Ægisbúð

**Dalvík**
Gunnarsbraut 4

**Hrísey**
Björgunarsveitarhúsið, Ægisgötu 13

**Grímsey**
Björgunarsveitarhúsið

**Svalbarðseyri**
Valsárskóli

**Aðaldalur**
Hjálparsveitarhúsið, Iðjugerði 1

**Kópasker**
Björgunarsv.húsið, Bakkagötu 6

**Þingeyjarsveit**
Björgunarsveitarhúsið að Stóru-Tjörnum, Melgötu 9

**Raufarhöfn**
Björgunarsv.húsið Stjörnubúð

**Mývatnssveit**
Björgunarsveitarhúsið, Múlavegi 2

**Þórshöfn**
Björgunarsv. húsið Hafliðabúð, Fjarðarvegi 6

**Bakkafjörður**
Björgunarsveitarhúsið Arnarbúð

**Vopnafjörður**
Björgunarsveitarhúsið Vogabúð

**Egilsstaðir**
Björgunarsveitarhúsið, Miðási 1-5

**Seyðisfjörður**
Björgunarsveitarhúsið, Hafnargötu 17

**Eskifjörður**
Slysavarnahúsið, Strandgötu 11

**Reyðarfjörður**
Björgunarsv.húsið Þórðarbúð

**Borgarfjörður eystri**
Björgunarsveitarhúsið Heiði

**Djúpivogur**
Sambúð, Mörk 12

**Neskaupstaður**
Hempa, Strandgötu 44

**Breiðdalsvík**
Björgunarsv. húsið, Selnesi 8

**Fáskrúðsfjörður**
Slysavarnahúsið, Grímseyri 9

**Hornafjörður**
Hús Björgunarfélagsins, Álaugarvegi 9

**Kirkjubæjarklaustur**
Björgunarstöðin á Iðjuvöllum

**Skaftártunga**
Björgunarsveitin Stjarnan

**Álftaver**
Björgunarsveitin

**Vík**
Björgunarsveitarhúsið, Smiðjuvegi 15

**Vestur - Eyjafjöll** Heimaland
Björgunarsveitarhúsið, Bræðrabúð

**Hvolsvöllur**
Björgunarsveitarhúsið, Dufþaksbraut 10

**Landeyjar**
Björgunarsv.húsið Sléttuból

**Hella**
Flugbjörgunarsveitarhúsið, Dynskálum 34

**Vestmannaeyjar**
Björgunarfélagshúsið, Faxastíg 38

**Flúðir**
Björgunarsveitarhúsið, Smiðjustíg 8

**Skeiða- og Gnúpverjahreppur**
Árnesi

**Biskupstungur**
Bjarkarbraut 2, Reykholti

**Selfoss**
Björgunarmiðstöðin, Árvegi 1
Austurvegi 23

**Stokkseyri**
Söluskúr við Smiðshús

**Eyrarbakki**
Björgunarsveitarhúsið, Búðarstíg 21

**Þorlákshöfn**
Óseyrarbraut 10
Kiwanishúsið

**Laugarvatn**
við Samkaup-Strax, Dalbraut 6

**Hveragerði**
Hjálparsveitarhúsið, Austurmörk 9

**Reykjanesbær**
Björgunarsveitarhúsið, Holtsgötu 51

**Sandgerði**
Björgunarsveitarhúsið, Austurgarði 4-6 (við höfnina)

**Vogar**
Björgunarskýlið, Iðndal 5

**Garður**
Björgunarsveitarhúsið Þorsteinsbúð

**Grindavík**
Björgunarsveitarhúsið, Seljabót 10

SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG

*Víðtækt starf Slysavarnafélagsins Landsbjargar miðar að því að bjarga mannslífum, verðmætum og koma í veg fyrir slys. Um eitt hundrað sveitir sjálfboðaliða eru til taks allan sólarhringinn, alla daga ársins.*

*Flugeldasalan er helsta tekjulind björgunarsveitanna og getur skipt sköpum. Tryggðu eigið öryggi og keyptu flugeldana af okkur.*

# Enn berast kvartanir vegna hávaða frá Vaðlaheiðargöngunum

**AKUREYRI** Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra (HNE) hefur fengið á borð til sín nokkurn fjölda kvartana vegna hávaða frá blásurum loftræstikerfis Vaðlaheiðarganga. Síðastliðinn vetur fékk eftirlitið einnig kvartanir vegna hávaða. Var þá reynt að lágmarka hljóðið sem bærist til Akureyrar af þessum völdum. Alfreð Schiöth, heilbrigðisfulltrúi HNE, segir málið í vinnslu og vonast eftir úrbótum á nýju ári.

Alfreð segir nokkrar kvartanir hafa borist frá Akureyringum undanfarið og eru kvartanirnar dreifðar um allan bæ. „Dagsdaglega heyrist þetta hljóð ekki en undir vissum kringumstæðum fer fólk að heyra það,“ segir Alfreð. „Sérstaklega á kvöldin, þegar umferðarniðurinn er horfinn og í stilltu veðri eða örlitlum austanandvara greinir fólk þetta hljóð auðveldlega.“

Hitinn í göngunum Eyjafjarðarmegin gerir það að verkum að verktakar þurfa að blása lofti inn í göngin til að minnka gufumyndun í þeim. Því er gripið til þess ráðs að blása heitu lofti inn í göngin. Stórir blásarar standa því rétt við gangamunnann.

„Það sem veldur helst óþægindum er að þegar einstaklingar heyra þetta framandi hljóð sem þeir geta ekki staðsett eða greint, þá fara þeir að hlusta eftir þessu hljóði. Því er mjög erfitt að slíta þetta hljóð frá sér. Í því liggja óþægindin,“ segir Alfreð.


Blásið er heitu lofti inn í göngin til þess að bæta vinnuaðstæður í göngunum.

Starfsmenn verktaka við Vaðlaheiðargöng eru nú í jólafríi og hefur verktaki lækkað styrk blásarans niður í hálf afköst að beiðni heilbrigðiseftirlits. Gangagröftur Eyjafjarðarmegin mun hefjast á nýjan leik þann fjórða janúar og verður blásarinn settur aftur á full afköst deginum áður. Munu framkvæmdaaðilar við göngin fara í það eftir áramót að finna lausn á hávaðanum í samvinnu við HNE. **– sa**

# Fær engin svör um DV

**FJÖLMIÐLAR** „Það blasir við að þar sé eitthvað sem þolir ekki dagsljósið,“ segir Reynir Traustason, fyrrverandi ritstjóri DV, um að DV hafi hvorki haldið aðalfund né skilað ársreikningi til ársreikningaskrár, líkt og bar að gera fyrir ágústlok.


**Reynir Traustason, fyrrverandi ritstjóri DV**

Reynir, sem á 13 prósenta hlut í DV, segist ekki hafa fengið nein svör frá stjórnendum DV um hvenær aðalfundur verði haldinn né um hvort DV skuldi vörslugjöld eða um stöðu fjármála fyrirtækisins.

„Ég fékk það svar að ég væri samkeppnisaðili og mætti ekki vita þetta,“ segir Reynir sem á 20 prósenta hlut í fjölmiðlinum Stundinni.

Björn Ingi Hrafnsson, stjórnarformaður Pressunnar og DV, segir að til standi að halda aðalfund DV. Þá sé stefnt að skilum á ársreikningum áður en til álagningar sekta komi sem gæti orðið eftir 7. janúar. **– ih**

# Gert að eyða nektarmyndum

**ÞÝSKALAND** Hæstiréttur Þýskalands hefur gert ljósmyndara þar í landi að eyða öllum nektarmyndum og myndböndum af fyrrverandi kærustu sinni þó að hann hefði ekki í hyggju að dreifa efninu.

Konan hafði upphaflega samþykkt að sitja fyrir á nektarmyndum en dómstóllinn komst að því að samþykki hennar lauk þegar þau hættu saman. Í úrskurðinum segir að hver og ein manneskja eigi að hafa vald yfir því hve sýnilegt tilhugalíf sitt sé.

Þá segir þar að á meðan karlmaðurinn haldi í efnið hafi hann kúgunarvald yfir konunni. **– srs**

# Eigandinn deilir við bæinn um niðurníðslu á Friðarstöðum

**Niðurníðsla á jörðinni Friðarstöðum inn af þorpinu í Hveragerði er bæjaryfirvöldum þyrnir í augum. Bréf byggingarfulltrúa þar sem boðaðar voru dagsektir var kært til úrskurðarnefndar sem vísaði málinu frá.**

**DÓMSMÁL** Kæru eiganda býlisins Friðarstaða á hendur Hveragerðisbæ hefur verið vísað frá úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Eigandi Friðarstaða krafðist þess að úrskurðarnefndin ógilti bréf byggingarfulltrúa Hveragerðis sem skoraði á hann að koma ástandi mannvirkja á jörðinni í viðunandi horf. Ásigkomulagi og viðhaldi heimalóðar Friðarstaða og nokkurra mannvirkja þar sagði byggingarfulltrúinn vera svo ábótavant að hætta stafaði af. Einkum væri ástand gróðurhúsa afar slæmt sem og umgengni á lóðinni. Fór byggingarfulltrúinn fram á að ónýtir lausamunir yrðu fjarlægðir og að gengið yrði snyrtilega frá öðru. Þá sagði að yrði úrbótum ekki lokið 31. júlí 2015 á þessu ári yrði dagsektum beitt.

Meðal þess sem eigandi Friðarstaða segir í kæru sinni er að mál gróðurhússins sé til meðferðar hjá úrskurðarnefnd um viðlagatryggingu og ekki sé hægt að taka ákvörðun um það hús fyrr en niðurstaða liggi fyrir. Gróðurhúsið sé hluti dómsmáls milli eigandans og Hveragerðisbæjar. Líkur séu á að því máli verði skotið til Hæstaréttar og eigandinn telji sig ekki geta átt við það á meðan.

„Að öðru leyti sé umgengni á lögbýlinu ekki verri en hjá öðrum aðilum í atvinnurekstri í bænum,“ segir síðan áfram um sjónarmið kærandans í umfjöllun úrskurðarnefndarinnar. „Á lögbýlinu séu tveir bílar í eigu aðila sem misst hafi hús sitt í jarðskjálftanum í maí 2008 og flutt burt úr bænum. Hafi þeir lofað að taka bíla sína burtu og verið í samskiptum við sveitarfélagið þar að lútandi. Þá sé erfitt að átta sig á því nákvæmlega hvað við sé átt í bréfi skipulags- og byggingarfulltrúa varðandi véla- og tækjahluti.“


Útsendarar Fréttablaðsins veittu ástandi gróðurhúsa á Friðarstöðum eftirtekt á ferð sinni um Hveragerði í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

> **Að öðru leyti sé umgengni á lögbýlinu ekki verri en hjá öðrum aðilum í atvinnurekstri í bænum.**
>
> Um sjónarmið eiganda Friðarstaða í umfjöllun úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.

Hveragerðisbær benti fyrir sitt leyti á að dagsektir hefðu enn ekki formlega verið lagðar á eiganda Friðarstaða. „Umrædd gróðurhús hafi verið í niðurníðslu allt frá því að þau hafi verið úrelt árið 2007 með sérstöku samkomulagi milli ábúenda og landbúnaðarráðherra.“

Þrátt fyrir að Hveragerðisbær hafi bent eiganda Friðarstaða á að snúa sér til úrskurðarnefndarinnar væri hann ósáttur við innihald bréfs byggingarfulltrúans og sagði úrskurðarnefndin málið ekki heyra undir hana þar sem með bréfinu hefði ekki verið tekin lokaákvörðun í málinu. Hins vegar hefðu borist fréttir af því að dagsektir hefðu nú verið lagðar á eftir að meðferð málsins hófst en að engin kæra hefði borist vegna þeirrar ákvörðunar. gar@frettabladid.is

Umrædd gróðurhús hafi verið í niðurníðslu allt frá því að þau hafi verið úrelt árið 2007.

Um sjónarmið Hveragerðisbæjar í umfjöllun úrskurðarnefndar.

**gar@frettabladid.is**


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS




FERSKUR VEISLUFUGL MEÐ FYLLINGU

998 kr. kg

Veislufugl
Með fyllingu, ferskur

OPNUNARTÍMI
fyrir áramótin
29. DES. ÞRIÐJUDAGUR 11-18:30
30. DES. MIÐVIKUDAGUR 10-20
31. DES. GAMLÁRSDAGUR 10-15
OPNUM AFTUR Á NÝJU ÁRI
2. JAN. LAUGARDAGUR 10-18

BÓNUS

LÁGT VERÐ ALLA DAGA

# HIÐ EINA SANNA




## Hagkaups smjörsprautað kalkúnaskip

Undanfarin áratug hefur Hagkaup boðið upp á smjörsprautað kalkúnaskip sem er algjört lostæti og hefur slegið rækilega í gegn á hverju ári. Það er tilbúið beint í ofninn og eldamennskan ofur einföld.






### Ferskur íslenskur kalkúnn

Kalkúnninn hefur smám saman verið að ryðja sér til rúms á veisluborðum Íslendinga. Það er gaman að elda kalkún, því möguleikar í fyllingum og meðlæti eru óendanlega margir og ekki skemmir fyrir að kjötið bragðast einstaklega vel. Kjötið er fitusnautt, létt í maga og án nokkurra aukaefna.

### Maltgrís hamborgarhryggur

Sérvalinn og séralinn fyrir Hagkaup af svínabóndanum á Vallá Kjalarnesi. Grísinn er fóðraður á soðnu maltbyggi, humlum og öðru úrvals góðgæti frá bruggmeisturum Ölgerðarinnar. Grísinn er í góðu yfirlæti við kjötaðstæður sem gerir kjötið einstaklega meyrt og bragðgott.

## EINFALDLEGA MEIRA ÚRVAL











24 Hagkaup
OPIÐ
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan,
Spöng & Eiðistorg

Netgíró

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla




# Tekið á því í Alicante



**Um þúsund manns komu saman á hátíðinni Els enfarinats í Alicante á Spáni í gær. Fjöldi fólks tók þátt í hveitislag, fleygði eggjum og púðurkerlingum hvert í annað.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Gætu fyrst gripið til verkfallsaðgerða í mars

**Kúrsinn varðandi mögulegar aðgerðir í kjarabaráttu sjómanna verður ljós upp úr miðjum næsta mánuði. Stemning er talin fyrir því að taka slaginn við útgerðarmenn. Nokkrar vikur tekur bæði að kjósa um aðgerðir og koma þeim á.**

**KJARAMÁL** Um miðjan janúar er gert ráð fyrir að liggi fyrir afstaða sjómanna til mögulegra verkfallsaðgerða í deilu þeirra við útgerðarmenn. Valmundur Valmundsson, formaður Sjómannasambands Íslands, segir ráð fyrir því gert að samninganefnd sjómanna fundi um miðjan janúar. Félög sjómanna vinni hins vegar að því þessa dagana að kanna afstöðu sjómanna.

Upp úr viðræðum sjómanna og Sambands fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS) slitnaði hjá ríkissáttasemjara 4. desember síðastliðinn. Síðan hafa engar viðræður átt sér stað og ekkert heyrst, hvorki frá SFS né ríkissáttasemjara, segir Valmundur.

Á síðasta samningafundi hafi útgerðarmenn hins vegar lagt fram tilboð sem forysta sjómanna telji óásættanlegt. Það hafi verið í fjórum atriðum, þar sem þyngst hafi vegið tilboð um hækkun kauptryggingar sjómanna, þótt það hafi ekki verið nánar útfært. Þá hafi verið þarna atriði sem snúi að útfærslu á kostnaði og launagreiðslum, svo sem hækkun á viðmiði vegna olíuverðs þar sem tekið væri mið af erlendri verðbólgu og mánaðarlegt launauppgjör á ísfisktogurum. Í viðræðunum hafi hins vegar verið sett til hliðar erfiðari deilumál, svo sem krafa útgerðarmanna um aukna þátttöku sjómanna í kostnaði útgerða við veiðigjöld, tryggingagjald og kolefnisgjald og kröfu sjómanna um að allur fiskur fari á markað.

Valmundur segir afstöðu sjómanna kannaða í hverju sjómannafélagi fyrir sig og víða liggi niðurstaða fyrir. Þungt hljóð sé í sjómönnum og margir vilji láta sverfa til stáls. „Ég heyri mjög marga segja að þeir séu komnir með upp í kok af þessu ástandi,“ segir hann, en sjómenn hafa verið samningslausir frá því í ársbyrjun 2011. Þrír möguleikar séu í stöðunni, en það sé óbreytt ástand, að semja um síðasta tilboð útgerðarmanna eða boða til verkfallsaðgerða.

> **Ég heyri mjög marga segja að þeir séu komnir með upp í kok af þessu ástandi.**
>
> Valmundur Valmundsson, formaður Sjómannasambands Íslands



Vilji sjómenn fara í aðgerðir þá segir Valmundur það taka nokkurn tíma því aðdragandi að þeim sé nokkuð langur. „Þá þarf að fara fram allsherjaratkvæðagreiðsla sem tekur að minnsta kosti fjórar vikur því sum skip eru mánuð á sjó og ef sjómenn ákveða að fara í aðgerðir þá tekur við boðunarferli sem tekur þrjár vikur.“ Miðað við þetta gætu mögulegar aðgerðir sjómanna fyrst hafist þegar komið er fram í marsmánuð. **olikr@frettabladid.is**




VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR Á NÝJUM BMW X1

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

HELSTU DÓMSMÁL ÁRSINS 2015

Snærós Sindradóttir
snaeros@frettabladid.is

# Hleranir, smygl, kynferðisbrot, læknamistök og lyfjadeila



Snærós Sindradóttir
snaeros@frettabladid.is

**Þó nokkur dómsmál stóðu upp úr á árinu sem er að líða og vöktu athygli. Fréttablaðið sagði líka frá því að dómstólar væru undir miklu álagi og bíða þyrfti í níu mánuði eftir aðalmeðferð í einkamáli hjá Héraðsdómi Reykjavíkur. Þá höfðu aldrei fleiri dómar ratað í Hæstarétt. Tímagjald verjenda var hækkað um 65 prósent á árinu. Hér er farið yfir helstu mál ársins 2015.**




12. febrúar

## Útrásarmenn sitja inni

Hrunmálin svokölluðu voru mörg á árinu. Í febrúar voru Hreiðar Már Sigurðsson, Sigurður Einarsson, Ólafur Ólafsson og Magnús Guðmundsson dæmdir í fangelsi fyrir aðild sína að Al Thani-málinu svokallaða. Það taldist sannað að mennirnir hefðu haft viðskiptafléttu sem fólst í því að lána sjeiknum Al Thani fé til að kaupa fimm prósenta hlut í Kaupþingi, einungis nokkrum vikum fyrir íslenska fjármálahrunið. Með því var þeim gefið að sök að hafa brotið lög um verðbréfaviðskipti.

Í kjölfar dómsins skrifaði Ingibjörg Kristjánsdóttir, eiginkona Ólafs Ólafssonar, grein í Fréttablaðið þar sem hún sagði dóminn byggðan á misskilningi. „Hvað sem orðum hans líður er alveg dagljóst af lestri dómsins, að símtal tveggja manna þar sem „Óli“ kemur við sögu er lykilatriði fyrir sakfellingu eiginmanns míns í málinu. Það sem ég vildi vekja athygli á og fjölmörgum öðrum er kunnugt um er sú staðreynd að umræddur „Óli“ er bara allt annar maður en Ólafur Ólafsson.“

22. apríl

Í apríl ómerkti Hæstiréttur sýknudóm yfir fyrrverandi stjórnendum og eigendum Glitnis í Aurum-málinu. Jón Ásgeir Jóhannesson, Lárus Welding, Bjarni Jóhannesson og Magnús Arnar Arngrímsson höfðu á síðasta ári verið sýknaðir. Dómur Hæstaréttar sagði að ummæli Sverris Ólafssonar, dómara í málinu og bróður fyrrnefnds Ólafs Ólafssonar, gæfu tilefni til að ætla að hann hefði ekki verið óhlutdrægur við uppkvaðningu héraðsdómsins. Ummælin sneru að því að sérstakur saksóknari hafði í kjölfar héraðsdómsins gefið það út að hann hefði ekki vitað af tengslum Sverris og Ólafs.

„Ef hann vissi ekki af mínum tengslum, þá ber það vott um afskaplega léleg og yfirborðskennd vinnubrögð. Mér finnst viðbrögð hans, sko, hæpin og mér finnst þetta bera vott um örvæntingarfullar og jafnvel óheiðarlegar aðgerðir. Og hann grípur til þeirra á erfiðum tímum þegar trúverðugleiki hans stofnunar er eiginlega í molum,“ sagði Sverrir af því tilefni.

Önnur áberandi hrunmál á árinu voru Stím-málið, Ímon-málið og BK-44.



17. mars

## Sýknaður af leka á lögreglugögnum

Lögreglumaðurinn Gunnar Scheving var á árinu sýknaður af ákæru um að hafa deilt efni um sakborning úr LÖKE-kerfinu svokallaða. Áður hafði ákæruvaldið dregið til baka ákæru um að hann hefði gerst sekur um að fletta upp 40 konum án þess að uppflettingin hefði haft tilgang fyrir störf hans innan lögreglunnar.

„Þegar ég var í fangaklefa í Grindavík lá ég og vissi að líf mitt eins og ég þekkti það var búið,“ sagði Gunnar í viðtali í Fréttablaðinu í kjölfar málsins. Hann sneri síðan aftur til starfa innan lögreglunnar.



18. september

## Ekki skylt að veita lyf sem gátu læknað

Íslenska ríkið hafði betur gegn Fanneyju Björk Ásbjörnsdóttur í september en hún hafði stefnt ríkinu vegna þess að henni var synjað um lyf við lifrarbólgu C sem rannsóknir sýna að geti læknað sjúkdóm hennar. Á Íslandi eru notuð lyf sem þykja úrelt í nágrannalöndum okkar.

Málið fékk engu að síður farsælan endi en samningar náðust á milli lyfjafyrirtækisins Gilead og Landspítalans, með samþykki ríkisstjórnarinnar, um meðferðarátak til að útrýma lifrarbólgu C á landinu.



8. október

## Samvinnufús en sakfelld

Það kom saksóknara, verjendum og Mirjam Foekje van Twuijver á óvart þegar Héraðsdómur Reykjaness dæmdi hana í ellefu ára fangelsi fyrir að smygla inn ríflega tuttugu kílóum af fíkniefnum fyrr á þessu ári. Dómurinn fór nærri því að sprengja refsirammann þrátt fyrir að stærri fíkniefnamál bíðu afgreiðslu réttarkerfisins.

Mirjam kom fram í einlægu viðtali við Ísland í dag og lýsti því hvernig líf hennar hefði einkennst af fátækt, fíkniefnaneyslu og vændi í Hollandi. Hún gaf lögreglu allar þær upplýsingar sem hún átti um höfuðpaurana í málinu og tók þátt í tálbeituaðgerðum lögreglu.

Dómurinn varð tilefni viðbragða frá þingmönnum en Helgi Hrafn Ólafsson, þingmaður Pírata, sagði í samtali við Fréttablaðið: „Löggjafinn hefur tekið þá ákvörðun að refsa mjög þungt fyrir það að smygla ólöglegum vímuefnum til landsins og það er meðvituð ákvörðun og ætti ekki að koma neinum á óvart. Þetta er það sem Alþingi og að veigamiklum hluta samfélagið líka, því miður, ákvað að gera til að sporna við vímuefnaneyslu.“

13. ágúst

## Lög á verkfall háskólamanna

Í ágúst úrskurðaði Hæstiréttur að íslenska ríkinu hefði verið heimilt að setja lög á verkfall BHM líkt og gert var þann 13. júní. Verkfall hafði þá staðið í 68 daga.

Nýjustu vendingar í málinu eru þær að BHM hefur kært íslenska ríkið til Mannréttindadómstóls Evrópu.

20. nóvember

## Sýknaðir af hópnauðgun

Líklega vakti ekkert mál aðra eins athygli á árinu og hópnauðgunarmálið svokallaða. Aðdragandi þess var að í maí á síðasta ári kærði sextán ára stúlka fimm skólafélaga sína fyrir nauðgun í samkvæmi í Breiðholti. Fréttablaðið greindi frá því í júní að stúlkan hefði þurft að flytja af höfuðborgarsvæðinu og út á land til að reyna að ná áttum eftir málið.

Ákært var í málinu í sumar og dómur féll í lok nóvember. Allir mennirnir fimm voru sýknaðir af nauðgun en einn sakfelldur fyrir að taka upp myndband af samförunum. Gögn málsins sýndu myndband af myndbandinu sem annar félagi mannsins tók á sinn síma. Upprunalega myndbandinu hafði verið eytt.

Í kjölfar dómsins steig móðir stúlkunnar fram, fyrst með yfirlýsingu og síðar í viðtali við Ísland í dag. Þar sagði hún meðal annars að málið hefði fengið farsælli endi ef mennirnir hefðu játað strax fyrir lögreglu og beðist afsökunar. Þá hefði dóttir hennar líkast til dregið kæru sína til baka. Ríkissaksóknari hefur áfrýjað málinu til Hæstaréttar.



9. desember

## Mundi ekki hvort mistök voru gerð

Eitt fyrirferðarmesta dómsmál ársins var mál ríkissaksóknara gegn Ástu Kristínu Andrésdóttur hjúkrunarfræðingi og Landspítalanum. Ásta var ákærð á síðasta ári fyrir manndráp af gáleysi en þann 3. október 2012 lést sjúklingur á hennar vakt á gjörgæsludeild.

Það snerist nærri allt í höndum saksóknara þegar málið kom fyrir héraðsdóm. Ásta breytti framburði sínum fyrir dómi og bar fyrir sig minnisleysi um hvort mistökin, að tæma ekki barkaraufartúbu sem leiddi til köfnunar mannsins, hefðu átt sér stað. Innan við tveimur sólarhringum frá atvikinu hafði hún játað atvikið á sig fyrir lögreglu. Hún gaf þær skýringar fyrir breyttum framburði að hún hefði nánast fengið taugaáfall við þau tíðindi að hún hefði kannski orðið mannsbani.

Lykilvitni í málinu breyttu líka framburði sínum fyrir dómi. Samúð þjóðarinnar var gríðarleg með Ástu Kristínu sem lýsti því yfir að síðastliðin þrjú ár hefðu verið helvíti á jörðu fyrir hana.

Saksóknara tókst ekki að sanna að Ásta hefði gert þau mistök sem hún var ákærð fyrir og því var sýknudómur óhjákvæmilegur. Ekki verður ákært í málinu.


Vodafone styður Landsbjörg
Við erum stoltur styrktaraðili Slysavarnafélagsins Landsbjargar. Í björgunarsveitunum eru þúsundir sjálfboðaliða sem ávallt eru til taks og bregðast skjótt við þeim hættum sem steðja að landsmönnum, oftar en ekki við erfiðar aðstæður.
Við hvetjum landsmenn til að styðja við bakið á björgunarsveitunum.
Vodafone
Við tengjum þig
CAMP
SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG
TAIGA
STUBAI

# Ástand heimsins




**1.** **Bandaríski fáninn blaktir yfir húsarústum í bænum Rowlett í Texas. Margir stormsveipir hafa gengið yfir suðurríki Bandaríkjanna en að minnsta kosti ellefu manns hafa látist í Texas.** NORDICPHOTOS/AFP

**2.** **Íbúar í Kabúl í Afganistan horfa í gegn um brotinn glugga á bakarii þar í borg skömmu eftir að sjálfsvígssprengjumaður úr röðum talibana sprengdi sig í loft upp við bílalest hersveita Atlantshafsbandalagsins.** NORDICPHOTOS/AFP

**3.** **Robin Lopez, leikmaður New York Knicks, hlaut skurð í andlit í miðri viðureign liðsins við Atlanta Hawks í Georgíu í Bandaríkjunum á annan í jólum. Hawks bar sigur úr býtum.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

**4.** **Leigubílstjórar í York taka sér hlé frá vinnu og fá sér te í miðjum flóðum sem herja um þessar mundir á stóran hluta Englands. Nú aka þeir ekki á leigubílum heldur flytja fólk um á gúmmíbátum.** NORDICPHOTOS/AFP

**5.** **Jólasveinn í Serbíu tekur sér pásu í miðju jólasveinamaraþoni. Þann 27. desember ár hvert hlaupa hundruð jólasveina maraþon í Belgrad.** NORDICPHOTOS/AFP













Í DAG OG Á
MORGUN RENNA
5 KRÓNUR
AF HVERJUM LÍTRA HJÁ OLÍS OG ÓB TIL
SLYSAVARNAFÉLAGSINS
LANDSBJARGAR
SLYSAVARNAFÉLAGIÐ
LANDSBJÖRG
GEFUM & GLEÐJUM
GEFUM & GLEÐJUM verkefninu lýkur með þessu átaki en undanfarna 5 föstudaga hafa 5 önnur góðgerðarfélög fengið 5 krónur af hverjum seldum eldsneytislítra.
Slysavarnafélagið Landsbjörg eru landssamtök björgunarsveita og slysavarnadeilda á Íslandi. Starfsemin miðar að því að koma í veg fyrir slys og bjarga mannslífum og verðmætum. Í þeim tilgangi er öflugur hópur sjálfboðaliða um allt land til taks ef út af bregður, á nóttu sem degi, allt árið um kring.
olís
Vinur við veginn

Markhönnun ehf

# nettó

# Allt fyrir áramótaveisluna!



PEPSI 2 L - 6 FYRIR 4
796 KR PK

BURN - 0,5 L
298 KR STK

NÝTT

NÝTT

NÝTT

NÝTT

NÝTT

NÝTT

COOP SALTSTANGIR
189 KR STK

**Opið til 22:00 á Gamlársdag | Tilboðin gilda 28. – 31. des 2015**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.




**Opið til 22:00 á Gamlársdag | www.netto.is**

| Mjódd · Salavegur · Búðakór · Grandi · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |




Anna Sigrún og Þórlindur eru sammála um að ekki eigi að draga heilbrigðisstarfsmenn fyrir dóm vegna mistaka í starfi. Þau vilja líka fleiri flóttamenn til landsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Fyrirgefum meira og refsum minna

Anna Sigrún Baldursdóttir er aðstoðarmaður forstjóra Landspítalans og Þórlindur Kjartansson er ritstjóri Deiglunnar. Þau hittust yfir rjúkandi kaffibolla til að spjalla um verkföll, flóttamenn, refsingar og pólitík. Það sem stóð upp úr á innlendum vettvangi árið 2015.

Erla Björg Gunnarsdóttir
erlabjorg@365.is



*Anna Sigrún og Þórlindur hafa ekki hist áður. En eftir klukkutíma spjall á Kjarvalsstöðum finnst þeim alveg koma til greina að gerast vinir á Facebook. Þau kannast þó hvort við annað.*

**Anna Sigrún:** Ég þekki Þórlind úr umræðunni.

**Þórlindur:** Já, ég kannast við Önnu Sigrúnu. Ég fylgist samt orðið lítið með umræðunni. Ég hætti nefnilega á Facebook í eitt og hálft ár en byrjaði reyndar aftur nýlega, áður en ég átti afmæli. Mér fannst ég upplifa hvernig væri að deyja. Ég var alltaf á Facebook, var sniðugur og fékk mikið af lækum. Svo hætti ég og það breyttist ekkert. Facebook breyttist ekkert, líf mitt breyttist ekkert. Það eina sem ég fann var að stundum voru allir brjálaðir og ég hafði ekki hugmynd um hvað gekk á. Yfirleitt kom í ljós að þetta var afar ómerkileg umræða og óþarfa æsingur. Umræðan togar mann nefnilega áfram og Facebook fer að stjórna hvað maður setur inn í hausinn á sér. Maður verður svo mikill neytandi.

**Anna Sigrún:** Ég held samt að það sé til gagns og ég er ekki viss um að umræðan sé endilega óvægnari. Það eru bara fleiri sem geta sagt það sem þeim dettur í hug, þegar þeim dettur það í hug. Mér var gefin úrklippa úr Alþýðublaðinu frá 1934. Blaðið fannst inni í vegg hjá afa og ömmu sem að sjálfsögðu veggfóðruðu allt með Alþýðublaðinu. Frásögnin var frá fundi sjálfstæðismanna og þeir voru einfaldlega kallaðir fasistar. „Fundur hjá fasistum leystist upp þegar verkamenn veittu þeim hæfilega ráðningu.“ Það urðu einfaldlega slagsmál. Við erum alla vega ekki í því. Þetta var eins og hjá úkraínska þinginu. Þingmennirnir þar ættu kannski að fá sér Facebook.

**Eftirskjálftar verkfalla**

*Hvað er ykkur efst í huga þegar þið lítið yfir árið?*

**Anna Sigrún:** Verkföll heilbrigðisstétta eru mér náttúrulega ofarlega í huga og höfðu gríðarleg áhrif á starfsemi spítalans og víðar. Það mun taka einhver misseri, jafnvel ár, að vinna úr því. Annars vegar vegna biðlistanna sem hafa hlaðist upp en ekki síður vegna áhrifanna á vinnuumhverfið og stemninguna. Hún er mjög þung. Fyrst komu launahækkanir á lækna og svo þvingaðar launahækkanir hjá hinum. Þeirri kjaradeilu er ekki lokið. Það er búið að ákveða launin en deilunni er ekki lokið. Fólk er ósátt og óhresst með þetta.

*Hvernig horfir þetta mál við þér, Þórlindur, sem starfar ekki innan heilbrigðiskerfisins?*

**Þórlindur:** Það er vitað að launin eru ekki yfirgnæfandi ráðandi þáttur í vinnugleði vel menntaðs fólks sem vinnur þekkingarvinnu, eins og heilbrigðisfólk.

**Anna Sigrún:** Launin eru í fjórða til fimmta sæti.

**Þórlindur:** En það er sorglegt að skynja hvað heilbrigðisstarfsmenn eru orðnir langþreyttir á aðstæðunum sem þeir vinna í. Efnahagsleg áföll síðustu ára hafa

> **Verkföll heilbrigðisstétta eru mér náttúrulega ofarlega í huga og höfðu gríðarleg áhrif á starfsemi spítalans og víðar. Það mun taka einhver misseri, jafnvel ár, að vinna úr því. Annars vegar vegna biðlistanna sem hafa hlaðist upp en ekki síður vegna áhrifanna á vinnuumhverfið og stemninguna.**
>
> Anna Sigrún Baldursdóttir

> **Hvenær eru bankamenn beinlínis að svindla á fólki og hvenær taka þeir hæpnar ákvarðanir? Það er ekki alltaf réttarkerfisins að meta hvað sé rétt og rangt. Stundum er það siðferðisatriði en spurningin er: Hvað er refsivert?**
>
> Þórlindur Kjartansson

dregið úr tækifærum til að halda í við tækni, fólk lifir lengur og það eru fleiri krónískir sjúkdómar. Það eru alls konar þættir sem gera það að verkum að heilbrigðiskerfið er undir miklu álagi. Samt sem áður veit maður að fólk sem velur sér þessi störf vill ekki fara í verkfall. Þetta er köllunarstétt og flestir myndu vinna ókeypis ef þeir þyrftu. Það að þessar stéttir hafi á endanum þurft að fara í verkfall er því sorglegt og hefur eyðilagt mikið. Fyrir utan sjálfsmynd þeirra þá þurfti ríkisstjórnin að verjast þannig að þetta fór út í slag sem enginn vildi vera í. Það vilja nefnilega allir að heilbrigðisstarfsmenn fái góð laun, þetta er hetjustétt sem fólk lítur upp til og það sjá allir sinn hag í því að þeim líði vel. En það væri vel hægt að eyða allri landsframleiðslu hvaða lands sem er í heilbrigðisþjónustu og það er svo erfitt að draga línur. Það er aldrei sátt. Þess vegna hafði ég samúð með öllum í þessari baráttu.

*En lauk árinu ekki á jákvæðari nótum með dómsúrskurði í máli hjúkrunarfræðingsins?*

**Anna Sigrún:** Það var gríðarlegur léttir en það breytir þó ekki óvissunni sem enn ríkir. Það getur komið annað svona mál á morgun. Og hvað þá? Það er vinna sem þarf að ljúka, það þurfa að koma til breytingar á tilteknum lögum og verkferlum, hjá okkur, lögreglu og víðar.

**Þórlindur:** Mér fannst málið alveg út í hött frá fyrstu mínútu. Það að setja mistök í starfi heilbrigðisfólks í refsiréttarform eyðileggur hvernig þessi störf eru best unnin og þau eru best unnin af alúð, hugsjón og metnaði. Sjálfstæðum metnaði sem snýst ekki um laun heldur að gera það sem menn geta til að lina þjáningar. Segjum að hér verði náttúruhamfarir eða stórslys og læknar þurfi að vinna sleitulaust í 48 klukkustundir, en þurfi að segja sig frá störfum sínum því hættan á mistökum getur falið í sér fangelsisvist.

**Anna Sigrún:** Það getur margt farið úrskeiðis á spítölum og við viljum finna þau atriði og laga þau. Það er þessi öryggismenning sem við höfum tekið upp. Fólk verður að geta bent á eigin mistök og einnig á mistök kollega sinna. Maður gerir það ekki ef maður heldur að maður sé að koma þeim í vandræði.

**Þórlindur:** Ótti við refsingu kemur í veg fyrir heiðarlegt samtal.

**Refsigleði býr til óheiðarleika**

*En ef við færum okkur úr heilbrigðiskerfinu, hvað er þá það sem stendur upp úr Þórlindur?*

**Þórlindur:** Allir munu muna eftir árinu sem árinu þegar Ísland komst á EM í fótbolta. Það er mjög gleðilegt. Svo hafa þungir dómar fallið í þessum hrunsmálum. Fólk var búið að bíða ansi lengi eftir niðurstöðum. Ég hef kynnt mér eitt tilfelli ágætlega og er ekki sannfærður um að farið hafi verið nákvæmlega eftir því sem mér finnst reglur réttarríkisins segja til um. Það er mjög líklegt að margir af bankamönnunum gætu átt skilið að fara í fangelsi. Það þarf samt að gera það á réttan hátt og ekki hægt að búa til reglur eftir á. Það verða að gilda sömu reglur um sönnunarfærslu í þessum málum eins og öðrum. Það er nefnilega fín lína milli þess að gera hluti í góðri trú eða telja sjálfum sér trú um að maður sé að gera rétt. Því miður held ég að þessi dómaframkvæmd skýri ekki nægilega vel út hvað sé löglegt og hvað ekki. Hvenær eru bankamenn beinlínis að svindla á fólki og hvenær taka þeir hæpnar ákvarðanir? Það er ekki alltaf réttarkerfisins að meta hvað sé rétt og rangt. Stundum er það siðferðisatriði en spurningin er: Hvað er refsivert?

**Anna Sigrún:** Í máli hjúkrunar-

# ALVÖRU ÚTSALA Í MÚRBÚÐINNI!

**Ríflegur afsláttur af MÚRBÚÐARVERÐI – það er gott verð**

**Sturtuhorn og klefar** 15-30% AFSLÁTTUR

**Stálvaskar** 30% AFSLÁTTUR

**Plastkassar** 20-25% AFSLÁTTUR

**Keramik handlaugar** 20-50% AFSLÁTTUR

**Asaki bor-/skrúfvélar** 25-50% AFSLÁTTUR

**Harð-parket** 20-30% AFSLÁTTUR

**Ryksugur** (Iðnaðar & heimilsryksugur) 20-22% AFSLÁTTUR

**Flísar** 15-50% AFSLÁTTUR

**WC** 20-25% AFSLÁTTUR

**Verkfæri** 25-40% AFSLÁTTUR

**Gúmmí-mottur** 25% AFSLÁTTUR

**Háþrýsti-dælur** 20% AFSLÁTTUR

**Smávörur allt að** 50% AFSLÁTTUR

**Verkfæra-kistur** 20-30% AFSLÁTTUR

**BoZZ hitastýrð blöndunartæki** 20% AFSLÁTTUR

**og ótal margt fleira!**

| | | |
|---|---|---|
| **Reykjavík** | Kletthálsi 7. | Opið virka daga kl. 8 -18, laug. 10-16 |
| **Reykjanesbær** | Fuglavík 18. | Opið virka daga kl. 8 -18 |

Meiri gæði / Lægra verð / MÚRBÚÐIN

**MÚRBÚÐIN**

*Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is*

*Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!*

fræðingsins kom berlega í ljós að raunveruleiki spítalans endurspeglaðist ekki í dómssal. Gæti það verið sambærilegt við þetta stóra og flókna bankaumhverfi?
**Þórlindur:** Algjörlega. Það er augljóst á lestri dómanna og skiljanlegt þar sem dómarar eru að skoða hlutina mörgum árum seinna. Þeir ná ekki utan um aðstæðurnar. Það er vandasamt hvernig eigi að beita réttarfari á svo síbreytilega hluti.
**Anna Sigrún:** Það skiptir miklu máli að maður hafi tiltrú á kerfinu. Talandi um minnkandi trú á kerfinu dettur manni í hug uppreisn ungra kvenna á samfélagsmiðlunum. Þær höfðu greinilega ekki trú á dómskerfinu þegar kom að kynferðisglæpum. Kannski er fólk að ýta við dómskerfinu og hræra í því – biðja það um að koma með okkur á 21. öldina.
**Þórlindur:** Það er margt sem gerist í samskiptum fólks sem er leyst án aðkomu dómskerfisins. Margir geta leyst úr málum með samtali, með því að iðrast og fyrirgefa. Það er spurning hvort of mikil refsigleði sé að þróast og kannski út af látum á samfélagsmiðlunum. Það þurfa að vera refsingar en of mikil refsigleði grefur undan vilja fólks til að viðurkenna mistök, iðrast og biðjast fyrirgefningar og eykur feluleik og óheiðarleika.
**Anna Sigrún:** Við viljum jákvæða styrkingu!


Anna Sigrún og Þórlindur segja Helga Hrafn þingmann ársins og hrósa Unni Brá fyrir vasklega framgöngu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**Nóg skjól á Íslandi**
*Út frá spjalli um þrýsting á samfélagsmiðlum færum við talið yfir í flóttamannamálin.*
**Anna Sigrún:** Ég er ekki týpan sem er mikið í þeim málum. En það gerðist eitthvað við þessa þungu bylgju sem kom þegar albönsku fjölskyldunum var vísað úr landi. Það náði svona kellingu eins og mér. Því ég hef óþægilega mikinn skilning á kerfinu eftir að hafa unnið í því. Það er ekki eins og fólki gangi eitthvað illt til og hlutirnir eru oft flóknari en þeir eru settir fram á samfélagsmiðlunum. En svo varð mér hugsað til Gutta míns (Guðbjartur Hannesson) – en andlát hans var mesta áfall ársins. Hann sagði alltaf: „Anna, það eru reglurnar og svo er það raunveruleikinn.“ Og þar vorum við. Ég kunni alveg reglurnar en svo sá ég mynd af þessum litla dreng og hugsaði: „Þetta er raunveruleikinn!“

> Það gerðist eitthvað við þessa þungu bylgju sem kom þegar albönsku fjölskyldunum var vísað úr landi. Það náði svona kellingu eins og mér.
>
> Anna Sigrún Baldursdóttir

> Ef Ísland hefði verið eitt af örfáum löndum í heiminum sem hefði opnað fyrir flóttagyðinga og það hefðu flust hingað þúsund manns. Væri það ekki bara rosalega gott?
>
> Þórlindur Kjartansson

**Þórlindur:** Það eru rosalega miklar hræringar í heiminum og mér finnst eina vitið að líta á það sem tækifæri fyrir okkur til að fá fleira fólk til landsins – sem vill búa hérna og vinna. Einhverjir vilja bara komast í skjól og hér er nóg skjól. Það er engin hætta sem fylgir því. Kannski óþægindi fyrir einhverja en það er algjört smáatriði og skiptir engu máli. Hér eru tveir pólar; annars vegar þeir sem ala á ótta sem er hryllingur og stórhættulegt. Hins vegar það sem sumir kalla tilfinningaklám. Báðir pólar eru mannlegir. Óttinn er til í okkur öllum – okkur er eðlislægt að vera hrædd við það sem við þekkjum ekki en á sama tíma er okkur eðlislægt að sjá einstaklinginn, sýna væntumþykju og finna þörf fyrir að hjálpa. Þótt það sé vissulega rétt að við getum ekki hjálpað öllum, þýðir það samt ekki að við getum ekki hjálpað neinum. Ef Ísland hefði verið eitt af örfáum löndum í heiminum sem hefði opnað fyrir flóttagyðinga og það hefðu flust hingað þúsund manns. Væri það ekki bara rosalega gott?
**Anna Sigrún:** Þetta er annað tækifæri. Við klikkuðum síðast og ætlum ekki að klikka aftur. Það er sama orðræða í gangi í samfélaginu núna og var á þessum árum. Við létum orðræðuna vinna þá en núna eru einhver öfl sem gætu staðið gegn því. Við vitum aðeins meira og kannski hefur okkur vaxið einhver mennska.

**Helgi Hrafn þingmaður ársins**
*Tíminn er á þrotum. Ég rétt næ að skjóta inn pólitíkinni. Hvernig hefur ríkisstjórnin staðið sig? Og hver er þingmaður ársins?*
**Þórlindur:** Það er alveg augljóst hver er maður ársins. Það er engin samkeppni um það. Það er Helgi Hrafn. Og sem betur fer hefur málflutningur hans, hispursleysi og einlægni haft jákvæð áhrif á aðra þingmenn.
**Anna Sigrún:** Ég er alveg sammála og einlægnin er lykilatriði. Maður heyrir þegar Helgi talar að hann vill gera vel, gera gott og vera sanngjarn.
**Þórlindur:** Hann er ekki í neinum höfðingjaleik og það er engin þolinmæði fyrir slíku. Það er bara þannig. Það er ekki þolinmæði fyrir höfðingjaleik á vinnustöðum, í embættismannakerfinu og ekki hjá stjórnmálamönnum. Það þýðir ekki að fólk geti ekki verið leiðtogar. Annars hef ég verið mjög ánægður með marga samflokksmenn í Sjálfstæðisflokknum. Til dæmis Unni Brá sem mér finnst hafa staðið sig mjög vel.
**Anna Sigrún** (hlæjandi): Unnur Brá er uppáhalds íhaldið mitt.
**Þórlindur:** Varðandi ríkisstjórnina þá hafa verið mikil læti og margar ástæður til að vera pirraður yfir alls konar hlutum. Ríkisstjórnin hefur ekki raunverulegt vald yfir mörgu en henni er að takast að gera ákveðna hluti. Besta dæmið er að það virðist vera að sjá fyrir endann á meðferð á slitabúum bankanna. Það er því ekki hægt að segja að þetta sé algjörlega misheppnað.
**Anna Sigrún:** Ekki algjörlega misheppnað, nei?
**Þórlindur:** Það má ekki snúa út úr því. Það er alveg sama hvaða ríkisstjórn er við völd, það eru gerðar óraunhæfar kröfur og við vitum í hjarta okkar að það er þannig. En svo pirrum við okkur á hvernig menn haga sér og tala en það er bara truflun frá raunveruleikanum. Engin ríkisstjórn læknar öll þjóðarmein. Það eru mistök ef ríkisstjórn gefur sig út fyrir að ætla að gera það.
**Anna Sigrún:** Ráðherradómur er ekki þægileg innivinna. Það getur tekið góð tvö ár að átta sig á því hverju maður ræður og hverju ekki. Það kemur samt á óvart, miðað við hversu ómöguleg síðasta ríkisstjórn var að mati núverandi ríkisstjórnar, hversu lítið hefur komið frá henni. Annaðhvort munu nú koma fimmtán frumvörp á dag eða þau eru að vanda sig svona svakalega fyrir síðasta árið.
Annars finnst mér Bjarni Ben vera maður ríkisstjórnarinnar. Það er maðurinn sem hefur komið hlutunum í verk, það er þaðan sem málin koma og þar sem hlutirnir gerast.
*Og hver verður svo kosinn forseti Íslands á næsta ári?*
**Anna Sigrún:** Ég er í samtökunum Forsetalaust Ísland 2016. Mér finnst þetta ekki viðeigandi embætti, finnst það óskýrt og sé ekki tilganginn með því. Þannig að ég hef aldrei kosið forseta.
**Þórlindur:** Coby Bryant – leikmaður Lakers – byrjaði sinn feril 1996. Þetta er hans síðasta tímabil. Það gengur rosalega illa hjá honum en hann er búinn að eiga glæstan feril. Vinna marga titla. Maður getur verið þakklátur fyrir það. Svo átta menn sig á því að allt hefur sinn tíma.

Átak til atvinnusköpunar
# Á markað með snjallt nýsköpunarverkefni?
Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið auglýsir eftir **umsóknum um styrki** úr verkefninu **Átak til atvinnusköpunar.** Veittir eru styrkir til **nýsköpunarverkefna og markaðsaðgerða** starfandi frumkvöðla og nýsköpunarfyrirtækja.
**Markmið verkefnisins:**
- Að styðja við þróun nýsköpunarhugmynda á fyrri stigum sem hlotið gætu frekari fjármögnun sjóða og fjárfesta
- Að styðja við undirbúning og framkvæmd markaðsaðgerða frumkvöðla og fyrirtækja

**Sérstök áhersla er lögð á**
- Hönnun
- Afþreyingu í ferðaþjónustu

Nánari upplýsingar og rafræn umsóknareyðublöð eru á **www.nmi.is**
Beiðni um upplýsingar og aðstoð má senda á netfangið: hildur@nmi.is
**Umsóknarfrestur til kl. 12:00 á hádegi þann 21. janúar 2016**
Nýsköpunarmiðstöð Íslands
Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
Átak til atvinnusköpunar

netto

# Humarveisla

HS SKELBROT
1 KG BLANDAÐ
**3.898 kr**

HUMAR ÁN SKELJAR
1 KG POKI
**3.998 kr**

HUMAR
2 KG ASKJA
**8.998 kr**

HUMAR VIP ASKJA
800 G
**6.570 kr**

KJÖTSEL

40% AFSLÁTTUR

**599 kr/kg**

# Kjötsel reyktur svínabógur

40% AFSLÁTTUR

KJÖTSEL
HAMBORGARHRYGGUR
**1.076 kr/kg**

40% AFSLÁTTUR

STJÖRNUGRÍS
SÆNSK JÓLASKINKA
**1.199 kr/kg**

25% AFSLÁTTUR

DÁDÝRAVÖÐVI
NÝSJÁLENSKIR
**2.999 kr/kg**

20% AFSLÁTTUR

KENGÚRUFILLE
**3.198 kr/kg**

**www.netto.is | Tilboðin gilda 29. - 31. des. 2015**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

# Sögulærdómur



**Óli Kristján Ármannsson**
olikr@frettabladid.is

Auðvelt er að gleyma því í gleði jólahátíðarinnar og aðdraganda áramóta að í heiminum eru í dag uppi aðstæður sem ekki er að finna hliðstæðu við nema að leita áratugi aftur í tímann. Rétt fyrir jól var frá því greint að á árinu hafi meira en milljón flóttamenn komið til Evrópu, tæp 973 þúsund sjóleiðina yfir Miðjarðarhafið og yfir 34 þúsund landleiðina frá Tyrklandi.

Fólkið flýr hörmungar til að bjarga lífi sínu og lendir í hörmungum á flótta sínum. Þannig er talið að fjögur þúsund manns hafi drukknað á leiðinni yfir Miðjarðarhafið. Þessu fólki hefði mátt bjarga með því að standa betur að móttöku þess Evrópumegin, þar sem nú virðist, í kreppulok og skugga hryðjuverkaógnar, frjór jarðvegur fyrir útlendingaandúð og þjóðernishyggjuraus.

Í predikun sem séra Davíð Þór Jónsson flutti á aðfangadag í Eskifjarðarkirkju og í Þingmúlakirkju á jóladag bendir hann á að mesta ógnin við öryggi Evrópu nú um stundir sé lýðskrum, þjóðremba og skeytingarleysi almennra borgara. „Sagan kennir okkur að slíku fylgir mun víðtækari tortíming og dauði en misstórum og miseinangruðum hópum vopnaðra brjálæðinga,“ segir hann.

Síðast hafi ástand af þessu tagi leitt til heimsstyrjaldar þar sem 70 milljónir manna um heim allan létu lífið, hermenn sem óbreyttir borgarar, þar af sex milljónir í útrýmingarbúðum. Upphafið hafi hins vegar verið tiltölulega sakleysislegt.

„Fyrst var varað við fólki af ákveðnum uppruna og samneyti við það af því að þetta fólk blandaðist ekki öðrum og hélt fast í siði sína og venjur.“ Við hafi tekið samsæriskenningarnar og svo sniðganga á verslunum og fyrirtækjum fólks, bænahúsum hafi verið lokað og bygging þeirra bönnuð. „Látið var óátalið að fólk neitaði að leigja því íbúðarhúsnæði vegna trúar þess og uppruna. Gott en grunnhyggið fólk hafði einfaldlega verið gert logandi hrætt við þennan hóp samborgara sinna. Ferðafrelsi þeirra var skert, bakgrunnur fólks var kannaður rækilega til að grennslast fyrir um uppruna þess, ætterni og sögu.“

Davíð Þór spyr hvort þetta hljómi kunnuglega? Hvort fólk hafi orðið vart við málflutning hjá stjórnmálamönnum sem beinlínis miði að því að næra og styrkja þessar kenndir? Hvort þess hafi orðið vart að kynt sé undir ótta og tortryggni í garð þess minnihlutahóps, sem kannski standi einmitt höllustum fæti í samfélagi okkar fyrir, í von um vinsældir og atkvæði? Og jú, það er ekki laust við að svo sé.

Þess vegna er mikilvægt að muna að hatursorðræðan byggir á sandi. Hér er atvinnuleysi að nálgast sögulegt lágmark og hryðjuverkaógn í Evrópu oft verið meiri á undangengnum áratugum. Antonio Guterres, yfirmaður Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna, bendir líka á að flóttafólk geti haft margt mikilvægt fram að færa í þeim löndum sem það flytur til.

Hér veitir okkur ekkert af fjölbreytninni og sagan sýnir okkur hversu mikilvægt er að spyrna við fótum þegar fáfræði og fordómar ná flugi.

**Hér er atvinnuleysi að nálgast sögulegt lágmark og hryðjuverkaógn í Evrópu oft verið meiri á undangengnum áratugum.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Daunninn í þingsalnum**

**„Tillagan ber vott um vaxandi stjórnlyndi þar sem lýðræðislegir ferlar og grundvallaratriði í verkaskiptingu eru brotin þegar þeir sérfræðingar sem við höfum treyst til að reka þetta land eru í vaxandi mæli sniðgengnir,“ segir Andri Snær Magnason á vefsíðu sinni um tillögu forsætisráðherra um byggingu á nýju þinghúsi. Andri Snær hefur lög að mæla en þó að hugmynd forsætisráðherra sé umdeild er ekki vafi á því að byggja þarf nýtt þinghús. Alþingi hefur fyrir löngu sprengt utan af sér. Pistlahöfundur vill að minnsta kosti ekki gera sér í hugarlund hvernig þefurinn er í litla þingsalnum í miðri maraþonatkvæðagreiðslu um fjárlög hvers árs.**

**Ummælin erfð?**

**Fréttablaðið greinir frá því að forsætisráðherra hefur skipað Valgerði Pálsdóttur, framkvæmdastjóra Bjartrar framtíðar, sem aðalmann í stjórnarskrárnefnd þrátt fyrir að Björt framtíð hafi tilnefnt Róbert Marshall sem aðalmann og Valgerði til vara. Skipunin setur slæmt fordæmi ef ráðherrar geta tekið fram fyrir hendurnar á stjórnmálaflokkum með þessum hætti. Ef til vill hefur Sigmundur Davíð horn í síðu Róberts en skemmst er að minnast þess að Róbert kallaði Sigmund lágkúrulegasta forsætisráðherra Íslandssögunnar. Ef til vill erfir Sigmundur ummælin.**

**stefanrafn@frettabladid.is**

# Af íþróttaafrekum kvenna og karla



**Dóra Magnúsdóttir**
situr í Íþrótta- og tómstundaráði

Tilkynnt verður um Íþróttamann ársins, sem valinn er af Samtökum íþróttafréttamanna, þann 30. desember nk. Kjörið hefur vakið athygli á undanförnum árum vegna gríðarlegs kynjahalla. Þannig hefur umræðan um ójafnréttið skyggt á glæsileg afrek þess íþróttafólks sem hlotið hefur verðlaunin. Frá árinu 1956 hafa fjórar konur verið sæmdar þessari heiðursnafnbót en 55 karlar.

Óvíða er ójafnréttið meira en í íþróttum. Glöggir femínistar hafa kortlagt umfjöllun á íþróttafréttasíðum dagblaðanna á árinu og komist að því að umfjöllun um afrek kvenna er á bilinu 0-10%. Í fréttabréfi íþróttafélags barnanna minna, þar sem dóttir mín og sonur æfa sínar íþróttir, mátti sjá 23 myndir tengdar greinum af strákastarfinu, fimm myndir af stelpum og tíu myndir voru kynhlutlausar. Fréttnæmt þótti á árinu að drengjalið fékk stóran bikar en stúlkur lítinn bikar á ónefndu íþróttamóti; sama mót, sami aldur og sama íþrótt. Um mistök var að ræða en einhverra hluta vegna fór þetta ekki á hinn veginn; að drengirnir fengu óvart litla bikarinn. Meira er lagt í aðstöðu fyrir íþróttir sem eru vinsælli meðal drengja (s.s. fótbolta) og minna í aðstöðu fyrir íþróttir sem eru vinsælli meðal stúlkna (s.s. fimleika). Meira fé er varið í íþróttastarf karla, þeir hafa meiri möguleika á að starfa sem atvinnumenn í íþróttum og ungar stúlkur hætta fyrr að stunda íþróttir.

Og svo framvegis.

ÍTR skoraði nýlega á samtökin að velja bæði íþróttamann og íþróttakonu ársins og auka þannig sýnileika kvenna í íþróttum: *„Íþrótta- og tómstundaráð Reykjavíkur vill skora á Samtök íþróttafréttamanna, sem standa árlega að vali Íþróttamanns Íslands, að breyta núverandi fyrirkomulagi þannig að bæði verði fyrir valinu Íþróttamaður og Íþróttakona Íslands. Fyrirmyndir hvetja ungt fólk til frekari dáða og því mikilvægt að bæði kynin séu sýnileg börnum og ungmennum.“* Ef samtökin taka þetta mikilvæga skref mun umræðan um verðlaunin hætta að litast af því hvort karl fái verðlaunin í 56. sinn eða kona í fimmta sinn. Verðlaunin eiga að snúast um afrekin sjálf og þau eru unnin af bæði körlum og konum.

**Kjörið hefur vakið athygli á undanförnum árum vegna gríðarlegs kynjahalla.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
**FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is* og Viktoría Hermannsdóttir *viktoria@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Afskorin jól?



**Þórir Stephensen**
fv. dómkirkjuprestur og staðarhaldari í Viðey

Það er yndislegt að fá blómvönd að gjöf. Fegurð hans auðgar heimili okkar, ilmur blómanna breytir andrúmsloftinu. Hvort tveggja skapar gleði og þakklæti. Gefendurnir eignast hlýjan reit við hjartarætur okkar. Við erum rík að eiga slíka vini. En af því að blómin voru skorin af rótum sínum, geta þau ekki lifað lengi. Þau fölna og deyja.

Á Jólavöku Ríkisútvarpsins var það sagt, að Jesúbarnið ætti mjög lítinn sess í jólahaldi nútímans. Jólin væru nú fyrst og fremst menningarhátíð. Í samræmi við það voru ýmiskonar menningu gerð nokkur skil, matarmenningu, bjórmenningu og ýmsu fleiru. Loks kom að ungri og elskulegri stúlku úr hópi ágætra Hagaskólakvenna, sem slógu nýverið í gegn í Skrekk, hæfileikakeppni grunnskólanna. Hún lýsti því hvernig þær vildu breyta heiminum eða ákveðnum atriðum í lífi hans. Þetta fangaði hug minn, enda er þetta einmitt hlutverk jólabarnsins. Litli drengurinn, sem fæddist umkomulausastur allra, kom til að breyta heiminum. Erlendur höfundur lýsti árangrinum eitt sinn með þessum orðum:

„Ég fer mjög nærri sanni með því að halda því fram, að allar herdeildir, sem marsérað hafa, allir flotar, sem byggðir hafa verið, öll þing sem setið hafa á rökstólum, allir kóngar og þjóðhöfðingjar sem ríkt hafa, hafi ekki samanlagt haft slík áhrif á mannlífið sem þessi einfari.“

**Breytti þjóðfélagi okkar**

Skoðum fáein atriði úr lífi þjóðar okkar um það hvernig boðskapur jólabarnsins hefur breytt þjóðfélagi okkar: Barnaútburður og þrælahald heyrðu brátt sögunni til. Vopnaburður var lagður af og hin pólitíska barátta var háð með orðum. Kirkjan varð móðir menntunar í landinu. Vegna fermingarinnar urðum við meðal fyrstu Evrópuþjóða, þar sem lestrarkunnátta varð allra eign. Guðbrandsbiblía bjargaði íslenskri tungu. Tónlistin kom í kjölfar messunnar. Klaustrin og svo kölluð Kristsbú hlynntu að blindum og öðrum öryrkjum. Í allri kjara- og jafnréttisbaráttu hafa kærleiks- og bróðerniskenningar Krists sótt sífellt á.

Við getum ekki hugsað það til enda, hvernig heimurinn liti út í dag og hvernig að okkur væri búið, ef áhrif Krists og hugarfars hans hyrfu sem dögg fyrir sólu. Við myndum hörfa mörg hundruð ár aftur í tímann, hvað snertir þjóðfélagslegar framfarir, almenna menntun, bróðurlega samhjálp, já, í raun flest sem við köllum mannréttindi.

Það hefur tekið okkur þúsund ár að ná þessari stöðu og oft kostað miklar fórnir, en menn hafa ekki gefist upp. Og af hverju? Af því að við eigum fyrirheit um fullkomnun og það skapar svo mikla gleði og andlega fullnægingu að ná þó ekki sé nema hænufet í átt að markmiðum kristindómsins.



**Litli drengurinn, sem fæddist umkomulausastur allra, kom til að breyta heiminum.**

Svo koma tímar, þar sem menn spilla fyrir ýmist með hræsni eða hreinum illvirkjum. Ætíð hefur þó tekist að rétta stefnuna á ný.

Þó að stúlkurnar í Hagaskóla hafi sjálfsagt ekkert verið að hugsa um kristinn boðskap með gjörningi sínum er hann samt ágætt dæmi um ungt og framsækið fólk, sem vill láta gott af sér leiða og veit, að hver millimetri í átt til meira jafnréttis er áfangasigur á leiðinni til að bæta heiminn. Samkvæmt boðskap Krists er hver einstaklingur fæddur til að bæta heiminn.

**Aldrei í meiri hættu**

Ég tel, að kirkja okkar hafi aldrei verið í meiri hættu en nú. Auðræði og veraldarhyggja eru, fari svo sem horfir, á hraðri leið að eyðileggja auðnu þjóðarinnar, kraftinn til að breyta mannlífinu, auðga það æ meir að samúð og tillitssemi, þeirri hugarhlýju, er umvefur hvern mann sem væri hann bróðir eða systir og gefa honum það trúartraust, sem er sterkast alls þegar mest á reynir í lífinu. Síðustu misserin hefur verið unnið að þessu leynt sem ljóst með því að reyna að gera kirkjunni eins erfitt fyrir og mögulegt er. Þar er bæði reynt að lama hendur hennar með fjársvelti og varna henni máls í skólunum. Sem betur fer eru þó til andstæð dæmi, sem koma nánast sjálfsprottin úr okkar kristna arfi, eins og hið dýrmæta sjálfboðna starf fyrir flóttafólkið og framtak stúlknanna í Hagaskóla.

Afskornu blómin fölna ekki strax. Þau standa nokkurn tíma. En þegar þau eru farin í sorpið og ekkert kemur í staðinn, þá daprast brátt flest af því sem þau gáfu. Þessu er svipað farið með jólaboðskapinn. Ef Jesúbarnið og boðskapur þess hverfa úr jólunum, þá glatast líka smám saman hvatinn til að breyta heiminum.

Það er þess vegna hin stóra spurning á jólum 2015: Þurfum við að rétta stefnuna eða nægja okkur kannski afskorin jól?



FRÉTTABLAÐIÐ
# SPORT

## Fram deildabikarmeistari eftir æsilegan úrslitaleik



**Eini titillinn sem Grótta missti af** Fram varð í gær deildabikarmeistari kvenna eftir sigur á Val í úrslitaleik, 26-24. Fram komst níu mörk yfir en Valur skoraði tíu af næstu ellefu mörkum leiksins og jafnaði metin. Fram hafði þó betur á lokasprettinum. Í úrslitaleik karla mættust Haukar og Valur en leiknum var ekki lokið þegar Fréttablaðið fór í prentun. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Standa í vegi fyrir fullkomnun

Gróttukonum tókst ekki að tryggja sér fimmta titilinn á árinu 2015 og bættust í hóp íslenskra kvenhandboltaliða sem Framkonur hafa hindrað í að eiga fullkomið ár. Stríddu líka Valsliðinu þrjú ár í röð.

**HANDBOLTI** Árið 2015 var sjötta árið þar sem íslenskt kvennahandboltalið gátu unnið fimm titla á einu og sama árinu. Fjögur lið hafa unnið fjóra titla líkt og Gróttustelpur í ár en Seltirninga biðu sömu örlög og hinna þriggja liðanna.

Í öll fjögur skiptin eru það einmitt stelpurnar úr Safamýrinni sem hafa komið í veg fyrir fullkomið ár. Fram vann að þessu sinni Gróttu í æsispennandi undanúrslitaleik en hafði áður tekið fimmta titil ársins fyrir framan nefið á fjórföldu meistaraliði.

Kvennalið Fram bar ábyrgð á því að Valsliðin á árunum 2010 til 2012 náðu aldrei fullu húsi en Hlíðarendaliðið vann 12 af 15 mögulegum titlum á þessum 36 mánuðum.

Framkonur unnu bikarúrslitaleik liðanna fyrstu tvö árin en á síðasta árinu vann Framliðið Valskonur í síðasta leik ársins, úrslitaleik deildabikarsins í Laugardalshöllinni í desember 2012.

Stefán Arnarson var þjálfari Valsliðsins sem vann fjóra titla þrjú ár í röð. Nú er Stefán hins vegar þjálfari Framliðsins sem kom í veg fyrir að Gróttukonur gerðu sögulegt ár liðsins enn sögulegra.

Gróttuliðið varð bikarmeistari í febrúar, deildarmeistari í mars, Íslandsmeistari í maí og meistari meistaranna í september. Þetta eru fyrstu titlar Gróttu í meistaraflokki kvenna og það hefði vissulega verið magnað að taka fullt hús á slíku ári.

ooj@frettabladid.is

### Fjögur lið í kvennahandboltanum með fjóra titla af fimm mögulegum



**VALUR 2010**
Íslandsmeistari
Deildarmeistari
Deildabikarmeistari
Meistari meistaranna

**Titillinn sem slapp:**
Valskonur töpuðu 20-19 á móti Fram í bikarúrslitaleiknum í Laugardalshöllinni 27. febrúar.



**VALUR 2011**
Íslandsmeistari
Deildarmeistari
Deildabikarmeistari
Meistari meistaranna

**Titillinn sem slapp:**
Valskonur töpuðu 25-22 á móti Fram í bikarúrslitaleiknum í Laugardalshöllinni 26. febrúar.



**VALUR 2012**
Íslandsmeistari
Bikarmeistari
Deildarmeistari
Meistari meistaranna

**Titillinn sem slapp:**
Valskonur töpuðu 28-24 á móti Fram í úrslitaleik deildabikarsins í Laugardalshöllinni 28. desember.



**GRÓTTA 2015**
Íslandsmeistari
Bikarmeistari
Deildarmeistari
Meistari meistaranna

**Titillinn sem slapp:**
Gróttukonur töpuðu 27-26 á móti Fram í undanúrslitaleik deildabikarsins í Íþróttahúsinu við Strandgötu 27.

## Nýjast

**Enska úrvalsdeildin**

| | | |
|---|---|---|
| Crystal Palace | 0–0 | Swansea |
| Everton | 3–4 | Stoke City |
| Norwich | 2–0 | Aston Villa |
| Watford | 1–2 | Tottenham |
| West Brom | 1–0 | Newcastle |
| Arsenal | 2–0 | Bournemouth |
| Man. United | 0–0 | Chelsea |
| West Ham | 2–1 | Southampton |

| Efst | | Neðst | |
|---|---|---|---|
| Arsenal | 39 | Norwich | 20 |
| Leicester | 38 | Bournem. | 20 |
| Tottenham | 35 | Swansea | 19 |
| Man. City | 35 | Newcastle | 17 |
| Crystal P. | 31 | Sunderland | 12 |
| Man. Utd. | 30 | Aston Villa | 8 |

**Hvað gerði Gylfi?**
Gylfi Þór Sigurðsson var einn átta leikmanna Swansea sem settir voru út úr byrjunarliðinu frá sigrinum á West Ham um helgina. Hann kom inn á sem varamaður í 0-0 jafntefli gegn Crystal Palace en gott skot hans úr aukaspyrnu í uppbótartíma var varið.

**Stærstu úrslitin** Manchester United spilaði vel í stórslagnum gegn Chelsea en náði ekki að nýta færin. Báðir markverðirnir voru öflugir og leiknum lyktaði með markalausu jafntefli. Chelsea er enn aðeins þremur stigum frá fallsæti.



**Hetjan** Son Heung-Min tryggði Tottenham 2-1 sigur á Watford með marki á 89. mínútu. Það dugði til að koma Tottenham upp í þriðja sæti deildarinnar.

**Kom á óvart** West Ham vann sinn fyrsta sigur í tvo mánuði er liðið hafði betur gegn Southampton, 2-1, sem aðeins tveimur dögum áður vann 4-0 stórsigur á Arsenal. Andy Carroll skoraði sigurmark leiksins á 79. mínútu, skömmu eftir að hann hafði brennt af dauðafæri.

### VÍKINGUR FÉKK LIÐSSTYRK ÚR GRINDAVÍK

Alex Freyr Hilmarsson hefur samið við Víking til þriggja ára og mun leika með Fossvogsliðinu í Pepsi-deildinni næsta sumar. Hann er 22 ára miðjumaður sem hefur leikið með Grindavík frá árinu 2012 og skoraði 7 mörk í 20 leikjum með Grindavík í 1. deild karla síðasta sumar.

Alex Freyr lék 16 leiki með Grindavík í Pepsi-deildinni sumarið 2012 og var þá með eitt mark og sjö stoðsendingar. Uppeldisfélag Alex Freys er Sindri frá Höfn í Hornafirði en hann hefur verið undir smásjá erlendra liða og var meðal annars á reynslu hjá Malmö í Svíþjóð nú í haust.

### BESTI LEIKMAÐUR VIKUNNAR

Martin Hermannsson var kjörinn besti leikmaður vikunnar í NEC-deildinni í bandaríska háskólakörfuboltanum. Þetta er í fyrsta sinn sem hann fær þessi verðlaun í vetur en hann fékk þau einnig í fyrra. Martin var aðalmaðurinn á bak við sigur LIU Brooklyn á Incarnate Word en hann skoraði átján stig í leiknum sem LIU Brooklyn vann 66-59. Hann skoraði ellefu af stigum sínum eftir hálfleik og var einnig með þrjár stoðsendingar og tvo stolna bolta.



## Í dag

**19.45** Leicester - Man. City **Sport 2**

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ




**GLIMRANDI GLAMÚR**

**Glimmer og pallíettur eru einkennandi fyrir áramótaglamúrinn. Á tískusýningum fyrir vorið næstkomandi var að finna ýmsar skínandi fallegar flíkur.**


**Síða 4**



Útsalan hefst í dag

40% afsláttur

RÓLÓ

Barnafataverslunin Róló Glæsibæ.
Sími 894 8060 • www.rolo.is • Facebook




**HREYFING ER LÍFIÐ** „Ég kenni mikið og lifi og hrærist í dansi og hreyfingu og finnst gaman að deila hugsunum mínum og því sem ég er að vinna í hverju sinni," segir Guðrún Svava Kristinsdóttir sem heldur úti heilsublogginu gudrunsvava.wordpress.com. MYNDIR/GVA

# MIÐLAR AF REYNSLU

**HEILSUBLOGG** *Meðal fjölbreyttra efna á heilsubloggi Guðrúnar Svövu Kristinsdóttur má nefna greinar um líkamsstöðu, mataræði, mínímalískan lífsstíl í tengslum við líkama og sál ásamt hugleiðingum um lífið og tilveruna.*

Guðrún Svava Kristinsdóttir hefur um tveggja ára skeið haldið úti heilsutengdu bloggi sem fjallar um hreyfingu og heilbrigðan lífsstíl. Guðrún Svava, sem er dansari, pilates- og jógakennari, verkfræðinemi við HÍ og líffærafræðikennari, flutti tvítug til New York til að stunda dansnám við Martha Graham School of Contemporary Dance. Þaðan útskrifaðist hún þremur árum síðar sem dansari og danskennari með réttindi til að kenna Graham-tæknina.

Hún segir hugmyndina að blogginu hafa kviknað einfaldlega af því hún elski að skrifa auk þess að hugsa vel um líkama sinn. „Ég kenni mikið og lifi og hrærist í dansi og hreyfingu og finnst gaman að deila hugsunum mínum og því sem ég er að vinna í hverju sinni. Sem ungur dansari í New York þurfti ég að takast á við mikið andlegt og líkamlegt álag og fann hversu mikilvægt það er að maður sé í góðu jafnvægi. Líkaminn tekst betur á við erfiðleika þegar innra og ytra umhverfi hans er heilbrigt og hollt. Þessi tími kenndi mér mikið og ég elska að geta miðlað af reynslu minni."

### FJÖLBREYTT EFNI

Blogg hennar, www.gudrunsvava.wordpress.com, snertir fjölmarga þætti er tengjast hreyfingu og heilbrigðum lífsstíl. „Þar fjalla ég m.a. um líkamsstöðu, mataræði, mínímalískan lífsstíl í tengslum við líkama og sál ásamt öðrum hugleiðingum um lífið og tilveruna. Ég hef lært mikið í líffærafræði og lífeðlisfræði og skrifa greinar sem tengja vísindi við hið andlega og líkamlega á skemmtilegan hátt. Einnig má nefna skrif um þróun uppréttrar stöðu mannsins og hvernig nútímalífsstíll með langsetu ▶


EKKERT STRESS UM JÓLIN

20% afsláttur

AF SLÖKUN Í DESEMBER

Gleðileg jól



Tilboðið gildir í flestum apótekum og heilsubúðum



Frón

kemur við sögu á hverjum jólum




Nældu þér í nýbakaðar jólapiparkökur frá Frón í næstu verslun - tilbúnar til að skreyta

www.fronkex.is



**STYRKIR** Hliðarkráka er handstaða sem styrkir kviðvöðva, handleggi og axlir.



**HÖFUÐSTAÐA** Guðrún Svava sýnir hér höfuðstöðu, fætur í lótus.

▶ og hreyfingarleysi er að vinna gegn eðli mannsins.“

Þar sem Guðrún Svava iðkar mikið jóga og hugleiðslu skrifar hún einnig um daglegar æfingar sínar og hvernig lífsspeki hennar tengist þeim efnum. „Ég hef einnig gaman af því að lesa erlendar vísindagreinar um áhrif hugleiðslu á heilastarfsemi eða hvað sem er og deila því með lesendum mínum á blogginu.“ Þar sem hún bjó og nam í New York byrjaði Guðrún Svava að skrifa á ensku þegar hún setti bloggið á fót. „Ég fer enn mikið til New York þar sem ég kenni og er með enskan lesendahóp og fannst þess vegna við hæfi að halda áfram að skrifa á ensku til að höfða til breiðari lesendahóps.“

**MEIRI MEÐVITUND**

Að mati Guðrúnar Svövu verður almenningur sífellt meðvitaðri um góða heilsu. Helst megi þar þakka auknu upplýsingaflæði gegnum netið af ýmsum fróðleik og upplýsingum um heilsu, hollar uppskriftir, myndbönd og ýmsar síður sem hvetja fólk áfram. „Síðan er aukið framboð á fjölbreyttri hreyfingu og fólk er almennt meðvitaðra í dag um áhrif lífsstíls á langlífi og almenna vellíðan.“

Ekki þarf mikið átak til að tileinka sér heilbrigðari lífsstíl. „Flestir ættu með lítilli fyrirhöfn að geta vanið sig á að drekka meira vatn, sofa betur, borða hreint og næringarríkt fæði og finna sér hreyfingu sem er skemmtileg. Auk þess á ekki að hugsa í skammtímalausnum heldur hugsa um líkamann til langtíma og mynda heilbrigt samband við líkama og sál.“

Það sem helst ber að forðast að mati Guðrúnar Svövu er langseta auk þess sem margir eru almennt ómeðvitaðir um líkamsstöðu og hafa almennt litla líkamsvitund. „Fólk hefur fjarlægst sitt náttúrulega eðli því maðurinn er mjög háþróuð vera, hreyfanleg og sterk sem er fær um margt.

Mannslíkaminn er niðurstaða margra milljóna ára þróunar og náttúruvals og við erum gerð til að geta hlaupið, klifrað, stokkið, synt og hreyft okkur í allar áttir.

Margir eru ekki meðvitaðir um hversu stórkostlega fær líkaminn er og hversu mögnuð tilfinning það er þegar við notum hann til fulls, þ.e örvum öll skilningarvit og nýtum alla hreyfigetu hans.“

Bloggið hefur slóðina gudrunsvava.wordpress.com. Einnig er hægt að fylgja Guðrúnu Svövu eftir á Facebook undir gudrunsvavapilates og á Instagram undir @gudrun_svava.

■ **starri@365.is**

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir** | Sölumenn: **Atli Bergmann,** atlib@365.is, **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, **Jóhann Waage,** johannwaage@365.is, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.is

IÐA

MEGA ÚTSALA

á öllum vörum

3o-70% afsl.

28. 29. og 30. des.

IÐA Lækjargata 101 R. sími 511-5001 opið 9 - 22


LANCÔME
PARIS
marie claire
PRIX D'EXCELLENCE DE LA BEAUTÉ 2015
„SVANSHÁLS“ SPROTI
Bursti sem nær til allra augnháranna.
GRANDIÔSE
TILKOMUMIKIL BREYTING: LENGIR OG ÞYKKIR AUGNHÁRIN SEM BLÆVÆNGUR, GEFUR UNDURFAGRA SVEIGJU.
NÝR
GRANDIÔSE
WIDE-ANGLE FAN EFFECT MASCARA
ÁBERANDI AUGNHÁR, HRÍFANDI AUGU.
Fyllir upp í náttúrulegar eyður.













# GLIMRANDI GLAMÚR

*Pallíettur/ Glimmer, silfur og pallíettur eru einkennandi fyrir áramótaglamúrinn. Á tískusýningum fyrir vorið næstkomandi var að finna ýmsar skínandi flíkur sem glitruðu og gljáðu á tískupöllunum. Ekki væri leiðinlegt að geta klæðst einum slíkum kjól í partíinu á gamlárskvöld.*



# Áramót

29. desember 2015



## Áhuginn minnkar ekkert

**Gylfi Sigurðsson er 65 ára en breytist í barn um hver áramót þegar hann skipuleggur flugeldasýningu fjölskyldunnar.** **SÍÐA 2**

## Glamúr og glæsileiki

**Guðfinna Bjarndóttir sýnir nokkrar leiðir til að gera áramótaveisluna glæsilegri.** **SÍÐA 4**

## Girnilegur veislumatur

**Nanna Rögnvaldardóttir gefur uppskriftir að lambafillet og sítrónuís.** **SÍÐA 6**

MYND/VILHELM

# Breytist í barn einu sinni á ári

Flugeldar skipa stóran sess í lífi Gylfa Sigurðssonar. Hann aðstoðar við sölu flugelda síðustu daga ársins en á gamlársdag hefst skipulagning flugeldasýningar fjölskyldunnar. Gylfi fær aðstoð við að kveikja á flugeldunum en ræður einn í hvaða röð þeim er skotið upp.

Mikill flugeldaáhugi hefur fylgt Hafnfirðingnum Gylfa Sigurðssyni alla ævi og þótt hann sé orðinn 65 ára segir hann áhugann ekkert minnka með árunum. Ekki skemmir fyrir að hann hefur starfað með Björgunarsveit Hafnarfjarðar síðan 1967 þar sem hann hefur m.a. aðstoðað við sölu flugelda fyrir áramótin.

Á æskuárum Gylfa í Hafnarfirði voru krakkarnir aðallega með stjörnuljós og blys sem voru á þeim tíma seld í matvörubúðum. Árið 1967, þá 17 ára gamall, byrjaði hann í Björgunarsveit Fiskakletts í Hafnarfirði en ári síðar hóf sveitin að selja íslenska flugelda. „Við gengum hús úr húsi í bænum og seldum flugelda og líka úr björgunarsveitarbílnum sem við lögðum í miðbæ Hafnarfjarðar. Frá þessum tíma varð ekki aftur snúið með flugeldaáhugann hjá mér og ég hef tekið þátt í flugeldasölu og verið mjög virkur flugeldaskotmaður síðan.“

### Prófaði áður allt

Gylfi er yfirleitt upptekinn við sölu flugelda dagana fyrir gamlársdag þannig að það er fyrst á gamlársdagsmorgun sem hann fer að huga að sýningu kvöldsins. „Áður fyrr prófaði ég ásamt félögum mínum alla flugelda sem við vorum með til sölu. Nú læt ég yngri sveitarmeðlimi um prófanirnar en ég fylgist alltaf vel með því það skiptir máli fyrir viðskiptavinina að ég viti hvað ég er að selja. Þegar ég er búinn að velja mér mitt „partí“ af flugeldum fer ég að huga að því í hvaða röð ég ætla að skjóta þeim upp. Ég festi statífið fyrir flugeldana en gott statíf sem er vel fest niður er lykilöryggisatriði. Öryggisgleraugu eru einnig staðalbúnaður fyrir unga sem aldna í minni fjölskyldu og hafa alltaf verið.“

### Stjórnar röðinni

Á heimili Gylfa, eins og víða, er hefð fyrir að skjóta upp flestum flugeldum á miðnætti eftir að búið er að syngja inn nýtt ár. Hann segir lykilinn að góðri flugeldasýningu að hafa 2-3 góðar rakettur og skjóta þeim upp í réttri röð, fyrst þeim minni og svo koll af kolli. „Í framhaldinu af rakettunum skýt ég upp tertunum. Ég er líka búinn að raða þeim upp í þeirri röð áður en sýningin hefst. Ég fæ alltaf ríkulega aðstoð barna og barnabarna við að skjóta upp flugeldunum en það ráðskast enginn með röðina sem upp er skotið – það er sviðið mitt! Ef mögulegt er set ég upp rakettustatífið og raða tertunum upp á opnu svæði, helst fyrir neðan hús og fjarri bílum. Hér áður fyrr hættu margir í götunni að skjóta þegar ég mætti með flugeldapartíið á staðinn en í dag hef ég gaman af því að horfa á flugeldana sem aðrir eru að skjóta upp.“

Hann segir svo margt skemmtilegt við flugelda, raunar sé varla hægt að lýsa því í fáum orðum. „Mér finnst jafn gaman að njóta ljósadýrðarinnar og hvellanna og að horfa á börn og fullorðna verða jafn spennt yfir þessu ævintýri. Börnin mín myndu öll sem eitt segja að ég verði að barni einu sinni á ári – á gamlárskvöld. Ég fer í einhvers konar ham þegar flugeldar eru annars vegar og þó ég eldist finnst mér alltaf jafn spennandi að kaupa mér flugelda og horfa á þá lýsa upp himinhvolfið.“



Gylfi Sigurðsson, fyrir miðri mynd, tekur við flugeldinum Stóra hvelli úr höndum Sigurjóns Einarssonar.



Árið 1968 hóf Björgunarsveit Fiskakletts í Hafnarfirði að selja flugelda. Gengið var í hús og selt úr björgunarsveitarbílnum sem lagt var í miðbæ Hafnarfjarðar.




# Leikur sem losar um málbeinið

Þegar ættingjar og vinir hittast eftir langan aðskilnað um jól og áramót er gott að efna til leikja til að hrista mannskapinn saman. Hér er hugmynd að leik sem losar um málbeinið og hjálpar þátttakendum að rifja upp það markverðasta á árinu. Hann er sömuleiðis til þess fallinn að skapa skemmtilegar umræður um hluti sem annars bæri ekki á góma.

Útbúið litla miða með eftirfarandi spurningum. Það má endilega láta sér detta eitthvað fleira í hug:

- Hvert var besta augnablik ársins?
- Hvert var vandræðalegasta augnablik ársins?
- Hvert var að þínu mati besta lag ársins?
- Hver var að þínu mati besta bíómynd ársins?
- Hver var að þínu mati markverðasta frétt ársins?
- Hvert var eftirminnilegasta ferðalag ársins?
- Hver var mikilvægasta lexía ársins?
- Hvenær hlóstu hæst og mest á þessu ári?
- Hver er ofmetnasta stjarna ársins og af hverju?
- Hvað var það besta sem þú gerðir fyrir einhvern annan þetta ár?
- Hverjar voru innihaldsríkustu samræður ársins?
- Hvert var besta ráð sem þú fékkst þetta ár?
- Hvaða dag á síðasta ári myndir þú vilja lifa aftur og aftur?




Brjóttu miðana saman og settu í krukku. Láttu krukkuna ganga á milli gesta. Hver og einn dregur einn miða og segir frá. Að því loknu setur hann miðann aftur í krukkuna, hrærir upp í miðunum og réttir næsta manni. Þetta er afar skemmtilegur leikur og gefur skemmtilega innsýn í líf þátttakenda. Hægt er að fara eins marga hringi og vilji er til. Ef þátttakandi fær sama miða tvisvar má hann draga nýjan.

ÚTGEFANDI | 365 miðlar ehf. Skaftahlíð 24 | s. 512 5000
VEFFANG visir.is
ÁBYRGÐARMAÐUR Svanur Valgeirsson
UMSJÓNARMENN AUGLÝSINGA Atli Bergmann| atli.bergmann@365.is | s. 512-5457

www.fi.is

# Lýðheilsu- og forvarnarverkefni Ferðafélags Íslands

Ferðafélag Íslands heldur úti nokkrum fjallaverkefnum sem öll eiga það sammerkt að vera lokuð verkefni sem ganga út á reglulegar fjallgöngur, heilsubót og góðan félagsskap. Eins og í öllum ferðum Ferðafélags Íslands er mikil áhersla lögð á fræðslu og öryggi á fjöllum.



## Fyrsta skrefið – Heilsurækt á fjöllum

Ferðafélag Íslands stendur fyrir nýju verkefni sem hlotið hefur nafnið Fyrsta skrefið þar sem gengið er á fjöll einu sinni í viku. Verkefnið er hugsað fyrir þá sem ganga rólega á létt og þægileg fjöll.
Umsjónarmenn verkefnisins eru Reynir Traustason og Ólafur Sveinsson.
**Kynningarfundur: Fimmtudaginn 7. janúar, kl. 20 í sal FÍ Mörkinni 6.**

## Alla leið

Ferðafélag Íslands býður upp á æfingaáætlun sem miðar að því að undirbúa þátttakendur fyrir langa og spennandi jöklagöngu að vori. Undirbúningurinn er þríþættur og felst í vikulegum fjallgöngum, sem stigmagnast að erfiðleikastigi, alhliða ferðafræðslu um klæðnað, búnað, næringu, öryggismál og jöklagöngur og svo vikulegum þrekæfingum.
Umsjónarmaður er Hjalti Björnsson.
**Kynningarfundur: Fimmtudaginn 14. janúar, kl. 19:45 í sal FÍ, Mörkinni 6.**

## Eitt fjall á mánuði – Léttfeti

Þetta verkefni er hugsað fyrir þá sem vilja koma sér af stað að nýju eftir hlé sem og alla þá sem vilja koma reglulegum, rólegum fjallgöngum inn í dagatalið sitt

## Eitt fjall á mánuði – Fótfrár

Þetta verkefni er tilvalið fyrir þá sem hafa einhverja reynslu af fjallgöngum þar sem þessi hópur ræðst til uppgöngu á erfiðari og meira krefjandi fjöll. Þátttakendur þurfa því að vera í nokkuð góðu gönguformi.

## Tvö fjöll á mánuði – Þrautseigur

Þeim sem vilja ganga meira og hittast oftar gefst kostur á að taka þátt í báðum verkefnunum hér að ofan og ganga þá á alls 24 fjöll yfir árið, yfirleitt bæði fyrsta og þriðja laugardag í hverjum mánuði. Þátttakendur þurfa að vera í nokkuð góðu gönguformi því bæði er gengið á létt og krefjandi fjöll.
Umsjónarmenn eitt – tvö fjöll á mánuði eru Ævar og Örvar Aðalsteinssynir.
**Kynningarfundur fyrir eitt og tvö fjöll á mánuði:**
**Þriðjudaginn 12. janúar, kl. 20 í sal FÍ í Mörkinni 6.**

## The Biggest Winner

Lýðheilsu- og forvarnarverkefnið The Biggest Winner er sérstaklega ætlað fyrir feita, flotta og frábæra sem þora, geta og vilja. Um er að ræða gönguferðir fyrir fólk í yfirvigt þar sem boðið verður upp á rólegar göngur, stöðuæfingar, fræðslu og mælingar. Lögð er áhersla á að vinna með þátttakendum á jákvæðan og uppbyggilegan hátt.
Umsjónarmenn eru Steinunn Leifsdóttir og Páll Guðmundsson.
Verkefnið fer af stað síðsumars og verður auglýst nánar síðar.

## Bakskóli FÍ

Ferðafélag Íslands stendur fyrir gönguferðum fyrir bakveika í verkefni sem hlotið hefur nafnið Bakskóli FÍ. Í bakskólanum er farið í léttar gönguferðir og fjallgöngur, gerðar eru stöðu- og styrktaræfingar ásamt liðkandi æfingum og auk þess er boðið upp á fræðslukvöld með sjúkraþjálfurum. Bakskólinn starfar yfir tvö tímabil á ári, það er bæði að vori og hausti.
Umsjónarmenn eru Páll Guðmundsson og Steinunn Leifsdóttir.
Nánar auglýst síðar.

*Ferðafélag Íslands sendir félagsmönnum og landsmönnum öllum bestu óskir um farsælt komandi ár og þakkar ánægjulega samfylgd á liðnum árum.*


**FERÐAFÉLAG ÍSLANDS**
**Mörkinni 6 | 108 Reykjavík**
**S. 568 2533 | www.fi.is**




Það er skemmtilegt að skreyta kampavínsflöskuna sem hellt verður úr þegar nýtt ár gengur í garð.



Guðfinna Bjarnadóttir gerir fallegar skreytingar og fegrar heimilið á ódýran og smekklegan hátt. MYNDIR/GVA

My Style tískuhús

Netverslun á tiskuhus.is

# Glamúr og glæsileiki um áramótin

Áramót eru tilefni til þess að gera sér glaðan dag og ekki síst til þess að skreyta í kringum sig. Guðfinna Bjarnadóttir byggingafræðingur hefur sérhæft sig í að innrétta og endurhanna heimili á smekklegan en jafnframt ódýran máta.

„Mér finnst mikilvægt að hafa hlutina einfalda og ódýra og vil helst nýta það sem til er á heimilinu,“ segir Guðfinna Bjarnadóttir byggingafræðingur. Hún sýnir hér nokkrar leiðir til að gera áramótaveisluna glæsilegri.

„Ég bjó til nýja ártalið, 2016, á þrenns konar máta. Blés í blöðrur, skrifaði ártalið á þær og hengdi upp á vegg ásamt skrauti. Svo tók ég venjuleg hvít kubbakerti og gerði ártalið með límstifti á þau og setti glimmer í límið. Þriðja útgáfan var síðan þannig að ég notaði fjögur glös, setti þau á hvolf með skrauti inni í, silfurkerti ofan á hvert glas og hengdi svo miða með ártalinu á þau. Þetta er allt mjög einfalt og ódýrt. Allt sem ég keypti fæst í IKEA og í Partýbúðinni og það er sniðugt að kaupa sér jólaskraut á milli jóla og nýárs því þá er flest orðið ódýrara en fyrir jól.“

Guðfinna segist lengi hafa haft áhuga á hvers konar hönnun og sköpun. Nítján ára gömul byrjaði hún að gera upp hús og innrétta þau og skreyta bæði að utan og innan. „Ég hef haft áhuga á þessu síðan ég var krakki, þá skreytti ég á nóttunni á meðan aðrir sváfu. Skemmtilegasti leikurinn sem ég fór í var að taka til, því meira drasl í herbergjum vinkvenna minna því skemmtilegra, fannst mér,“ segir hún og hlær. Hún bætir við að hún hafi svo síðar náð sér í menntun sem samræmdist áhugamálinu en hún er menntaður byggingafræðingur. Guðfinna segist þó ekki vita hvaðan hugmyndirnar sem hún fær koma en að hún taki eftir öllu í kringum sig. „Til dæmis þegar ég horfi á bíómyndir tek ég eftir ljósakrónum eða hurðum, einhverju sem enginn annar er að pæla í. Það nýtist vel í því sem ég hef verið að gera en ég hanna og geri upp hús hjá fólki á sem ódýrastan máta. Kenni fólki að nýta það sem það hefur og breyti gömlu í nýtt.“



Blöðrur standa alltaf fyrir sínu þegar á að skreyta.

Besta ráðið fyrir skreytingarnar í áramótapartíið segir Guðfinna vera að vera ófeiminn við að gera það sem mann langar. „Ekki vera að pæla í því hvað öðrum finnst. Að gera það sem manni finnst sjálfum vera flott og hafa gaman. Það er ekkert að því að skreyta nógu mikið ef mann langar til þess,“ segir hún og brosir. Guðfinnu finnst sjálfri gaman að halda boð og fara í boð, helst með fjölskyldunni. Á áramótunum fer hún í boð hjá bróður sínum. „Við systkinin borðum öll heima hjá okkur en sameinumst svo með fjölskyldum okkar hjá bróður mínum í desert, horfum á Skaupið og förum svo út og skjótum upp flugeldum.“



Þessi skreyting er einföld en jafnframt glæsileg.

Þeir sem vilja sjá fleiri hugmyndir að skreytingum heimilisins geta skoðað Facebook-síðu Guðfinnu, Fegraðu heimilið fyrir lægra verð.




Verslunin Belladonna
belladonna
Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is

# Súper Flugeldar

BEST DEAL

## SÚPER KAUPAUKI



**Ef verslað er fyrir 10.000 - 25.000 kr, færðu 30% kaupauka.**

**Ef verslað er fyrir meira en 25.000 kr, færðu 40% kaupauka.**

*Gildir ekki á vörum á tilboði!*



**Þrumu - Pakkinn**
**18.000**
SPARIÐ 6.200

**SÚPER-Krakkapakki**
**3.900**
SPARIÐ 2.000







**Pabba-Pakkinn**
**14.500**
SPARIÐ 6.800

**SÚPER - Fjölskyldupakki**
**12.900**
SPARIÐ 7.000

**SÚPER - Risapakkinn**
**33.000**
SPARIÐ 14.600

## VILTU VINNA FLUGELDA FYRIR 100.000KR?

Komdu með þennan miða til okkar!

Nafn :_________________ Simi : _______________

www.superflugeldar.is Ögurhvarfi 2, Kópavogi

Opið:
28. des 10 - 22 29. des 10 - 22
30. des 10 - 22 31. des 10 - 16

# Lamb og sítrónuís að hætti Nönnu



Nanna Rögnvaldardóttir er snillingur í matargerð og gefur hér uppskriftir sem henta vel um áramótin úr bók sinni Jólamatur Nönnu sem kom út árið 2011. Bókin er uppfull af glæsilegum veisluréttum sem gaman er að prófa í kringum hátíðirnar.

Nanna hefur gefið út fjölda matreiðslubóka auk þess að þýða og staðfæra aðrar. Enginn kemur að tómum kofanum hjá henni þegar spurt er um góða uppskrift. Sjálf heldur hún mikla veislu á aðventunni þar sem fjölskylda og vinir kíkja í heimsókn. Nanna gefur hér uppskrift að lambafillet sem ætti að falla öllum í geð.

### Lambafillet með sveppa- og berjasósu

**fyrir 4**

*800 g til 1 kg lambafillet með þunnri fituröndn*
*Nýmalaður pipar*
*Salt*
*Nálar af 1 rósmaríngrein, saxaðar smátt*
*Nokkrar timjangreinar*
*3 msk. ólífuolía*
*15-20 g þurrkaðir villisveppir*
*250 ml heitt vatn*
*1 msk. smjör*
*3-4 skalottlaukar, saxaðir*
*1 hvítlauksgeiri, fínsaxaður*
*150 ml lamba- eða kjúklingasoð (eða vatn og soðkraftur)*
*3 msk. púrtvín*
*100 ml rifsber eða bláber*
*Sósujafnari ef þarf*

Skerðu filletið í fjóra álíka stóra bita og skerðu grunnt krossmynstur í fituröndina með beittum hníf. Kryddaðu með pipar, salti og rósmaríni. Leggðu 2-3 timjangreinar á kjöthliðina á hvorum bita, dreyptu 2 msk. af ólífuolíu yfir og láttu standa við stofuhita í hálftíma.

Leggðu á meðan þurrkuðu sveppina í bleyti í sjóðheitu vatni. Hitaðu ofninn í 220°C. Bræddu smjörið á pönnu og steiktu skalottlauk og hvítlauk við meðalhita í 3-4 mínútur en gættu þess að laukurinn brenni ekki. Settu sveppina út í ásamt vatninu, hitaðu að suðu og láttu sjóða þar til u.þ.b. helmingurinn af vökvanum er gufaður upp.

Hitaðu 1 msk. af olíu vel á pönnu sem þolir að fara í ofninn (eða í eldföstu móti sem má setja á eldavélarhellu). Settu kjötið á pönnuna með fituhliðina niður og steiktu við háan hita í um 2 mínútur. Snúðu þá bitunum við, settu pönnuna í ofninn og steiktu í 6-8 mínútur, eða eftir smekk.

Helltu soði og púrtvíni saman við sveppasoðið á pönnunni og láttu sjóða áfram rösklega í um 5 mínútur. Lækkaðu þá hitann, settu berin út í, smakkaðu og bragðbættu eftir þörfum. Þykktu sósuna e.t.v. með svolitlum sósujafnara ef hún er mjög þunn.

Settu kjötið á hitað fat og berðu fram með sósunni, steiktum eða brúnuðum kartöflum og salati.



Lambafillet með sveppa- og berjasósu.

### Sítrónuís

**fyrir 4-6**

*4 eggjarauður*
*50 g sykur*
*250 ml rjómi*
*100 ml sítrónusmjör (lemon curd), og meira til að setja út á*



Sítrónuís að hætti Nönnu.

Þeyttu eggjarauður og sykur mjög vel saman. Stífþeyttu rjómann og blandaðu honum gætilega saman við með annarri sleikju. Helltu blöndunni í ísvél, ef hún er til staðar, og settu svo sítrónusmjörið smátt og smátt út í með teskeið. Láttu vélina ganga þar til ísblandan hefur þykknað. Helltu þá blöndunni í form, settu í frysti og frystu alveg. Taktu ísinn úr frysti og láttu hann standa í ísskáp í 20-30 mínútur áður en hann er borinn fram til að hann mýkist. Berðu e.t.v. meira sítrónusmjör fram með – það má líka þynna það ögn með vatni og bera fram sem sósu.

Ef ekki er til ísvél er best að hella blöndunni beint í form og setja sítrónusmjörið út í með teskeið. Taka svo skálina út á hálftíma fresti eða svo á meðan blandan er að frjósa og hræra í henni til að koma í veg fyrir að ísnálar myndist.




# Áramótaheit – til góðs eða ills?

Það getur verið slæmt að vinna áramótaheit að því leyti að mörg þeirra eru dæmd til að nást ekki sem getur leitt til þess að sjálfstraust sumra þeirra sem þau vinna getur beðið skaða af. Óraunsæ markmið eru líkleg til að nást ekki og það er óraunsætt að halda að hægt sé að breyta venjum á stuttum tíma sem hafa verið mörg ár að þróast. Ef áramótaheitið snýst um að hætta einhverju, til dæmis að reykja eða borða óhollan mat og það tekst ekki getur það haft skaðleg áhrif á sjálfsmatið. Ef viðkomandi hefur áður leitað sér huggunar í mat eða sígarettum þá er líklegt að hann leiti aftur í það ef áramótaheitið bregst og snýst heitið þar með upp í andhverfu sína.

Einnig ætti að forðast að setja sér markmið sem eru óljós eða óskýr. Til dæmis; „verða heilbrigðari“, „verða betri“ eða „vinna meira“. Þessum markmiðum er erfitt að ná því erfitt er að segja til um hvar mörkin eru og hvenær markmiðið hefur verið uppfyllt. Markmiðin ættu að vera hnitmiðaðri, til dæmis ætti nýársheit sem snýst um að verða skipulagðari að vera til dæmis „að taka til í einum skáp í hverjum mánuði“.

### Líka til góðs

Áramótaheit geta hins vegar líka verið til góðs. Þau eru í grunninn markmið sem geta aukið vellíðan fólks því þau hvetja viðkomandi til að hugleiða hvað það er sem gefur lífinu gildi og hjálpa til við að skipuleggja tímann þannig að markmiðin náist. Þetta kemur fram í viðtali Marquette Magazine við Dr. Ed de St. Aubin, prófessor í sálfræði.

Hann segir marga fræðimenn stunda rannsóknir á tengslum persónuleika, hegðunar og markmiðasetningar. „Nýlegar rannsóknir á þessu sviði sem sálfræðingurinn Robert Emmons gerði leiddu í ljós að þeir sem settu sér markmið sem sneru aðallega að einhvers konar valdi, svo sem markmið eins og að „þróa starfsferilinn“ og „eignast meiri peninga“, skori hlutfallslega lægra á kvarða yfir velferð,“ útskýrir de St. Aubin.




Nýársheit þurfa að vera raunhæf og skýr svo hægt sé að ná þeim.

Rannsóknir sem de St. Aubin sjálfur gerði sýna að þeir sem setja sér markmið sem snúast um aðra en þá sjálfa, svo sem „verja meiri tíma með börnunum“ og „minnka kynþáttafordóma í samfélaginu“ séu líklegri til að vera hamingjusamir.

„Mín tillaga er því sú að við notum þessa hefð, að vinna nýársheit, til að fara yfir liðið ár og meta hvað skiptir okkur mestu máli og setja okkur svo markmið út frá því,“ segir de St. Aubin.


ora
Ástríða í matargerð
Ora óskar landsmönnum
gleðilegra jóla
og farsældar á nýju ári
ora
GRÆNAR BAUNIR
www.ora.is



## VAFFLA MEÐ LAXAHRÆRU

Hér er skemmtilegur lystauki þegar hátíðardagar standa yfir. Þessi réttur getur líka verið forréttur. Þetta eru vöffluhjörtu með laxahræru. Afar bragðgott. Vöfflurnar eru bakaðar fyrst. Þrjár til fjórar vöfflur gefa 12-15.

1 dl sýrður rjómi
5 sneiðar reyktur lax (sirka 150 g)
Rifinn börkur af hálfri sítrónu
1 msk. fínt hakkað dill
2-3 msk. laxahrogn
Salt
Nýmalaður pipar
Sítrónusneiðar til skrauts
Dill til skreytingar

Hrærið sýrðan rjóma með sítrónuberki og dilli. Skerið laxinn smátt og bætið honum út í. Bragðbætið með salti og pipar. Setjið smávegis blöndu á hverja vöfflu, þar ofan á fara hrogn og skreytt með sítrónusneið og dillkvisti.



## Hlaupskot í áramótapartíið

Áramótagleðin verður sérstaklega gleðileg þegar boðið er upp á drykki í föstu formi. Enga stund tekur að útbúa hlaupskot sem fara skemmtilega á borði og vel í munni.

**Hlaupskot**

Pakki af hlaupi (t.d. Jell-O)
1 bolli sjóðandi vatn
1 bolli af ísköldu áfengi, t.d. rommi eða vodka

Hellið duftinu úr hlauppakkanum í stóra skál. Bætið bolla af sjóðandi vatni út í og hrærið hraustlega í þar til allt duftið er uppleyst.
Bætið þá ísköldu áfenginu út í og hrærið aftur vel í þar til allt hefur blandast vel saman.
Því kaldara sem áfengið er því stinnara hlaup verður úr blöndunni. Hellið í lítil mót, skotglös eða íklakabox og kælið. Eins er sniðugt að hella í grunnan bakka og skera hlaupið svo í teninga þegar það hefur stífnað.
Hafa ber í huga þegar boðið er upp á þetta skemmtilega „snakk“ að hvert skot inniheldur talsvert magn af áfengi. Hlaupskota ætti alltaf að neyta í hófi.

**Uppskriftin er fengin af www.instructables.com**

## Lífsmottó hvetja til betra lífs

Áramótaheit snúast flest um breyttan lífsstíl; að hætta að reykja, að hætta að drekka, að byrja í ræktinni og þar fram eftir götunum. En svo er líka hægt að tileinka sér ákveðin lífsmottó. Þau geta meðal annars hvatt til betra lífs, aukið lífsánægju og veitt styrk á erfiðum tímum.



**Hér eru nokkur dæmi:**

- Ég þakka fyrir það sem ég hef
- Gerðu betur í dag en í gær
- Góðir hlutir gerast hægt
- Lifðu eins og enginn sé morgundagurinn
- Komdu fram við náungann eins og þú vilt að hann komi fram við þig.
- Illu er best af lokið
- Betra er autt rúm en illa skipað
- Ekki fylla lífið af árum heldur árin af lífi
- Sannleikurinn er sagna bestur

... og síðast en ekki síst: Þetta reddast, en það er mottó sem lengi hefur loðað við Íslendinga.







Baðherbergi


Góðar hirslur


Innbyggðar uppþvottavélar


Pottaskápar


Allar útfærslur


Fataskápar

kitchn®
HREINT OG KLÁRT


Sérsmíði


Þvottahús


Úrvalið er hjá okkur

## VIÐ HÖNNUM OG TEIKNUM FYRIR ÞIG

Komdu með eða sendu okkur málin af eldhúsinu, baðinu, þvottahúsinu, anddyrinu eða svefnherberginu - og við hönnum, teiknum og gerum þér hagstætt tilboð í glæsilega danska innréttingu í hæsta gæðaflokki og vönduð raftæki á vægu verði.

## ÞITT ER VALIÐ

Þú velur að kaupa innréttinguna í ósamsettum einingum, eða lætur okkur um samsetninguna. Að sjálfsögðu önnumst við líka uppsetningu og endanlegan frágang fyrir þá sem þess óska – fullkomin þjónusta, eigið verkstæði.

Friform

Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500 • Mán. - föst. kl. 09-18 • Laugardaga kl. 11-15

friform.is

## BÍLAR & FARARTÆKI

ASKJA
NOTAÐIR BÍLAR



MERCEDES BENZ CL 63 AMG coupe. Árgerð 2008, ekinn 21 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 13.990.000. Rnr.270124.



Kia cee'd EX 1.6 world cup edition. Árgerð 2014, ekinn 25 Þ.KM, dísel, 6 gírar. Verð 3.590.000. Rnr.260085. 6 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.



HYUNDAI I 30 classic. Árgerð 2015, ekinn 31 Þ.KM, dísel, 6 gírar. Verð 2.890.000. Rnr.270226.



BMW 320d. Árgerð 2007, ekinn 155 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 2.790.000. Rnr.240680.

**ASKJA notaðir bílar**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

STÓRA BÍLASALAN



Ford Transit 280 2.2 TDCi Árgerð 2012. Ekinn 79þ.km. Beinsk. Hliðar klæddar. Verð 2.480.000kr án VSK. Raðnr 157932. Sjá á www.stora.is



Ford Transit 350 Jumbo Árgerð 2013. Ekinn 77þ.km. Beinsk. Hliðar klæddar. Verð 2.890.000kr án VSK. Raðnr 157615. Sjá á www.stora.is

**Stóra bílasalan**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**http://www.stora.is**

bilauppbod.is

**PARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**

Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**

100bilar.is bílasala



Nissan Leaf Tekna, 9/2015, nýr bíll , óekinn, sólarsella, leðuráklæði,tilboðsverð 3890 þús, er á staðnum , raðnr 210175.

**100 bílar ehf**
**Í miðbæ Mosfellsbæjar,**
**Sími: 517 9999**
**Opið 10-18.00 virka daga og laugardaga 11-15**
**www.100bilar.is**

## 250-499 þús.



**SPARIBAUKUR TILBOÐ 490ÞÚS**

SKODA FABIA COMFORT árg 2003 ek.138 þús, 5 dyra beinskiptur, heilsársdekk sk.16 Toppbíll sem eyðir mjög litlu, Tilboð 490 þús möguleiki á 100% vísaláni í 36 man s.841 8955



**TILBOÐ 490 ÞÚS - VÍSALÁN Í BOÐI**

VW BORA 1,6 HIGHLINE árg'02 ek. aðeins 130 þús nýleg tímareim, vetrardekk, sk.16 , topplúga, álfelgur ofl ásett verð 690 þús TILBOÐ 490 ÞÚS möguleii á 100% vísaláni í 36 mán s.841 8955

## 500-999 þús.



**TILBOÐ 590 ÞÚS - 100% VISALÁN Í BOÐI**

SKODA OCTAVIA AMBIENTE árg '04 ek.140 þús, bsk, sk.16 búið að skipta um tímareim, snyrtilegur bíll sem eyðir litlu, ásett verð 790 þús TILBOÐ 590 ÞÚS möguleiki á 100% vísaláni í 36 man s.841 8955

## Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**




**ÓSKA EFTIR BÍL Á 100 TIL 700ÞÚS STGR**

Fólksbíl eða jeppling eða jeppa Má þarfnast smávægilegra lagfæringa Skoða allt.. Uppls í síma 777 3077

## Sendibílar

568 5000 NS NÝJA-SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Hjólbarðar

VAKA



**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**

Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

## ÞJÓNUSTA

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**REGNBOGALITIR**

Málningarþjónusta, vönduð vinnubrögð og snyrtimennska. Sími 891 9890 malarar@simnet.is

**INNIMÁLUN**

Get bætt við mig verkum innandyra í vetur. Vönduð vinnubrögð, fag og snyrtimennska í fyrirrúmi. Ágúst S.G Málarameistari S: 699-4464 og 695-4464. asgmalun@gmail.com

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is




## til sölu

# Tækjamiðlun - Sala - Innflutningur





**Kubota KX41-3V**
Árgerð 2010 - 1.050 klst
1.720 kg
**2.950.000** án vsk.



**Kubota KX61-3**
Árgerð 2007 - 3.694 klst
2.600 kg
**2.850.000** án vsk.



**MAN 35.390**
Árgerð 2005
207.535 km
**5.950.000** án vsk.



**Scania R124G 470**
Árgerð 2003
392.000 km
**4.250.000** án vsk.



**Scania R560 6x4**
Árgerð 2010
-
**11.950.000** án vsk.

Vinnuvélar

Vinnuvélar- tækjamiðlun ehf er systurfyrirtæki Jötunn Véla og sérhæfir sig í sölu, miðlun og innflutningi vinnuvéla og vörubíla. Markmiðið er að vera leiðandi söluaðilli notaðra vinnuvéla og vörubíla á Íslandi með fagmennsku og vönduð vinnubrögð að leiðarljósi.

**Vantar fleiri vinnuvélar og vörubíla á söluskrá og á staðinn.**

**Vinnuvélar– tækjamiðlun ehf • Kistumel 2 • 116 Reykjavík • Sími 480 0444 • vinnuvelar@vinnuvelar.is**
**www.vinnuvelar.is**

## Vinnuvélar



Hitachi ZX 25
Árg 2004, 5,200 vst
hraðtengi og 2 skóflur
**Verð 2,500,000 + vsk**



Komatsu PC 27, árg 2007
2,900 tímar, hraðtengi,
fleyglagnir, 3 skóflur.
**Verð 3,600,000 + vsk**



Bobcat 430 AG, árg 2007
1,800 tímar, hraðtengi,
fleyglagnir, 3 skóflur.
**Verð 4,200,000 + vsk**



Hitachi ZX 350-1
Árg 2005, 12,700 tímar
Hraðtengi, fleyglagnir
Undirvagn 80%
**Verð 9,500,000 + vsk**



Iveco MT 180 krókeysi
Árg 1997, ekinn 177,000km
Góð dekk.
**Verð 1,500,000 + vsk**



M.Benz 4144
Árg 2007, ekinn 150,000km
m/snjómokstursbúnaði
Góð dekk.
**Verð 7,500,000 + vsk**

VÉLAFL
Uppl. í síma
893-8424 / set@velafl.is
og á 694-3700 / gk@velafl.is



Eigum til FRD fleyga á lager



Útvegum BOMAG þjöppur
með stuttum fyrirvara



Útvegum undirvagnshluti frá
LINSER undir allar vélar bæði á
stál og gúmmíbeltum





MEIREN snjótennur á vörubíla
og vinnuvélar,
Einnig snjóskóflur á vinnuvélar

VÉLAFL
Uppl. í síma
893-8424 / set@velafl.is
og á 694-3700 / gk@velafl.is


Ábendingahnappinn má
finna á www.barnaheill.is




## Húsaviðhald




VANTAR ÞIG
IÐNAÐARMANN?
JÁ IÐNAÐARMENN
Við þjónustum þig með
lítil sem stór verk.
Tímavinna eða tilboð.
Sími 544-4444 / 777-3600
www.jáiðnaðarmenn.is

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

Rafinn ehf. Löggiltur rafverktaki, tek að mér töfluskipti og almenn rafvirkjastörf. Uppl. í s. 557 4020/892 3429

## Trésmíði

**INNRETTINGAR.IS**
Sérsmíðum innréttingar eftir þínum þörfum. Sérsmíði ehf s. 587 0777.

## KEYPT & SELT

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!
www.kaupumgull.is
**Opið mán - lau 11-17, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin)**
**Upplýsingar í síma 661 7000**

## HEILSA

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU Á AÐEINS 1000 KR FM!**
129 - 5000 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

Til leigu 2ja herb. íbúð á sv. 200. Leiga 135þús per/mán. Uppl. í s. 893 3475

Stúdíóíbúð í Mörkinni / Vogahv. ca 40 fm. V. 92þ. Eldri en 30 ára, barnlaus. f. reglus. einstakl. S. 898 7868 milli kl. 13-16.

## Geymsluhúsnæði

**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Og ódýrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m2. Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers frá 3000 kr mán. Langtímasamningur í boði. S. 567 4046 & 892 0808.

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

## ATVINNA

## Atvinna í boði

**DEVITOS PIZZA**
Óskar eftir starfsfólki í afgreiðslu og pizzabakara. Dagvinna, næturvinna og um helgar.
**Uppl. í s. 697 8434**

**BIFREIÐASMIÐUR**
Viljum ráða bifreiðasmið. Okkar kröfur til starfsmanna eru: stundvísi, starfsáhugi og fagmennska. Bílverk BÁ, Gagnheiði 3, Selfoss S. 899 5424

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA JÁRNABINDINGAMENN?**
Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu og geta hafið störf nú þegar.
**Proventus starfsmannaþjónusta - Proventus.is S. 782-8800**




GEFÐU HÆNU
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar



NÝTT APP SEM HLJÓMAR VEL
Með nýjum vef og appi getur þú streymt þinni uppáhaldstónlist hvar og hvenær sem er.




Áskrifendur 365 fá tveggja mánaða áskrift að Tónlist.is og nýútkomna plötu Bubba Morthens, 18 konur.
Tilboðið gildir til 31. des. 2015 fyrir áskrifendur að völdum tilboðspökkum 365.
Tónlist
365



STRÁ



Starfsemi STRÁ ehf. býr að aldarfjórðungs reynslu og þekkingu á sviði starfsmanna- og ráðningarmála en stofan hefur unnið fyrir mörg helstu og leiðandi fyrirtæki landsins um árabil.

Rík áhersla er lögð á trúnað varðandi vörslu gagna og upplýsinga bæði gagnvart umsækjendum, sem og vinnuveitendum.

Ánægðir viðskiptavinir til margra ára hafa notið þjónustu STRÁ, en stofan hefur jafnframt umsjón með ráðningum í sérfræði- og stjórnunarstöður.

www.stra.is

Til hvers að auglýsa ?

Ef þú auglýsir sjálf-/ur eftir starfsmanni eyðir þú verulegum tíma í úrvinnslu innsendra umsókna.

Okkar styrkur er öflugur gagnabanki og yfir tveggja áratuga reynsla við að þjónusta fyrirtæki við leit að starfsmanni.

Sparaðu þér tíma, kostnað og fyrirhöfn - leitaðu aðstoðar fagmanna með langvarandi reynslu af ráðningarmálum.

STRÁ Starfsráðningar ehf. - Suðurlandsbraut 30 - sími 588-3031
stra@stra.is - gudny@stra.is - www.stra.is.

## fasteignir

### FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.

ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

**Þorláksgeisli 11. 3ja herbergja íbúð**

**Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45**




Glæsileg 101,1 fm. íbúð á 3. hæð með sérinngangi af svölum að meðtaldri 9,0 fm. geymslu á þessum vinsæla stað í Grafarholtinu. Sér stæði í lokaðri bílageymslu fylgir íbúðinni. Innréttingar eru úr eik og eikarparket á gólfum. Rúmgóðar flísalagðar svalir til suðvesturs. **Verð 34,9 millj.**
**Verið velkomin.**

# GRÍN, HASAR OG RÓMANTÍK Á BÍÓSTÖÐINNI

BÍÓSTÖÐIN ER Í SKEMMTI-PAKKANUM

Bíóstöðin er hluti af Skemmtipakkanum þar sem boðið er upp á kvikmyndir allan sólarhringinn.

365.is | Sími 1817

365

www.kadeco.is



**BREIÐBRAUT 671** STÆRÐ: 1360 M²

Ellefu 115 m² íbúðir. Allar í útleigu.



**BREIÐBRAUT 672** STÆRÐ: 1193 M²

Átta 160 m² raðhúsaíbúðir á góðum stað.



**BOGATRÖÐ 1** STÆRÐ: 1500 M²

Fyrrum viðhaldsverkstæði. Í byggingunni eru klefar og búnaður til bílasprautunar.



**BREIÐBRAUT 675** STÆRÐ: 1014 M²

Átta íbúðir 103-110 m² sem þarfnast endurbóta og frágangs.

# Viltu fjárfesta á vaxtarsvæði?

Fjöldi fasteigna af öllum stærðum og gerðum er til sölu eða leigu á Ásbrú. Meðal annars mikið af nýuppgerðu íbúðarhúsnæði og spennandi iðnaðarhúsnæði. Það er einnig mikið landrými á svæðinu sem er óráðstafað undir byggingar eða önnur mannvirki. Margar eignanna eru nú þegar í útleigu en allar eru þær áfram til sölu. **Þú getur skoðað þær nánar á kadeco.is**



**FLUGVALLARBRAUT 740** STÆRÐ: 1700 M²

Skrifstofuhúsnæði í tveimur álmum. Góð staðsetning í nálægð við Háaleitishlað Keflavíkurflugvallar.



**BOGATRÖÐ 23 2114** STÆRÐ: 370 M²

Stálgrindarhús með tveimur iðnaðarhurðum í sitthvorum enda.



**LINDARBRAUT 635** STÆRÐ: 1428 M²

Byggingin er með 24 einstaklingsíbúðum. Hver íbúð er tæplega 54 fermetrar og samanstendur af stofu, svefnherbergi og baðherbergi.



**GRÆNÁSBRAUT 605** STÆRÐ: 110 M²-150 M²

Sjö íbúðir 103-150 m² sem þarfnast endurbóta og frágangs.

Fjöldi annarra eigna er til sölu eða leigu á Ásbrú.

**BOGATRÖÐ** • 1 • 2 • 4 • 10 • 10A • 13 • 15 • 17 • 23 • 25 • 31 • 33 **BORGARBRAUT** • 953 • 960-963 • 962 **BREIÐBRAUT** • 643-647 • 643R • 668-669 • 668R • 670 • 671-679 • 671R • 672 • 673 • 674 • 675 **FERJUTRÖÐ** • 9 **FLUGVALLARBRAUT** • 701 • 710 • 732 - 736 • 749 • 740 • 752 • 755 • 770 • 771 • 773 • 778 • 790 • 937 • 941 **GRÆNÁSBRAUT** • 501 • 506 • 602-614 • 602R • 603-607 603R 604-606 • 604R 619 • 700 • 920 • 999 **HEIÐARTRÖÐ** 517 **KEILISBRAUT** • 745 • 747-748 • 747R • 749 • 750-751 • 750R • 753 • 755 • 762 • 770-778 • 770R • 771 • 773 **KLETTATRÖÐ** • 19A **LINDARBRAUT** 600 • 624 • 635 636 • 634R • 639 **SKÓGARBRAUT** • 914 • 915 • 916-918 • 917 • 919• 923 • 914 • 916-918 • 916R • 921 • 922 • 923 • 924 • 925 • 932 • 946 • 945 **SUÐURBRAUT** • 758 • 759 **VALHALLARBRAUT** • 738 • 743 • 744 756-757 • 756R • 763-764 • 763R

Við mat á tilboðum verður einkum horft til kaupverðs. Þó er áskilinn réttur til að meta hugmyndir bjóðenda um nýtingu og ráðstöfun eignanna, t.d. hvaða áhrif sú nýting hefur á eftirspurn eftir öðrum eignum á svæðinu og áhrif tiltekinnar nýtingar á nærsamfélagið. Ekki er um útboð á eignunum að ræða heldur sölu. Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar áskilur sér rétt til að taka því tilboði sem talið er hagstæðast, m.a. út frá ofangreindum þáttum eða hafna öllum.

ÁSBRÚ




Kadeco Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar | Sími 425 2100 | www.kadeco.is

PIPAR\TBWA-SÍA 152743

# Capacent Ráðningar

Ráðgjafar Capacent búa yfir víðtækri þekkingu á íslensku atvinnulífi og veita bæði fyrirtækjum og einstaklingum persónulega þjónustu þar sem fyllsta trúnaðar er gætt.
**Kynnið ykkur þjónustuna á www.capacent.is**

capacent

# FRÉTTABLAÐIÐ

# 61,1%

**íbúa á höfuðborgarsvæðinu á aldursbilinu 12–80 ára lesa Fréttablaðið daglega.***

Sá fjöldi myndi fara langt með að fylla sæti Laugardalsvallar tíu sinnum.






Skv. prentmiðlakönnun Gallup, júlí–sept. 2015.




Allt sem þú þarft ...




## KR með fullt hús í DHL-höllinni á árinu 2015

Stærð sigra KR-liðsins á heimavelli í deild og úrslitakeppni

# Fullkomið ár KR-inga í Vesturbænum

**KR-ingar unnu síðasta heimaleikinn sinn fyrir áramót og enduðu því árið 2015 með hundrað prósent sigurhlutfall á heimavelli sínum á árinu. Engu liði hafði tekst það í karlakörfunni í níu ár og aðeins fimm önnur hafa afrekað slíkt frá stofnun úrslitakeppninnar.**

**KÖRFUBOLTI** Karlalið KR-inga hefur orðið Íslandsmeistari undanfarin tvö ár og þar býr þetta frábæra lið að því að eiga afar öflugan heimavöll í DHL-höllinni við Frostaskjól.

KR-ingar töpuðu ekki heimaleik á almanaksárinu 2015 og er það í fyrsta sinn í sögu félagsins síðan lið þurftu að fara í gegnum úrslitakeppni til að hampa Íslandsmeistaratitlinum.

KR-liðið vann ekki aðeins alla 17 heimaleiki ársins 2015 því liðið vann einnig síðustu átta heimaleiki ársins 2014. KR-ingar hafa því unnið 25 heimaleiki í röð á Íslandsmótinu eða alla leiki síðan liðið tapaði 76-95 á móti Stjörnunni í þriðja leik undanúrslitaeinvígis liðanna 2014. KR komst í lokaúrslitin með sigri í Garðabæ í næsta leik á eftir og hefur unnið alla heimaleiki sína á Íslandsmóti á þeim tuttugu mánuðum sem eru liðnir síðan.

KR-liðið hefur unnið 11 af þessum 17 leikjum með meira en tíu stigum þar af sex með tuttugu stigum eða meira. Þrír sigranna stóðu hins vegar ansi tæpt og KR-ingar þurftu þá fimm framlengingar í þessum þremur leikjum til þess að landa sigri. KR vann þannig 113-110 sigur á ÍR í fyrsta heimaleik ársins 2015 eftir tvíframlengdan leik þar sem ÍR-ingar komust mest 19 stig yfir. KR-ingar þurftu einnig tvær framlengingar til þess að vinna Njarðvíkinga í oddaleik í undanúrslitum í úrslitakeppninni síðasta vor og unnu síðan Tindastól eftir framlengdan leik í deildarkeppninni á dögunum.

KR-ingar eru aðeins sjötta liðið sem nær að vinna alla heimaleiki ársins í deild og úrslitakeppni síðan úrslitakeppnin var sett á laggirnar árið 1984. Engin af hinum fimm liðunum hafa aftur á móti leikið jafnmarga taplausa heimaleiki á árinu. Síðasta lið til að ná fullkomnu ári á heimavelli var lið Njarðvíkinga sem vann alla 15 heimaleiki sína undir stjórn Einars Árna Jóhannssonar árið 2006. Njarðvíkingar urðu Íslandsmeistarar þetta ár en töpuðu í lokaúrslitunum árið eftir.

Keflavíkurliðið frá árinu 2004 er síðan eina annað liðið á þessari öld (frá 2000) sem hefur unnið alla heimaleiki sína á einu ári en Keflvíkingar unnu alla sextán heimaleiki sína fyrir ellefu árum. Keflavík varð Íslandsmeistari vorið 2004 og vann titilinn einnig vorið eftir og þá þriðja árið í röð.

Keflavík og Njarðvík eiga einnig hin þrjú liðin sem hafa náð fullkomnu ári á heimavelli því Keflavíkurliðið frá 1998 og Njarðvíkurliðin frá 1986 og 1987 afrekuðu þetta einnig. Njarðvíkingar voru þarna ósigraðir tvö ár í röð í Ljónagryfjunni á Íslandsmóti og eina tapið árið eftir (1988) kom í tvíframlengdum oddaleik um Íslandsmeistaratitilinn á móti Haukum. Haukar bundu þá enda á fjögurra ára sigurgöngu Njarðvíkur á Íslandsmóti en Njarðvíkurliðið hafði þá unnið 29 af 30 Íslandsmótsleikjum í Ljónagryfjunni frá 1986 til 1988.

Þjálfarinn Finnur Freyr Stefánsson er á sínu þriðja tímabili með KR-liðið og það er ekki hægt að kvarta mikið yfir árangrinum. KR hefur unnið 50 af 55 deildarleikjum undir hans stjórn og hefur enn ekki tapað seríu í úrslitakeppninni. Þegar kemur að leikjum í DHL-höllinni sprengir KR-liðið hins vegar flesta skala með því að hafa unnið 38 af 40 heimaleikjum í deild og í úrslitakeppni undir stjórn Finns.

ooj@frettabladid.is




Valur Ingimundarson var allt í öllu hjá Njarðvíkurliðinu 1986 og 87.



Sigurður Ingimundarson og Nick Bradford unnu vel saman hjá Keflavíkurliðinu árið 2004. Hér fagna þeir Íslandsmeistaratitli vorið eftir.




Jeb Ivey og Halldór Rúnar Karlsson fagna Íslandsmeistaratitli Njarðvíkinga 2006 en liðið tryggði sér titilinn með sigri á Skallagrími í Borgarnesi.

## KR-ingar komust í fámennan hóp taplausra liða – Fimm önnur lið hafa unnið alla heimaleiki sína í deild og úrslitakeppni á einu ári

**NJARÐVÍK 1986**
11 sigrar í 13 leikjum
9 sigrar í deild
2 sigrar í úrslitakeppni

**Þjálfari** Gunnar Þorvarðarson (1985-86) og Valur Ingimundarson (1986-87)
*Varð Íslandsmeistari 1986 og 1987*

**NJARÐVÍK 1987**
11 sigrar í 11 leikjum
9 sigrar í deild
2 sigrar í úrslitakeppni

**Þjálfari** Valur Ingimundarson
*Varð Íslandsmeistari 1987*
*Tapaði í lokaúrslitum 1988*

**KEFLAVÍK 1998**
13 sigrar í 13 leikjum
10 sigrar í deild
3 sigrar í úrslitakeppni

**Þjálfari** *Sigurður Ingimundarson*
*Tapaði í oddaleik í undanúrslitum*
*Varð Íslandsmeistari 1999*

**KEFLAVÍK 2004**
16 sigrar í 16 leikjum
10 sigrar í deild
6 sigrar í úrslitakeppni

**Þjálfarar** Falur Harðarson, og Guðjón Skúlason (2003-04) og Sigurður Ingimundarson (2004-05)
*Varð Íslandsmeistari 2004 og 2005*

**NJARÐVÍK 2006**
**15** sigrar í **15** leikjum
**10** sigrar í deild
**5** sigrar í úrslitakeppni

**Þjálfari** Einar Árni Jóhannsson
*Varð Íslandsmeistari 2006*
*Tapaði í lokaúrslitum 2007*


Alvöru
FLUGELDAR
...og þú heyrir, finnur og sérð svo sannarlega muninn!
Kíktu við í dag!
OPIÐ TIL KL. 22:00
TILBOÐ
600 skota
6.500
14.900
Vöruauki
ÞÝÐIR AÐ ÞÚ FÆRÐ MEIRA!
XXL PAKKINN
25.900
XXL PAKKINN
Fáðu meira fyrir peninginn!
Ef þú kaupir fyrir 20.000 færðu 20% meiri vöru að auki!*
Ef þú kaupir fyrir 30.000 færðu 30% meiri vöru að auki!*
Ef þú kaupir fyrir 50.000 færðu 40% meiri vöru að auki!*
Ef þú kaupir fyrir 60.000 færðu 50% meiri vöru að auki!*
Ef þú kaupir fyrir 100.000 færðu 60% meiri vöru að auki!*
*Gildir LÍKA á fjölskyldupökkum og öðrum tilboðum!
7.900
3 TOMMU AÐEINS
2.900stk
1. VINNINGUR
FM957
Dreginn út miðv.d.
XXL PAKKINN
SKRÁÐU ÞIG TIL LEIKS NÚNA Á www.fm957.is
VERÐMÆTI
207.700.-
New Effect 150 skota(minni) 39.900 kr, Pink Cadillac 36 skota 8.900 kr, Wietnam 36 skota 8.900 kr, Missiles 600 skota 6.900 kr, Montecristo 16 skota 2.900 kr, Flower Exhibition 100 skota 7.900 kr, Partybox 80 skota 6.900 kr, Hvellir 25 skota 2.200 kr, 25s Cake 2.200 kr, Roundcake 13 skota 2.900 kr, Happy go Lucky 19 skota 4.900 kr, Punto Amarillo 19 skota 6.900 kr, Serenade 81 skota 18.900 kr, Hot Shot 56 skota 14.900 kr, XXL Fjölskyldupakki 25.900 kr, Gullregn og Hvellir 100 skota 22.900 kr, 2 stykki af Miðnætur rakettu 7.800 kr, Crackling Sky 49 skota 15.900 Kr
2. VINNINGUR
FM957
Dreginn út í dag
XXL PAKKINN
SKRÁÐU ÞIG TIL LEIKS NÚNA Á www.fm957.is
VERÐMÆTI
105.300.-
Missiles 600 skota 6.900 kr, 2 stykki af Miðnætur rakettu 7.800kr, Hot Shot 56 skota 14.900 kr, Serenade 81 skota 18.900 kr, XXL Fjölskyldupakki 25.900 kr, Round Cake 13 skota 2.900 kr, Punto Amarillo 19 skota 6.900 kr, Pink Cadillac 36 skota 8.900 kr, Happy go Lucky 19 skota 4.900 kr, 25s Cake 2.200 kr, Montecristo 16 skota 2.900 kr, Hvellir 25 skota 2.200 Kr
Vá!!
39.900
★Opnunartími:
28. des. frá kl. 10:00 - 22:00
29. des. frá kl. 10:00 - 22:00
30. des. frá kl. 10:00 - 22:00
31. des. frá kl. 10:00 - 16:00
SÖLUSTAÐIR OKKAR ERU:
Skeifan 19
(við hliðina á Myllunni)
Einar 899 6005
Lækjargata 2
(áður videóleiga)
Emil / Guðni 694 4150
Bæjarlind 14-16
(að neðanverðu hjá versl. Línunni)
Jóhann & Ragnar 690 7424
Smiðjuvegur 6
(Beint á móti Íspan)
Hrafnhildur 867 2112
Vitinn, Oddeyrarbryggju
(við Eimskip)
Steinar 694 9021
SKOÐAÐU VIDEO AF FLUGELDUNUM Á HEIMASÍÐU OKKAR WWW.FLUGELDAR.COM

# TÍMAMÓT



✝

Þökkum innilega öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamömmu, ömmu og langömmu,

**Guðrúnar Jóhannesdóttur Michelsen**

Ljósheimum 2,

sem lést 4. nóvember síðastliðinn. Þökkum öllum vinum og fjölskyldu sem glöddu hana á síðustu mánuðum lífsins. Sérstakar þakkir til starfsfólks á deildinni Miklatorgi á Hrafnistu í Reykjavík fyrir góða og persónulega umönnun.

**Anna Sigrún Björnsdóttir**
**Jóhanna Björnsdóttir**

---



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

**Guðmundur Helgi Haraldsson**

vélstjóri,
Sóleyjarima 15
(áður Funafold 29),

lést á krabbameinsdeild 11E á Landspítala þann 20. desember síðastliðinn. Útför fer fram frá Grafarvogskirkju þriðjudaginn 5. janúar kl. 13.00.

**Helga I. Þorkelsdóttir**
**Virginia Eva Guðmundsdóttir**
**Helgi Þór Guðmundsson** **Edith Þ. Pétursdóttir**
**Gunnar Már Guðmundsson** **Marta María Hirst**
**og barnabörn.**

---



✝

Yndisleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**Anna Jeppesen**

kennari,

sem lést þann 15. desember síðastliðinn á líknardeild LSH í Kópavogi, verður jarðsungin frá Fríkirkjunni í Reykjavík miðvikudaginn 30. desember kl. 13. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á heimahlynningu og líknardeild LSH í Kópavogi.

**Grímur Leifsson**
**Emil Grímsson** **Rikke Elkjær Knudsen**
**Leifur Grímsson** **Elsa Hrönn Reynisdóttir**
**Sigríður Sif Grímsdóttir** **Árni Arnórsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---





*Útfarar- og lögfræðiþjónusta*

Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánarbússkiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.

*Með kærleik og virðingu*

Útfararstofa Kirkjugarðanna
Vesturhlíð 2 Fossvogi | Sími 551 1266 | **útför.is**


---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is**. Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.

---



✝

Elskulegur eiginmaður, pabbi, bróðir, sonur, afi, tengdasonur, tengdapabbi og vinur,

**Juan Francisco Palmero Valencia**

lést af slysförum þann 21. desember. Útför fer fram frá Árbæjarkirkju miðvikudaginn 30. desember kl. 15.00.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Nataly Sæunn Valencia**

---



✝

Þökkum innilega auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Þóru Viktorsdóttur**

Sérstakar þakkir til starfsfólks hjúkrunarheimilisins Skjóls fyrir góða og kærleiksríka umönnun.

**Halldór Úlfarsson**
**Þóra Úlfarsdóttir** **Ásgeir Magnússon**
**börn og barnabörn.**

---



✝

Elskuleg móðir mín,

**Gróa Aðalheiður Þorgeirsdóttir**

frá Ytra-Nýpi, Vopnafirði,
síðast Skúlagötu 20, Reykjavík,

verður jarðsungin þriðjudaginn 29. desember frá Háteigskirkju kl. 13.

**Kristín Rannveig Óskarsdóttir**

---



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Sigríður S. Egilsdóttir**

áður til heimilis að Lindargötu 66,
Reykjavík,

lést á lungnadeild Landspítalans aðfaranótt 24. desember.

**Sigurður R. Blomsterberg** **Ólöf Þ. Ólafsdóttir**
**Ólafur G. Þórólfsson** **Alda Aðalsteinsdóttir**
**Ragnheiður R.S. Þórólfsdóttir** **Þorvaldur Jensson**
**Margrét A. Þórólfsdóttir** **Hörður Magnússon**
**ömmubörn og langömmubörn.**

---



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Steinunn Ósk Gísladóttir**

Viðarási 23,

verður jarðsungin frá Árbæjarkirkju miðvikudaginn 30. desember kl. 13.

**Tómas Sigurðsson**
**Ingvi Tómasson** **Rut Kjartansdóttir**
**Trausti Tómasson** **Hrafnhildur Hrafnsdóttir**
**Judit Traustadóttir** **Hjálmar Pétursson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar

**Guðnýjar Pálsdóttur**

Blönduósi.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk Heilbrigðisstofnunarinnar á Blönduósi fyrir hlýja og kærleiksríka umönnun.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Páll Kristinsson** **Ása Bernharðsdóttir**
**Hjálmfríður Kristinsdóttir** **Ólafur G. Sæmundsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Kær móðir okkar,

**Ragnheiður Magnúsdóttir**

Furugerði 1, Reykjavík,

andaðist á Landspítalanum 22. desember sl. Útför hennar fer fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Pétur Óli Pétursson, Magnús Pétursson og fjölskyldur.**

---



✝

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns,

**Guðjóns E. Jónssonar**

Álfaskeiði 55, Hafnarfirði.

Starfsfólki líknardeildar færi ég sérstakar þakkir fyrir frábæra umönnun og hjúkrunarteymi Karitas fyrir alla hjálpina.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Alrún Klausen**

---



✝

Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**Anna Kristín Aradóttir**

Lautasmára 1, Kópavogi,

lést á Hrafnistu í Reykjavík 8. desember. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför hennar. Sérstakar þakkir til starfsfólks á hjúkrunardeild A3 Hrafnistu í Reykjavík.

**Halldór Marteinsson**
**Ari Halldórsson**
**Marteinn Halldórsson** **Ólöf Ágústsdóttir**
**Anna Katrín Halldórsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Okkar ástkæra dóttir, eiginkona, móðir og amma,

**dr. Sölvína Konráðs**

Hrísholti 7, Garðabæ,

lést á heimili sínu á aðfangadag. Að ósk hinnar látnu mun útförin fara fram í kyrrþey.

**Ásta Karlsdóttir**
**Garðar Garðarsson**
**Ásta Hrafnhildur Garðarsdóttir**
**Ragna Benedikta Garðarsdóttir**
**og dætrasynir.**

---



✝

Elskuleg eiginkona, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**Sigrún Erla Sigurðardóttir**

lést í faðmi fjölskyldunnar á heimili sínu að Breiðuvík 21 þann 24. desember. Útförin fer fram frá Akraneskirkju mánudaginn 4. janúar kl. 13.

**Haukur Ármannsson**
**börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabarn.**

---



✝

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Jón Halldór Olsen Björnsson**

Hringbraut 63,
Keflavík,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, fimmtudaginn 17. desember. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju mánudaginn 4. janúar 2016 kl. 11.00.

**Hanna Ingimundardóttir**
**og aðrir aðstandendur.**

netto

# JÓLASPILIÐ Í ÁR




**KASTAÐU TENINGUNUM OG FINNDU ORÐ TIL AÐ SKÝRA ÚR STÖFUNUM SEM KOMA UPP.**

www.nettó.is

Mjódd - Salavegur - Búðakór- Grandi - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær - Borgarnes - Egilsstaðir - Selfoss




## PLASTBOX
# 30%
AFSLÁTTUR

## PRJÓNAGARN
# 25-50%
AFSLÁTTUR

## INNILEIKFÖNG
# 30%
AFSLÁTTUR

## BÚSÁHÖLD
# 25%
AFSLÁTTUR

## FERÐATÖSKUR
# 25%
AFSLÁTTUR

## LJÓS
# 25%
AFSLÁTTUR

TACTIX



**TACTIX**
verkfærabox, 50,7 cm.

**1.663 kr.**

72320112
Almennt verð: 2.375 kr.

30% AFSLÁTTUR

TACTIX

30% AFSLÁTTUR



**TACTIX**
trésmíðasög, 550 mm.

**1.243 kr.**

Almennt verð: 1.775 kr.

30% AFSLÁTTUR



**ELLIX** klaufhamar
með stálskafti.

**620 kr.**

Almennt verð: 885 kr.



20% AFSLÁTTUR

**TORIN**
verkfæravagn.

**19.996 kr.**

Almennt verð: 24.995 kr.

20% AFSLÁTTUR



**ARMATURA**
vegghengt salerni,
án setu.

**7.836 kr.**

13001410
Almennt verð: 9.795 kr.



30% AFSLÁTTUR

**GROHE Concetto**
handlaugartæki.

**12.597 kr.**

15332204
Almennt verð: 17.995 kr.



25% AFSLÁTTUR

**GROHE EUROSMART COSMOPOLITAN**
handlaugartæki með lyftitappa.

**10.496 kr.**

15332825
Almennt verð: 13.995 kr.



50% AFSLÁTTUR

**Matarstell**, hvítt, 30 stk.

**3.998 kr.**

41100119
Almennt verð: 7.995 kr.

bavaria



**BAVARIA** höggborvél.

**2.987 kr.**

Almennt verð: 4.595 kr.

35% AFSLÁTTUR

bavaria



25% AFSLÁTTUR

**BAVARIA BOS**
juðari. 135W

**1.871 kr.**

74801020
Almennt verð: 2.495 kr.

Einhell



25% AFSLÁTTUR

**EINHELL** rafhlöðuborvél.
Tvær 18V rafhlöður fylgja.

**6.146 kr.**

Almennt verð: 8.195 kr.



60% AFSLÁTTUR

**Skíðahjálmar** fyrir börn og
fullorðna. Svartur eða hvítur.

**1.998 kr.**

Almennt verð: 4.995 kr.

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndbrengl | Tilboðin gilda frá 26. desember 2015 til 10. janúar 2016



SALA
HEFST Í DAG Í ÖLLUM VERSLUNUM BYKO
JÓLAVÖRUR
30-60%
AFSLÁTTUR
JÁRNHILLUR
40%
AFSLÁTTUR
SADOLIN OG PINOTEX
25%
AFSLÁTTUR
VERKFÆRABOX
30%
AFSLÁTTUR
KÄRCHER HÁÞRÝSTIDÆLUR
20%
AFSLÁTTUR
BLÁR EINHELL
25%
AFSLÁTTUR
80%
AFSLÁTTUR
LJÓSAKRÓNA,
króm, 50 cm, 5x14.
2.962 kr.
180x75x30 cm
40%
AFSLÁTTUR
297 kr.
40%
AFSLÁTTUR
STANDARD ECO
180x75x30 cm.
4.377 kr.
CAT VINNUSOKKAR
25%
AFSLÁTTUR
FJÖLDI ANNARRA
VARA Á LÆKKUÐU VERÐI
– GERÐU SVAKALEGA GÓÐ KAUP
50%
AFSLÁTTUR
448 kr.
50%
AFSLÁTTUR
3.598 kr.
BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Þriðjudagur




Suðaustan 5-13 m/s. Snjókoma um tíma sunnan- og vestanlands, en rigning eða slydda við ströndina. Á Norður- og Austurlandi hangir hann líklega þurr fram eftir degi. Hiti nálægt frostmarki. Snýst í norðaustanátt í kvöld og hvessir með slyddu eða snjókomu sunnan- og austanlands.

### Miðvikudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 2° | -0° | -1° |
| ↗17 | →11 | ↗35 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 1° | 2° | -4° |
| ↑20 | ↗10 | ↑28 |

### Fimmtudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| -2° | -5° | -6° |
| ↖6 | ↖9 | ↙2 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 1° | -0° | -4° |
| ↖12 | ↗2 | ↖13 |

## Þrautir

### Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. dylja
6. íþróttafélag
8. magi
9. þunnur vökvi
11. berist til
12. slímdýr
14. stopp
16. tveir eins
17. í hálsi
18. tímabils
20. ung
21. baktal

**LÓÐRÉTT**
1. ávinna
3. skammstöfun
4. land
5. sigað
7. safna
10. fálm
13. hryggur
15. greinilegur
16. blekking
19. vörumerki

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT: 2.** fela, **6.** fh, **8.** hit, **9.** lap, **11.** bt, **12.** amaba, **14.** stans, **16.** tt, **17.** kok, **18.** árs, **20.** ný, **21.** last.
**LÓÐRÉTT: 1.** afla, **3.** eh, **4.** líbanon, **5.** att, **7.** hamstra, **10.** pat, **13.** bak, **15.** skýr, **16.** tál, **19.** ss.

### Skák Gunnar Björnsson

Nikita Vitiugov (2.724) átti leik gegn Krishnan Sasikiran (2.638) á Katar-skákmótinu.



**Hvítur á leik**

**30. Re8+!** (30. Re6+ leiðir til sömu niðurstöðu en textaleikurinn er óneitanlega töluvert flottari). **30. … Dxe8**
**31. Dxd8 Df7 32. Hd6** og hvítur vann auðveldlega nokkru síðar.

**www.skak.is:** Jólahraðskákmót TR í kvöld.






## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | | | | | 1 | 5 | | 3 |
| | 7 | | | 9 | | 6 | | |
| 8 | | 6 | | | 5 | 9 | 7 | |
| | | 4 | | | 6 | 8 | | 9 |
| | | | 2 | | 8 | | | |
| 1 | | | 4 | | | 3 | | |
| | 2 | | 5 | | | | | |
| 6 | | | 1 | | 7 | 4 | 5 | |
| 7 | | 8 | | 6 | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 2 | 5 | | 6 | 1 | | | 4 |
| | | | 8 | | 3 | 2 | | |
| 9 | 1 | | | 2 | 4 | | | |
| 1 | | 2 | | | | | 4 | |
| 5 | | | | 4 | | | | 7 |
| | | 4 | | | | 9 | 3 | |
| 6 | | | | | | | 8 | |
| | 7 | | | 5 | | | 1 | |
| | 5 | | 3 | | | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 5 | | 6 | | 1 |
| 5 | | | 4 | | 3 | | | |
| 2 | | | | 8 | | | 5 | 9 |
| | | | | | 4 | 8 | 1 | |
| 7 | | 5 | 6 | | | | | |
| | | 6 | | 9 | 2 | | | |
| 6 | | 8 | 9 | | | 1 | | 4 |
| | | | | | 6 | | | |
| 1 | | 4 | 8 | | | | | 2 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

**Lausn síðustu sudoku** →

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 5 | 1 | 6 | 9 | 2 | 7 | 8 | 4 |
| 7 | 4 | 2 | 8 | 1 | 3 | 6 | 9 | 5 |
| 8 | 9 | 6 | 4 | 5 | 7 | 2 | 3 | 1 |
| 5 | 1 | 8 | 7 | 6 | 9 | 4 | 2 | 3 |
| 2 | 3 | 7 | 1 | 4 | 8 | 5 | 6 | 9 |
| 9 | 6 | 4 | 2 | 3 | 5 | 8 | 1 | 7 |
| 4 | 7 | 3 | 9 | 8 | 6 | 1 | 5 | 2 |
| 6 | 2 | 9 | 5 | 7 | 1 | 3 | 4 | 8 |
| 1 | 8 | 5 | 3 | 2 | 4 | 9 | 7 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 6 | 8 | 2 | 7 | 1 | 5 | 3 | 9 |
| 5 | 2 | 7 | 3 | 9 | 6 | 1 | 4 | 8 |
| 9 | 1 | 3 | 8 | 5 | 4 | 6 | 7 | 2 |
| 2 | 3 | 4 | 6 | 1 | 8 | 7 | 9 | 5 |
| 8 | 5 | 6 | 7 | 2 | 9 | 4 | 1 | 3 |
| 1 | 7 | 9 | 4 | 3 | 5 | 8 | 2 | 6 |
| 7 | 4 | 2 | 5 | 6 | 3 | 9 | 8 | 1 |
| 6 | 8 | 1 | 9 | 4 | 2 | 3 | 5 | 7 |
| 3 | 9 | 5 | 1 | 8 | 7 | 2 | 6 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 6 | 1 | 8 | 9 | 2 | 4 | 3 | 7 |
| 8 | 7 | 9 | 1 | 3 | 4 | 2 | 5 | 6 |
| 2 | 3 | 4 | 5 | 6 | 7 | 8 | 9 | 1 |
| 3 | 5 | 6 | 4 | 2 | 1 | 7 | 8 | 9 |
| 9 | 2 | 8 | 7 | 5 | 6 | 1 | 4 | 3 |
| 1 | 4 | 7 | 9 | 8 | 3 | 5 | 6 | 2 |
| 7 | 8 | 3 | 2 | 4 | 9 | 6 | 1 | 5 |
| 4 | 9 | 2 | 6 | 1 | 5 | 3 | 7 | 8 |
| 6 | 1 | 5 | 3 | 7 | 8 | 9 | 2 | 4 |

## Myndasögur

### PONDUS

Eftir Frode Øverli




### GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### BARNALÁN

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





ÚTSALA ÁRSINS
TÖLVUR OG TÖLVUBÚNAÐUR Á ÓTRÚLEGU VERÐI
0% VEXTIR
ALLAR VÖRUR VAXTALAUST Í 12 MÁNUÐI
Til áramóta fást allar vörur með vaxtalausum raðgreiðslum með 3.5% lántökugjaldi og 405kr greiðslugjaldi af hverjum gjalddaga
ÁRAMÓTA 68 SKOTA KAKA
FYLGIR NÝJUSTU ACER FARTÖLVUNUM
MEÐAN BIRGÐIR ENDAST
75% AFSLÁTTUR
ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR AF YFIR 1000 TÖLVUVÖRUM
MÖNDLUBÁSINN VERÐUR Á ÚTSÖLU ÁRSINS!
LJÚFFENGAR NÝ-RISTAÐAR MÖNDLUR Á STAÐNUM
FYRSTU 100 GESTIR DAGSINS FÁ POKA AF NÝRISTUÐUM MÖNDLUM
OPNUM 12:00 Í DAG ÚTSÖLU ÁRSINS
Tilboð gilda dagana 28-31 desember 2015 eða meðan birgðir endast • Öll verð eru afsláttarverð birt með fyrirvara um villur
ÚTSALA ÁRSINS
Þriðjudag og miðvikudag
12:00 - 18:00
Gamlársdag
09:00-12:00
LOKAÐ 1-3.JAN 2016
OPNUM AFTUR 4. JAN KL 10:00
TÖLVUTEK
Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

# Skrykkjótt en áhugavert ferðalag

LEIKHÚS

**Sporvagninn Girnd**

★★★☆☆

**eftir Tennessee Williams**

Þjóðleikhúsið
**Leikstjóri:** Stefán Baldursson
**Leikendur:** Nína Dögg Filippusdóttir, Baltasar Breki Samper, Lára Jóhanna Jónsdóttir, Guðjón Davíð Karlsson, Edda Arnljótsdóttir, Pálmi Gestsson, Hallgrímur Ólafsson, Ísak Hinriksson, Baldur Trausti Hreinsson og Lilja Guðrún Þorvaldsdóttir
**Leikmynd:** Þórunn Sigríður Þorgrímsdóttir
**Búningar:** Filippía I. Elísdóttir
**Lýsing:** Magnús Arnar Sigurðarson
**Hljóðmynd:** Elvar Geir Sævarsson
**Þýðing:** Karl Ágúst Úlfsson

Taugastrekkt kona stendur með ferðatösku í subbulegri íbúð í New Orleans. Hitinn er nánast óbærilegur í borginni en hún skelfur örlítið. Blanche DuBois tók sporvagn til Ódáinsvalla þar sem örlögin bíða hennar. Verkið er auðvitað Sporvagninn Girnd, eitt af þekktustu leikritum tuttugustu aldarinnar, og er fagnaðarefni að Tennessee Williams rati aftur á fjalirnar.

Stefán Baldursson, fyrrverandi þjóðleikhús- og óperustjóri, snýr aftur á kunnuglegar slóðir óhræddur við að snúa upp á hefðina. Verra er að tilraunirnar ganga sjaldan upp. Sýningin höktir frá byrjun og fyrir hlé vantaði allan kraft í framvinduna. Tempóið í sýningunni nær aldrei stöðugum takti; sumar senurnar eru teygðar og aðrar framsettar í flýti. Óbærilegur hiti New Orleans er sjaldan undirstrikaður á skilvirkan hátt en mollan verður að vera eins og aukapersóna í verkinu.

Nína Dögg Filippusdóttir leikur Blanche DuBois. Hlutverkið er gífurlega erfitt og krefst mikillar hæfni að ná bæði harminum og húmornum sem hún ber með sér. Nína Dögg byrjaði hálf brösulega en óx ásmeginn þegar líða tók á sýninguna, sérstaklega eftir hlé þegar taugaveiklunin nær yfirhöndinni. Þá náði hún bæði að sýna hinar viðkvæmu hliðar Blanche en líka tilgerðarlega kímnigáfu hennar.

Eitt af helstu vandamálum sýningarinnar er að Nínu Dögg vantar sterkari mótleik. Stefán tók virðingarverða áhættu með því að ráða nýútskrifaðan leikara í hlutverk Stanleys en eins og með annað í sýningunni borgar áhættan sig ekki. Þrátt fyrir ógnandi framkomu nær Baltasar Breki Samper aldrei nægilega góðum tökum á þessu krefjandi hlutverki. Hann spígsporar um íbúðina eins og ljón í búri, tilbúinn í næstu árás en blæbrigðin vantar. Þau koma með reynslunni. Lára Jóhanna Jónsdóttir fer með hlutverk Stellu, systur Blanche sem hefur sagt skilið við fortíðina og vill skapa sér öðruvísi framtíð með Stanley. Hún var heldur ekki nægilega góð og frekar einsleit, bæði í leik og raddbeitingu.

Hinn misheppnaða Mitch leikur Guðjón Davíð Karlsson en hann var heldur ekki nægilega sannfærandi. Hann hittir þó í mark í lokasenunni. En Ísak Hinriksson á skilið hrós fyrir sitt smáa en mikilvæga hlutverk sem ungi pilturinn sem Blanche heillast af í stundarkorn. Önnur hlutverk eru smá en Pálmi Gestsson og Edda Arnljótsdóttir ná vel saman sem brussulegu hjónin á efri hæðinni.

Erfitt er að ræða grundvallarbreytingu á handritinu en lokaátök Blanche og Stanleys fara í mjög óvænta átt og vert er að spyrja hvort svo gróf breyting sé réttmæt. Síðustu setningar senunnar hafa líka verið klipptar út. Innri átök verksins breyta þannig algjörlega um stefnu og lokasena verksins verður óskýr.

Leikmynd Þórunnar Sigríðar Þorgrímsdóttur var alls ekki nógu góð, bæði var hún óspennandi og óhentug verkinu. Grunnskipulag leikmyndarinnar er mjög skrítin og persónur virtust geta gengið í gegnum veggi. Að setja baðherbergið, þar sem Blanche dvelur löngum stundum, á jafn áberandi stað er spennandi hugmynd en útfærslan var afleit. Lýsingin inni í klefanum var ekki nægilega góð til að hugmyndin fengi að njóta sín, sem og reyndar lýsingin almennt. Magnús Arnar Sigurðarson gerir ágætlega í ljósahönnuninni en ekkert nýtt er á boðstólum.



Nína Dögg náði bæði að sýna viðkvæmu hliðar Blanche en líka tilgerðarlega kímnigáfu hennar, segir í dómnum.

Hljóðmyndin var aftur á móti virkilega fín; óvenjuleg en með klassískum áherslum. Saxófónstef eru áberandi en poppið fær líka að njóta sín í vinnu Elvars Geirs Sævarssonar. Þess væri óskandi að búningar Filippíu I. Elísdóttur hefðu verið jafn spennandi. Búningaskipti eru tíð en fáir búningar eftirminnilegir, nema kannski gömlu glamúrfötin hennar Blanche.

Karl Ágúst Úlfsson sér um nýju þýðinguna en nær ekki að framkalla þá dýpt sem liggur í texta Williams þrátt fyrir ágæta kafla. Blanche á ekki heima í þessu umhverfi og orðaval hennar verður að undirstrika það. Örlagasaga hennar um unga drenginn sem hún elskaði verður of augljós í þýðingunni, atburðir eru útskýrðir af Stellu en ekki gefnir í skyn. Belle Reve verður að Draumaslóð sem hljómar eins og götuheiti í úthverfi en ekki glæsilegt ættaróðal.

Blanche DuBois berst við að færa töfra og drauma inn í ískaldan raunveruleikann sem ber hana stöðugt á bak aftur. Nína Dögg stendur sig með prýði en yfirborðskennd leikstjórn og skortur á sterkum mótleik er henni til ama. **Sigríður Jónsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Óstöðug en áhugaverð sýning. Nína Dögg verður sterkari með hverri senu.

# Sóló, dúettar og allir syngja saman

„Söngvararnir flytja sín uppáhaldslög og aríur og fá að njóta sín til fulls. Þar verður léttmeti og stór og flott númer inn á milli, sólólög, dúettar og svo syngja allir saman. Það má líkja þessu við bland í poka,“ segir Óskar Einarsson tónlistarstjóri um söngskemmtanir Óperudrauganna Garðars Thórs Cortes, Gissurar Páls Gissurarsonar, Dísellu Lárusdóttur, Odds Arnþórs Jónssonar og Valgerðar Guðnadóttur nú í kringum áramótin, bæði sunnan og norðan heiða.

Sjálfur spilar Óskar á píanó á tónleikunum og strengjasveit Reykjavíkur Strings Session leikur líka með draugunum í ár.

Óskar segir bæði um sönleikjalög að ræða og aríur úr helstu óperum bókmenntanna. „Tónlist sem allir vilja heyra,“ fullyrðir hann og kveðst hlakka mikið til tónleikanna.

„Garðar kemur glóðvolgur heim frá Hamborg til að taka þátt í Óperudraugunum. Þar hefur hann verið að syngja aðalhlutverkið í söngleiknum Love Never Dies eftir Andrew Lloyd Webber. Andrew lauk við endurgerðina í fyrra og leitaði um allan heim að söngvurum í verkefnið. Söngleikurinn heitir upp á Þýsku „Liebe Stirbt Nicht – Phantom II“ og er sýndur í einu virðulegasta tónlistarhúsi Þýskalands, Stage Operettenhaus í Hamborg. Oddur Arnþór kemur líka frá Þýskalandi til að taka þátt í verkefninu. Hann sló í gegn í Rakaranum í Sevilla í Íslensku óperunni í haust og fer beint að vinna í næstu uppsetningu þar í byrjun janúar. Valgerður söng líka í Rakaranum hlutverk Bertu og Dísella söng í Metropolitan í New York í haust eitt aðalhlutverkanna í Óperunni Lulu eftir Alban Berg. Gissur Páll hefur fengið Íslensku tónlistarverðlaunin og heldur áfram að syngja sig inn í hjörtu Íslendinga. Hann hefur verið á fullu allan desembermánuð og öll hin líka. Þetta er svona lokahnykkur í þeirri törn.“

Tónleikarnir í Hörpu verða annað kvöld, miðvikudaginn 30. desember, á nýársdag og laugardaginn 2. janúar og tónleikarnir í Hofi á Akureyri verða sunnudaginn 3. janúar.
**gun@frettabladid.is**



Í fyrra sungu Óperudraugarnir fyrir fullum sal í Hörpu, aftur og aftur og sagan endurtók sig á Akureyri.

herra GARÐURINN
-klæðir þig vel
KRINGLAN - SMÁRALIND
568 9234 544 2410

FLUGFÉLAG ÍSLANDS
AIR ICELAND

**Herragarðurinn og Flugfélag Íslands kynna:**

# ÓPERU DRAUGARNIR

Snúa aftur með hátíðartónleika á áramótunum í Norðurljósasal Hörpu og í Hofi á Akureyri

**Sýningar:**
30. desember kl 20:00, Norðurljós Hörpu
1. janúar kl 16:00, Norðurljós Hörpu **(örfá sæti laus)**
2. janúar kl 16:00, Norðurljós Hörpu **(örfá sæti laus)**
3. janúar kl 16:00, Menningarhúsinu Hofi Akureyri
3. janúar kl 20:00, Menningarhúsinu Hofi Akureyri

**Miðasala er hafin á harpa.is og mak.is**


















# Hvað? Hvenær? Hvar? Þriðjudagur

## 29. DESEMBER 2015

### Tónlist

**Hvað?** Kvartett Mikaels Mána
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Kex hostel

Djasskvöld Kex hostels hafa fest sig rækilega í sessi en í kvöld kemur fram kvartett gítarleikarans Mikaels Mána Ásmundarsonar. Auk hans skipa hljómsveitina þeir Sölvi Kolbeinsson á saxófón, Tómas Jónsson á orgel og Kristófer Rodriguez Svönuson á trommur. Þeir munu flytja blúsaða djassstandarda. Allir fjórir eru nýlega útskrifaðir úr Tónlistarskóla FÍH. Aðgangur er ókeypis.



**Hvað?** Reykjavíkurdætur
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Græni hatturinn, Akureyri

Reykjavíkurdætur bregða sér norður og leika fyrir gesti á Græna hattinum í kvöld, en þær hafa fyrir löngu stimplað sig inn sem eitt vinsælasta band landsins. Miðaverð er 2.900 krónur og átján ára aldurstakmark inn á tónleikana.



Bjartmar lætur til sín taka á Café Rosenberg

**Hvað?** Bjartmar Guðlaugsson
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Café Rosenberg

Bjartmar Guðlaugsson er fyrir löngu búinn að stimpla sig inn í íslenskt tónlistarlíf, og mun hann gleðja gesti Café Rosenberg í kvöld er hann mætir og leikur lög sín.

**Hvað?** Karaókíkvöld
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Gaukurinn

Karaókíkvöld á Gauknum í kvöld þar sem gleðin verður við völd. Aðgangur er ókeypis.

**Hvað?** Tónleikar Moses Hightower
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Húrra, Naustunum

Moses Hightower heldur sína seinni tónleika á Húrra í kvöld, en bandið steig einnig á svið þar í gær við góðar undirtektir. Verður stiklað á stóru, en sveitin hefur gefið út alls þrjár plötur síðan árið 2010 og vinnur að nýrri plötu, sem væntanleg er á næsta ári. Miðasala fer fram á tix.is.

# Ian Gillan hefði líklega klórað sér í höfðinu

ROKKÓPERA

**Jesus Christ Superstar**

★★★★½

**Harpa**

Það var öllu tjaldað til í Eldborgarsalnum í Hörpu á þriðja degi jóla, þegar Jesus Christ Superstar var sett upp. Um er að ræða tónleikaútgáfu af einni vinsælustu rokkóperu allra tíma eftir Andrew Lloyd Webber og Tim Rice.

Tónlistarstjóri í uppfærslunni var Friðrik Karlsson en hann hefur spilað í Jesus Christ Superstar sýningum á vegum fyrirtækis Andrews Lloyd Webber, í Bretlandi og Ástralíu. Allur tónlistarflutningur var til mikillar fyrirmyndar, enda einvalalið hljóðfæraleikara í hljómsveitinni.

Fagmennskuna var sannarlega að finna á fleiri stöðum á sviðinu enda þarna samankominn hópur af nokkrum af bestu söngvurum þjóðarinnar. Eyþór Ingi Gunnlaugsson átti stórleik í hlutverki Jesú. Fjöldi einstaklinga hefur sungið hlutverk Jesú í gegnum tíðina en Dalvíkingurinn stimplaði sig svo sannarlega inn sem einn af þeim allra bestu. Hann gefur án efa ekkert eftir þeim allra bestu í heiminum sem hafa brugðið sér í hlutverk Jesú. Ian Gillan, sem er hinn upprunalegi Jesús, hefði án nokkurs vafa klórað sér í hausnum yfir frammistöðu Eyþórs Inga.

Þór Breiðfjörð sem lék Júdas var einnig hreint út sagt frábær og sýndi og sannaði að hann er einn fremsti söngvari þjóðarinnar. Björn Jörundur Friðbjörnsson lék Pontíus Pílatus og skilaði sínu með miklum sóma. Ragnheiður Gröndal, með sína einstöku rödd lék Maríu Magdalenu og var hennar frammistaða einkar glæsileg. Aðrir voru Ólafur Egilsson sem lék Heródes og Annas, Magni Ásgeirsson í hlutverki Péturs postula og Símons vandlætara, Jóhann Sigurðarson var fjarverandi og hljóp Bjarni Þór Kristinsson í hlutverk Kaífasar. Óskar Einarsson stýrði kór sem átti sinn þátt í að gera sýninguna eins góða og hún var.

Selma Björnsdóttir leikstýrði uppfærslunni og á skilið mikið lof fyrir sitt verk. **gunnarleo@frettabladid.is**

**NIÐURSTAÐA:** Virkilega fáguð og flott sýning í alla staði, þrátt fyrir örlítið hljóðnemavesen og það tók hljóðið smástund að verða mjög gott í salnum.



**Björn Pontíus og Eyþór Jesús í drungalegri senu.** MYND/MUMMI LÚ

## Sýningar

**Hvað?** Gömul jólatré
**Hvenær?** 10.00-17.00
**Hvar?** Þjóðminjasafnið/Safnahúsið, Hverfisgötu
Sýning á gömlum jólatrjám stendur yfir í Safnahúsinu í desember. Trén eru úr safneign Þjóðminjasafnsins, þar sem þau hafa undanfarin ár verið til sýnis en eru nú í lestrarsal Safnahússins.



**Moses Hightower verður á Húrra í kvöld.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**Hvað?** Hátíðarsýning stórmyndarinnar Suffragette
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** Háskólabíó
Femínistafélag Háskóla Íslands í samstarfi við Kvenréttindafélag Íslands og Reykjavíkurborg stendur fyrir sérstakri hátíðarsýningu af stórmyndinni Suffragette. Myndin fjallar í um baráttu einna fyrstu femínistanna, þar sem konur börðust ötullega fyrir kosningarétti sínum. Gestum er boðið upp á léttvín og sódavatn í hálftíma fyrir sýningu.

## Leiklist

**Hvað?** Örverkið Myllan
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Gaflaraleikhúsið
Frumraun þeirra Ragnars Péturs Jóhannssonar og Jónasar Alfreðs Birkissonar í leikritaskrifum, leik og pródúseringum verður dregin fram í dagsljósið í dag, og verður aðeins um þessa einu sýningu að ræða. Sýningin er um hálftíma löng og er aðgangseyrir 1.000 krónur.


**Guði sé lof að Jesús Kristur, Drottinn vor, frelsar...**

www.versdagsins.is



# OPNUNARTÍMI
## UM HÁTÍÐIRNAR

Vínbúðirnar á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri, Reykjanesbæ og Selfossi

| | |
|---|---|
| Þriðjudagur 29. desember | 11.00 - 18.00 |
| *Skeifan, Dalvegur og Skútuvogur* | 10.00 - 20.00 |
| Miðvikudagur 30. desember | 10.00 - 20.00 |
| Fimmtudagur 31. desember | 10.00 - 14.00 |
| Föstudagur 1. janúar – nýársdagur | Lokað |
| Laugardagur 2. janúar | 11.00 - 18.00 |
| *Reykjanesbær og Selfoss* | 11.00 - 16.00 |
| Sunnudagur 3. janúar | Lokað |
| Mánudagur 4. janúar | Talning |

Sjá nánar um opnun einstakra búða þennan dag á vinbudin.is

Nánari upplýsingar um opnunartíma er að finna á **vinbudin.is**

VÍNBÚÐIN




21:50
**REGARDING SUSAN SONTAG**
Vönduð heimildamynd frá HBO um rithöfundinn og mannréttindafrömuðinn Susan Sontag. Hér er farið yfir magnað og viðburðarríkt lífshlaup konu sem setti svip sinn á bókmenntasöguna.

FRÁBÆR
**ÞRIÐJUDAGUR**

Fáðu þér áskrift á **365.is**

365




19:50
**MOM**
Önnur gamanþáttaröðin um einstæðu móðurina, Christy sem hefur háð baráttu við bakkus en er nú að koma lífi sínu á rétt ról.



20:15
**EMPIRE**
Skemmtileg þáttaröð um tónlistarmógúlinn Lucious Lyon og fjölskyldu hans sem lifa og hrærast í tónlistarbransanum þar sem samkeppnin er afar hörð.



22:10
**LEGENDS**
Hörkuspennandi þættir um Martin Odum sem starfar fyrir bandarísku alríkislögregluna FBI.



22:00
**ANCHORMAN 2: THE LEGEND CONTINUES**
Ron Burgundy er boðið að gerast fréttaþulur á glænýrri sjónvarpsstöð sem jafnframt er fyrsta fréttastöðin sem sendir út allan sólarhringinn.




21:40
**PRESSA**
Rammíslensk spennuþáttaröð í sex hlutum eftir Óskar Jónasson og Sigurjón Kjartansson.



Krakka stöðin 19:00
**LÁSI LÖGGUBÍLL**
Frábær teiknimynd um Lása löggubíl og ævintýri sem hann lendir í á hverjum degi.


©2015 Home Box Office, Inc. All rights reserved. HBO® and all related programs are the property of Home Box Office, Inc.

Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 310 kr. á dag. 365.is




# DAGSKRÁ

# Þriðjudagur

## STÖÐ 2

**07.00** Barnatími Stöðvar 2
**07.01** Svampur Sveinsson
**07.25** Scooby-Doo! Leynifélagið
**07.45** Brunabílarnir
**08.05** Junior Masterchef Australia
**08.55** The Middle
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** The Doctors
**10.20** The Night Shift
**11.05** Victoria's Secret Fashion Show
**11.50** Suits
**12.35** Nágrannar
**13.00** The Fault in Our Stars
**15.05** Surviving Jack
**15.30** Yes Man
**17.20** Bold and the Beautiful
**17.40** Nágrannar
**18.05** Simpson-fjölskyldan
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.47** Íþróttir
**18.55** Ísland í dag
**19.25** **Anger Management** Fjórða syrpa þessara skemmtilegu gamanþátta með Charlie Sheen í aðalhlutverki og fjallar um Charlie Goodson, sem er skikkaður til að leita sér aðstoðar eftir að hafa gengið í skrokk á kærasta fyrrverandi eiginkonu sinnar.
**19.50** **Mom** Önnur gamanþáttaröðin um einstæðu móðurina, Christy, sem hefur háð baráttu við Bakkus en er nú að koma lífi sínu á rétt ról. Hún ákveður að hefja nýtt líf í Napa Valley í Kaliforníu en það eru margar hindranir í veginum, ekki síst í hennar eigin fjölskyldu. Þættirnir eru úr smiðju Chuck Lorre, sem er maðurinn á bak við nokkrar af vinsælustu gamanþáttaraðir nútímans, t.d. Two and a Half Men, The Big Bang Theory og Mike & Molly.
**20.15** **Empire** Önnur þáttaröðin um tónlistarmógúlinn Lucious Lyon og fjölskyldu hans sem lifir og hrærist í tónlistarbransanum þar sem samkeppnin er afar hörð.
**21.05** Legends
**21.50** Regarding Susan Sontag
**23.30** Catastrophe
**23.55** Mistresses
**00.40** Backstrom
**01.25** 42
**03.30** Brake
**05.00** Fréttir og Ísland í dag

## SPORT

**10.50** Hólmurinn heillaði
**12.05** Ítalski boltinn
**13.45** Domino's-deild kvenna
**15.25** Spænski boltinn
**17.05** Spænsku mörkin
**17.35** NBA - Regular Season
**19.30** La Liga Report
**20.00** NFL 2015/2016
**22.20** League Cup 2015/2016

## SPORT 2

**08.20** Premier League
**10.00** Premier League
**11.40** Premier League
**13.20** Premier League
**15.00** Premier League
**16.40** Premier League
**18.20** Messan
**19.35** Premier League
**21.45** Premier League Review
**22.40** Premier League
**00.20** Premier League

## GOLFSTÖÐIN

**08.10** Samsung Unglingaeinvígið
**09.05** Hero World Challenge
**14.05** PGA Tour 2015 – Highlights
**15.00** Franklin Templeton Shoot-out
**19.00** Hero World Challenge

## STÖÐ 3

**18.40** One Big Happy
**19.05** Schitt's Creek
**19.30** Project Runway
**20.55** One Born Every Minute
**23.15** Mayday: Disasters
**00.00** Last Ship
**00.40** One Big Happy
**01.05** Schitt's Creek
**01.25** Project Runway
**02.50** One Born Every Minute
**05.05** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00** Könnuðurinn Dóra
**07.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**07.45** Doddi litli og Eyrnastór
**07.55** Tommi og Jenni
**08.00** Áfram Diego, áfram!
**08.24** Svampur Sveinsson
**08.49** Rasmus Klumpur og félagar
**08.55** UKI
**09.00** Lukku-Láki
**09.23** Kalli á þakinu
**09.47** Hvellur keppnisbíll
**10.00** Brunabílarnir
**10.25** Skógargýrið Húgó
**10.47** Ævintýraferðin
**11.00** Könnuðurinn Dóra
**11.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**11.45** Doddi litli og Eyrnastór
**11.55** Tommi og Jenni
**12.00** Áfram Diego, áfram!
**12.24** Svampur Sveinsson
**12.49** Rasmus Klumpur og félagar
**12.55** UKI
**13.00** Lukku-Láki
**13.23** Kalli á þakinu
**13.47** Hvellur keppnisbíll
**14.00** Brunabílarnir
**14.24** Skógargýrið Húgó
**14.49** Ævintýraferðin
**15.00** Könnuðurinn Dóra
**15.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**15.45** Doddi litli og Eyrnastór
**15.55** Tommi og Jenni
**16.00** Áfram Diego, áfram!
**16.24** Svampur Sveinsson
**16.49** Rasmus Klumpur og félagar
**16.55** UKI
**17.00** Lukku-Láki
**17.23** Kalli á þakinu
**17.47** Hvellur keppnisbíll
**18.00** Brunabílarnir
**18.24** Skógargýrið Húgó
**18.49** Ævintýraferðin
**19.00** Lási löggubíll

## GULLSTÖÐIN

**10.45** The Big Bang Theory
**11.10** Friends
**11.30** The New Girl
**11.55** Modern Family
**12.15** Á uppleið
**12.40** Matarást með Rikku
**13.05** Um land allt
**13.35** Um land allt
**14.05** Feðgar á ferð
**14.30** Dulda Ísland
**15.25** Eitthvað annað
**16.00** Bó og Bubbi saman í Hörpu
**17.45** Fókus
**18.05** Fókus
**18.30** Margra barna mæður
**19.10** Veistu hver ég var?
**19.55** Þær tvær
**20.15** Poppsvar
**21.00** Heimsendir
**21.40** Pressa
**22.30** Pressa
**23.15** Pressa
**00.00** Fóstbræður
**00.35** Fóstbræður
**01.00** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## BÍÓSTÖÐIN

**09.55** The Amazing Spider-Man 2
**12.15** Jack the Giant Slayer
**14.15** Hysteria
**15.55** The Amazing Spider-Man 2
**18.20** Jack the Giant Slayer
**20.20** Hysteria
**22.00** Anchorman 2: The Legend Continues
**00.00** Hours
**01.35** Colombiana
**03.20** Anchorman 2: The Legend Continues

## RÚV

**08.00** KrakkaRÚV
**08.01** Froskur og vinir hans
**08.08** Vinabær Danna tígurs
**08.20** Veistu hvað ég elska þig mikið
**08.32** Kata og Mummi
**08.43** Tillý og vinir
**08.55** Dóta læknir
**09.18** Babar
**09.40** Drekar
**10.05** Undraveröld Gúnda
**10.15** Munaðarleysingjar í náttúrunni
**11.05** Spy Kids
**12.35** Sirkushátíð í Monte Carlo
**14.00** Áhrifakonur heimsins
**14.50** Landakort
**14.55** Rétt viðbrögð í skyndihjálp
**15.05** Tannhvöss tengdamamma
**16.45** Tatler: Á bakvið tjöldin
**17.45** Táknmálsfréttir
**17.55** KrakkaRÚV
**17.56** Hopp og hí Sessamí
**18.20** Millý spyr
**18.27** Sanjay og Craig
**18.50** Krakkafréttir
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Kastljós - samantekt
**20.20** **Ferðin heim** Íslensk heimildarmynd um mannlífið og náttúruna á einum afskekktasta stað Íslands; Árneshreppi á Ströndum.
**21.20** Fröken Friman fer í stríð
**22.25** **Adele** Glænýr tónlistarþáttur frá BBC. Hin geysivinsæla Adele flytur gömul lög sín og ný fyrir áhorfendur í sal.
**23.30** Lord of the Rings: The Two Towers
**02.25** Kastljós – samantekt
**03.10** Dagskrárlok

## SKJÁREINN

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**08.00** Dr. Phil
**08.40** Kitchen Nightmares
**09.30** Secret Street Crew
**10.20** Everybody Loves Raymond
**10.40** Younger
**11.05** Jennifer Falls
**11.30** Playing House
**11.50** Odd Mom Out
**12.15** Life in Pieces
**12.40** Grandfathered
**13.00** The Grinder
**13.25** The Muppets
**13.50** The McCarthys
**14.15** Design Star
**15.05** Judging Amy
**15.50** The Voice
**16.35** Eureka
**17.25** America's Funniest Home Videos
**17.50** Dr. Phil
**18.30** The Tonight Show
**19.10** The Late Late Show
**19.50** Black-ish
**20.15** The Good Wife
**21.00** Madam Secretary
**21.45** Elementary
**22.30** Grilled
**23.55** The November Man
**01.45** Extant
**02.30** Madam Secretary
**03.15** Elementary
**04.00** Pepsi MAX tónlist

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

# BOMBA

bomba.is

## FLOTTASTA FLUGELDASÝNINGIN

Opnunartími okkar:

28. des. – 30. des.
10.00 – 22.00

31. des.
09.00 – 16.00

Bomba flugeldar
Víkurhvarfi 6
203 Kópavogi
www.bomba.is

Við erum á facebook.

# Eyða jólafríinu í að skutla ókunnugum ókeypis milli staða

**Systrunum Sunnu Dís og Filippíu Lind** fannst ótækt að sjá eldra fólk staulast lafhrætt um á klakanum. „Það er mikilvægt að hjálpast að.“



Systurnar eru yfir sig ánægðar með viðbrögðin og rúnta með þá sem þess óska á kagga móður sinnar. Fólk getur sent þeim skilaboð í gegnum Facebook eða hreinlega hringt í síma 777-6931. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

„Við vorum búnar að vera að hugsa mikið um klakann sem er á gangstéttunum og hvernig það væri fyrir eldra fólk að ganga í svoleiðis færð. Sér í lagi fólk sem ekki hefur bíl og þarf að koma sér á milli staða, svo sem í búðir eða annað. Þeir sem ekki hafa tök á slíku eru oft bara í hálfgerðu stofufangelsi,“ segir Sunna Dís Jónasdóttir sem ásamt systur sinni, Filippíu Lind Geirsdóttur, tók upp á að bjóða hverjum þeim sem vildi, upp á skutl án nokkurs endurgjalds, á svokallaðri Skutlara-fésbókarsíðu í gær og hafa viðbrögðin ekki látið á sér standa. „Það er greinilega margt fólk þarna úti sem er í vandræðum, og skilaboðum hefur rignt inn hjá okkur á Facebook-síðurnar okkar, þar sem fólk segist munu fegið nýta þessa þjónustu,“ segir Sunna og bætir við að mikilvægt sé að hjálpa öðrum eftir fremsta megni. „Ég á ekki einu sinni bíl,“ segir hún og skellihlær, en þær systur hafa hertekið bíl móður sinnar, sem sjálf er í jólafríi og getur þannig vel séð af bílnum meðan dæturnar láta gott af sér leiða. „Maður er alltaf eitthvað á ferðinni, af hverju ekki að kippa einhverjum með sem þarf á að halda? Sjálf er ég einstæð móðir og bíllaus, og hef oft hugsað með mér að það væri gott að fá aðstoð.“

Segist Sunna margoft hafa hugsað sér að láta eitthvað gott af sér leiða, en svo hafi hún séð eldri mann á gangi í gær, þar sem hann gekk á sannkölluðum skjaldbökuhraða yfir klakann. „Það var kornið sem fyllti mælinn, svo við létum verða af því að setja þetta inn á síðuna. Í framhaldinu hafa svo fjölmargir aðrir boðið fram aðstoð sína, og þá sjáum við hvernig þetta hefur í raun ekki beint með okkur að gera, við fengum bara hugmynd á réttum tíma sem vindur svo upp á sig,“ bendir hún himinlifandi á.

Sunnu og Filippíu er mikið í mun að það komi fram að ekki séu þær að skutla gegn gjaldi, og þær hafi ekki áhuga á að vekja athygli á sjálfum sér, heldur snúist þetta um að vekja athygli á að fjöldi fólks er í vandræðum með að koma sér milli staða vegna færðarinnar, enda stórhættulegt oft á tíðum að hætta sér út á svellbunkana sem sums staðar hafa myndast.

**MAÐUR ER ALLTAF EITTHVAÐ Á FERÐINNI, AF HVERJU EKKI AÐ KIPPA EINHVERJUM MEÐ SEM ÞARF Á AÐ HALDA? SJÁLF ER ÉG EINSTÆÐ MÓÐIR OG BÍLLAUS, OG HEF OFT HUGSAÐ MEÐ MÉR AÐ ÞAÐ VÆRI GOTT AÐ FÁ AÐSTOÐ.**

„Þó við tölum til eldra fólks, þá er öllum velkomið að hafa samband við okkur,“ segir Sunna, og bendir á að þær systurnar séu sérlega opnar og skemmtilegar, og komi til með að skutla fólki saman, þannig geti þær einmitt slegið tvær flugur í einu höggi, eytt saman dýrmætum tíma og hjálpað þeim sem á þurfa að halda.

gudrun@frettabladid.is



# HÁGÆÐA HÁRVÖRUR FRÁ LABEL.M

*Label M hársnyrtivörurnar eru komnar í Iceland á frábæru verði!*



label.m
PROFESSIONAL
HAIRCARE




**ÓTRÚLEGT VERÐ!**

kr. stk.
**2499**

**FRÁBÆRT VERÐ Á HÁGÆÐA HÁRVÖRUNUM FRÁ LABEL.M**

Verð birt með fyrirvara um prentvillur. Gildir á meðan birgðir endast.

## Vaxtalaus jólareikningur Netgíró*
## Þú borgar jólainnkaupin **1. febrúar 2016**

*Þú borgar enga vexti en greiðir 195 kr. tilkynningar- og greiðslugjald (ef upphæð er yfir 3.000 kr. annars 0 kr.) og lántökugjald 3,95%




OPIÐ 24 TÍMA

**OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN**
**ICELAND, ENGIHJALLA,**
**VESTURBERGI OG ARNARBAKKA**

**Iceland**

Jólahappdrætti
# Krabbameins- félagsins

Útdráttur
24. desember 2015

## Vinningar

**Mazda CX-5 Vision AWD 2.0 að verðmæti 5.870.000 kr.**
41182

**Greiðsla upp í bifreið eða íbúð að verðmæti 1.000.000 kr.**
56302
5227

**Úttekt hjá ferðaskrifstofu eða verslun að verðmæti 200.000 kr.**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 2766 | 32188 | 58916 | 76116 | 94295 | 117251 | 136174 |
| 4522 | 33992 | 58990 | 78305 | 101078 | 121046 | 136695 |
| 5320 | 35613 | 59843 | 80729 | 102638 | 121879 | 137817 |
| 7909 | 36333 | 60186 | 81070 | 103038 | 122174 | 138933 |
| 8391 | 39796 | 60536 | 83141 | 105018 | 122349 | 141094 |
| 10294 | 45823 | 63089 | 84915 | 106312 | 123407 | 141173 |
| 11112 | 53910 | 64738 | 85990 | 107477 | 125605 | 141861 |
| 14108 | 54896 | 67705 | 88930 | 108800 | 125709 | 142778 |
| 15044 | 55816 | 70552 | 89342 | 111671 | 126469 | 143619 |
| 15567 | 55947 | 72481 | 89737 | 114321 | 127309 | 145660 |
| 20756 | 56952 | 73263 | 91170 | 114426 | 129093 | 149193 |
| 22276 | 57897 | 74129 | 93945 | 115543 | 129658 | 150412 |
| 22658 | 58032 | 74781 | 94203 | 116105 | 133453 | |

**Úttekt hjá ferðaskrifstofu eða verslun að verðmæti 100.000 kr.**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 347 | 15265 | 39966 | 69418 | 86143 | 116386 | 136025 |
| 1077 | 16037 | 40467 | 69737 | 86509 | 117782 | 136821 |
| 2002 | 19178 | 44318 | 72291 | 87868 | 118200 | 138034 |
| 2286 | 21033 | 46447 | 73091 | 89732 | 121056 | 139505 |
| 3128 | 21071 | 47673 | 73184 | 90618 | 121366 | 141228 |
| 3470 | 23514 | 47773 | 75811 | 94089 | 121415 | 141739 |
| 4171 | 24442 | 48725 | 75812 | 94770 | 123382 | 146181 |
| 5787 | 25318 | 52110 | 75901 | 95394 | 125533 | 146676 |
| 6230 | 25943 | 56035 | 75916 | 95972 | 126391 | 147588 |
| 6365 | 26041 | 56718 | 77039 | 96776 | 126825 | 149015 |
| 8390 | 26985 | 60220 | 77518 | 98401 | 129194 | 149867 |
| 11052 | 27862 | 62430 | 80551 | 99873 | 130205 | 151389 |
| 12340 | 30800 | 62725 | 81025 | 101735 | 130374 | 151778 |
| 12808 | 31327 | 62877 | 83125 | 106913 | 130484 | 152811 |
| 13952 | 31667 | 63209 | 83585 | 107721 | 130594 | 153120 |
| 13998 | 33429 | 64272 | 84410 | 107776 | 131561 | 153985 |
| 14711 | 37629 | 64536 | 85497 | 110593 | 132655 | |
| 14919 | 38825 | 66431 | 85984 | 113467 | 133680 | |
| 15138 | 39928 | 67167 | 86094 | 116343 | 134858 | |

Krabbameinsfélagið þakkar landsmönnum veittan stuðning.

Handhafar vinningsmiða framvísi þeim á skrifstofu Krabbameinsfélagsins að Skógarhlíð 8, sími 540 1900.

Byrjað verður að greiða út vinninga þann 12. janúar nk.

Krabbameinsfélagið
www.krabb.is

Birt án ábyrgðar






GRÍN, HASAR OG RÓMANTÍK
**Á BÍÓSTÖÐINNI**

Bíóstöðin er hluti af Skemmtipakkanum þar sem boðið er upp á kvikmyndir allan sólarhringinn. **Með því að greiða 1.990 kr. aukalega færðu endalaust tal og 1 GB í GSM.**

365.is | Sími 1817 365




**Vigdís Hauksdóttir sést hér ásamt kettinum Taco en ferfætlingurinn virðist vera að búa sig undir að stökkva á jólaskrautið sem Vigdís heldur á.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Hasar á heimili Vigdísar um jólin

Framsóknarkonan **Vigdís Hauksdóttir** fékk sér kött fyrir skömmu en sá hefur heldur betur lífgað upp á hátíðarnar á heimilinu. Kötturinn, sem ber nafnið Taco, er mikill prakkari líkt og eigandinn.

Mikill hasar hefur verið á heimili framsóknarkonunnar Vigdísar Hauksdóttur yfir hátíðarnar, þar sem að nýjasti fjölskyldumeðlimurinn þar á bæ hefur hlaupið upp og niður jólatréð með tilheyrandi jólakúlubrauki og -bramli. „Hann er búinn að vera mjög aktívur vægast sagt og lítur á jólatréð sem leikfang. Það ríkir stríðsástand á heimilinu, kötturinn hleypur upp og niður jólatréð og er gjörsamlega trítilóður,“ segir Vigdís um nýjasta fjölskyldumeðliminn, köttinn Taco.

Umræddur köttur kom inn á heimili Vigdísar fyrir skömmu, eftir að börn Vigdísar höfðu mælt með ættleiðingu kattar um nokkurt skeið. „Krakkarnir hafa nöldrað um að fá kött mjög lengi. Ég fæddist og ólst upp í sveit og hefur mér því alltaf fundist eins og kettir og önnur húsdýr eigi heima í útihúsum. Það var svo þegar dóttir mín sýndi mér mynd af þessum ketti, sem var munaðarlaus, en hann fannst í yfirgefnu húsi og var þá bara pínulítill kettlingur, að ég lét undan,“ segir Vigdís.

Taco er þó ekki köttur í bóli bjarnar eins og segir í orðatiltækinu, því Vigdís hefur gaman af kettinum þó svo að hann hafi valdið talsverðu fjaðrafoki og brotið nokkrar jólakúlur. „Ég hef lúmskt gaman af þessu, ég er auðvitað prakkari sjálf og skil hann svo sem nokkuð vel. Þetta er fyrsta gæludýrið okkar, fyrir utan páfagaukatilraunirnar. Þessi köttur er svo mikil týpa að það er ekki annað hægt en að kunna vel við hann. Það fóru samt aldrei fleiri en fimm jólakúlur upp í einu því hann trylltist alveg þegar hann sá kúlurnar fara upp,“ segir Vigdís og hlær. Hún passaði þó upp á að setja ekki mikilvægustu jólakúlurnar á tréð í ár til að forða þeim frá tortímingu.

**ÉG HEF LÚMSKT GAMAN AF ÞESSU, ÉG ER AUÐVITAÐ PRAKKARI SJÁLF OG SKIL HANN SVO SEM NOKKUÐ VEL. ÞETTA ER FYRSTA GÆLUDÝRIÐ OKKAR, FYRIR UTAN PÁFAGAUKATILRAUNIRNAR. ÞESSI KÖTTUR ER SVO MIKIL TÝPA AÐ ÞAÐ ER EKKI ANNAÐ HÆGT EN AÐ KUNNA VEL VIÐ HANN.**

Taco er læða, sem er nú að verða fjögurra mánaða gömul en hún var einungis tæplega mánaðar gömul þegar hún kom inn á heimili Vigdísar. „Litla greyið var pínulítil þegar hún kom til okkar og rúmaðist í lófanum. Þessi kisa er greinilega á unglingastiginu núna og það er ótrúlega mikill leikur í henni.“

Jólatréð sem er normannsþinur hefur hentað kettinum vel til athafna sinna. „Normannsþinurinn hefur veitt honum einstaklega góða viðspyrnu, því greinarnar eru „á hæðum“ öfugt við furu sem við erum vön að hafa, en furan var uppseld þegar átti að kaupa hana. Ekki hefði hún heldur getað verið svona mikið í trénu ef það væri rauðgreni, sem stingur svakalega.“ Taco hefur þó ekki enn náð að velta trénu, þó hún hafi eytt megninu af jóladeginum ein á heimilinu. „Jólatrésfóturinn er þungur, þannig að hún hefur ekki náð að henda því niður. Við höfum samt þurft að herða upp á trénu þrisvar sinnu,“ bætir Vigdís við létt í lundu.

Nú þegar gamlárskvöld er á næsta leiti er ekki úr vegi að spyrja Vigdísi hvernig hún ætli að vernda Taco fyrir sprengingunum utan dyra og öllum þeim látum sem fylgja gamlárskvöldinu. „Ég er eiginlega ekki búin að pæla neitt í því. Ég vona að hún drepist ekki úr hræðslu greyið. Við látum fara vel um hana,“ segir Vigdís, sem fór greinilega ekki í jólaköttinn í ár, heldur fékk sér jólakött.

**gunnarleo@frettabladid.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir *svansi@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Bryndís Hauksdóttir *bryndis@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Jónatan Atli Sveinsson *jonatan@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*




| | 30. DESEMBER | 31. DESEMBER | 01. JANÚAR | 02. JANÚAR |
|---|---|---|---|---|
| SKEIFAN | TIL KL. 00 | LOKAÐ | FRÁ KL. 11 | 24/7 |
| HÖFÐABAKKI | 16-22 | LOKAÐ | 11-22 | 11-22 |
| GARÐATORG | 11-00 | LOKAÐ | 11-00 | 11-00 |
| HJARÐARHAGI | 11-00 | LOKAÐ | 11-03 | 11-03 |
| FJARÐARGATA | 11-00 | LOKAÐ | 11-03 | 11-03 |
| SPÖNGIN | 11-00 | LOKAÐ | 11-03 | 11-03 |
| UNDIRHLÍÐ | 11-00 | LOKAÐ | 11-01 | 11-01 |
| NÝBÝLAVEGUR | 11-00 | LOKAÐ | 11-03 | 11-03 |
| KRINGLAN | 11-19 | LOKAÐ | LOKAÐ | 10-21 |

| | 30. DESEMBER | 31. DESEMBER | 01. JANÚAR | 02. JANÚAR |
|---|---|---|---|---|
| LÓUHÓLAR | 11-00 | LOKAÐ | 11-03 | 11-03 |
| SKÚLAGATA | 11-00 | LOKAÐ | 11-03 | 11-03 |
| HAFNARGATA | 11-00 | LOKAÐ | 11-00 | 11-00 |
| RJÚPNASALIR | 16-22 | LOKAÐ | 11-00 | 11-00 |
| SMIÐJUVELLIR | 16-22 | LOKAÐ | 11-00 | 11-00 |
| EYRAVEGUR | 11-22 | LOKAÐ | 11-22 | 11-22 |
| HÁAHOLT | 11-00 | LOKAÐ | 11-00 | 11-00 |
| ÞÖNGLABAKKI | 11-22 | LOKAÐ | 11-22 | 11-22 |
| HRAUNBÆR | 11-00 | LOKAÐ | 11-00 | 11-00 |
| DALBRAUT | 11-22 | LOKAÐ | 11-22 | 11-22 |

FRÉTTABLAÐIÐ
Við segjum fréttir Smáauglýsingasíminn og skiptiborð 512 5000 Vísir
Ritstjórn 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild auglysingar@frettabladid.is Prentun Ísafoldarprentsmiðja
Póstdreifing
Dreifing dreifing@postdreifing.is
Ef blaðið berst ekki 800 1177

Bakþankar

Kolbeins Tuma Daðasonar



# Starfsmaður ársins

Ákvörðunin að setja upp skautasvell á Ingólfstorgi þessi jólin var skemmtileg. Þangað fór ég einu sinni með krökkunum og gekk svo margoft fram hjá og sá aðra eiga góða stund. Starfsfólkið við svellið var afar almennilegt og tók vinnu sína alvarlega, hvort sem var á opnunartíma eða eftir lokun.

Því komst ég sjálfur að þegar ég fékk þá ótrúlega frumlegu hugmynd að renna mér yfir svellið eftir næturbrölt helgina fyrir jól. Með góða vinkonu sem vitorðsmann á meðan önnur hristi hausinn yfir vitleysunni klifruðum við yfir girðinguna. Fætur voru komnir á svellið og allt klárt fyrir rennsli – þegar hann mætti.

Í skærgulum jakka og með sígarettu í munnvikinu reif hann í úlpuna mína og benti mér vinsamlegast á að þetta væri ekki í boði. Ég sagði eitthvað á þá leið að það væru nú einu sinni jólin og ætlaði að renna mér en hann hélt nú ekki. Valið stóð á milli þess að rífa sig úr úlpunni og renna sér, rífa úlpuna og renna sér eða leggja drauminn um næturrennsli á hilluna.

Ég valdi þriðja kostinn og við röltum sem leið lá hellulagða gönguleið yfir torgið þangað til við komum að girðingunni og bjuggum okkur undir að klifra. Nei, nei, þá var hann mættur aftur. Klippti á böndin, hleypti okkur út og mig langar að segja að hann hafi jafnvel óskað okkur gleðilegra jóla. Virðing mín fyrir þessum strák varð ekkert lítil.

Hans hlutverk var að gæta svellsins þegar algjörir vitleysingar undir áhrifum væru líklegir til afreka. Hann tók hlutverkið ekki aðeins alvarlega heldur sinnti því af fagmennsku. Öllum er augljóst hver var fíflið í þessari jólasögu og ég veit hvert ég hringi þegar mig vantar næst toppmann til að sinna gæslu.







